FRÉTTABLAÐIÐ

51. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 29. FEBRÚAR 2020

COVID-19 komin til Íslands



Íslenskur karlmaður sem kom fyrir viku frá Ítalíu var í gær greindur með COVID-19 kórónaveiruna. Almannavarnir lýstu yfir hættustigi en brýnt er fyrir fólki að halda ró sinni. ➔ 6



Engin meðvirkni

Ég spila bara núna ef Bubbi hringir.

Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts og fyrrverandi trommari Dimmu, er langt frá því að vera hefðbundinn stjórnandi. ➔ 22



Lenti í frosti


Jófríður Ákadóttir um nýja plötu. ➔ 30

22 ÁRA AFMÆLI

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

ELKO

Veður



Hvessir aftur í dag, stormur á Suðausturlandi og syðst á landinu seinnipartinn. Mun hægari vindur vestanlands. Él eða snjókoma um tíma í flestum landshlutum, hiti kringum frostmark. SJÁ SÍÐU 44



Raflínur skemmdust í óveðrinu mikla í desember síðastliðnum.

Setja hundruð milljarða í að efla innviði

STJÓRNSÝSLA Til stendur að verja 900 milljörðum í eflingu innviða landsins á næstu tíu árum. Þetta kom fram þegar skýrsla og aðgerðaáætlun átakshóps um úrbætur á innviðum var kynnt í gær.

Hópurinn var skipaður í kjölfar fárviðrisins sem gekk yfir landið í desember í fyrra í og skýrslunni má finna 540 fyrirhugaðar aðgerðir. Þar af eru 194 nýjar aðgerðir og 40 aðgerðir í framkvæmdaáætlun Landsnets og dreifiveitna sem lagt er til að verði flýtt. Hinar 306 aðgerðirnar eru innan núverandi framkvæmda- og fjármálaáætlana.

Tillögur átakshópsins fela meðal annars í sér að flýta framkvæmdum á svæðisflutningakerfi raforku og jarðstrengjavæðingu dreifikerfis, einföldun leyfisveitinga vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku og að auka þar skilvirkni, endurskilgreiningu og eflingu varaafls fyrir raforku og fjarskipti, ásamt því að uppbyggingu ofanflóðavarna verði lokið árið 2030.

Kostnaður við framkvæmdirnar nemur í heild 900 milljörðum, þar af nemur flýting framkvæmda í flutnings- og dreifikerfi raforku tólf milljörðum króna og flýting ofanflóðavarna fimmtán milljörðum. **– bdj**

Ari tilnefndur til verðlauna

FJÖLMIÐLAR Ari Brynjólfsson, blaðamaður á Fréttablaðinu og nýráðinn fréttastjóri, er tilnefndur til Blaðamannaverðlauna fyrir viðtal við fjóra erlenda vagnstjóra.

Auk Ara eru Orri Páll Ormarsson á Morgunblaðinu og þau Erla Björg Gunnarsdóttir, Nadine Guðrún Yaghi og Jóhann K. Jóhannsson, á fréttamiðlum Sýnar, tilnefnd fyrir viðtal ársins.

Umsjónarmenn Kveiks fá tvær tilnefningar fyrir rannsóknarblaðamennsku, fyrir Procar-málið og Samherjamálið. Stefán Einar Stefánsson á Morgunblaðinu er tilnefndur fyrir bók sína um fall WOW.

Þrjú eru tilnefnd til Blaðamannaverðlauna ársins, Guðrún Hálfdánardóttir og Arnar Páll Hauksson hjá RÚV og Hólmfríður Helga Sigurðardóttir á Stundinni.

Tilnefningu fyrir umfjöllun ársins fengu blaðamenn á Kjarnanum, um efnahagsmál og Stundin og RÚV fyrir loftslagsmál. **– sar**



Eurovison á Alþingi



Hópur Eurovision-aðdáenda frá Noregi, Þýskalandi, Bretlandi og Íslandi heimsótti Alþingi í gær. Með þeim var Laufey Helga Guðmundsdóttir, lögfræðingur á lagaskrifstofu Alþingis, sem sjálf er dyggur fylgismaður söngvakeppninnar. Laufeyju líst afar vel á lögin í úrslitunum í kvöld. „Við eigum alveg bullandi séns," segir Laufey um möguleika Íslendinga. Hún verði að sjálfsögðu í Laugardalshöll með félögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Max elskar Ísland, KR og Reykjavíkurdætur

Hlutkesti réð því að Max Ramm flutti frá Englandi til Íslands, sem hann dáði vegna náttúrufegurðar, kuldans og sem heimkynni Reykjavíkurdætra, bestu hljómsveitar í heimi. Max fylgir Reykjavíkurdætrunum eftir víða um lönd.

SAMFÉLAG Í laginu Thirsty hoes á væntanlegri plötu Reykjavíkurdætra, Soft Spot, rappa þær stöllur svohljóðandi erindi: „Ég er að fíla mig hérna, ég tek upp vodka flöskuna, hell' uppí aðdáendurna, sorry Max, færð ekki sopa."

Sá Max sem minnst er á í laginu er breskur maður á sextugsaldri, Max Ramm, sem er aðdáandi sveitarinnar númer eitt. Hann flutti nýlega til Íslands en milli hans og hljómsveitarmeðlima eru miklir kærleikar enda missir Max varla af neinum tónleikum sveitarinnar, hvorki hér á landi né erlendis.

„Þegar við stígum á svið leitum við eiginlega strax að Max og finnum hann nánast alltaf fremstan við sviðið. Það er mjög hvetjandi," segir Steinunn Jónsdóttir, ein dætranna.

Max kom fyrst til Íslands árið 2009 með þáverandi kærustu sinni og heillaðist af landi og þjóð. „Ég hef alltaf kunnað að meta kuldann og haft áhuga á því að búa á norðurslóðum. Fyrst horfði ég til Noregs en síðan kynntist ég Íslandi og þá átti landið hug minn allan," segir Max.

Það var ekki síst íslensk tónlist sem hafði áhrif á Max. „Ég eignaðist plötu með hljómsveitinni Kukl á sínum tíma og síðan hef ég fylgst talsvert með íslenskri tónlist. Ég var til dæmis mjög hrifinn af hljómsveitinni Mammút um tíma og fór á tónleika sveitarinnar víða um heim," segir Max.

Um nokkurra ára skeið heimsótti hann Ísland 4-5 sinnum á ári og iðulega þegar Secret Solstice fór fram.

„Á Secret Solstice árið 2016 sá ég Reykjavíkurdætur fyrst á sviði," segir Max. Hann var ekkert sérstaklega hrifinn af sveitinni eftir fyrstu tónleikana en gaf þeim annan séns í næstu heimsókn sinni til landsins. „Það voru tónleikar á Nasa og þær voru stórkostlegar. Ég var þrumulostinn," segir Max.



Aðdáandinn Max Ramm ásamt Reykjavíkurdætrum fyrir tónleika í Tromsö.

> **Rétt fyrir svefninn eitt kvöldið kastaði ég upp peningi.**

Síðan þá hefur hann verið aðdáandi númer eitt og hefur fylgt sveitinni um allan heim.

„Þær eru ótrúlegar á sviði. Lögin eru góð og þær eru með ótrúlega kraftmikla sviðsframkomu. Það skiptir ekki máli hvort þær spila fyrir hundrað manns eða mörg þúsund. Þær vefja áhorfendum um fingur sér," segir Max.

Árið 2019 stóð Max á krossgötum í lífi sínu og íhugaði hvort að hann ætti hreinlega að flytja til Íslands.

„Rétt fyrir svefninn eitt kvöldið kastaði ég upp peningi. Ég heyrði þegar hann lenti en ákvað að kíkja ekki á hann fyrr en morguninn eftir. Niðurstaðan var skýr – ég átti að flytja til Íslands," segir Max.

Hann beið ekki boðanna og hefur búið hérlendis síðan og líkar lífið vel.

„Reykjavík er frábær borg og hér er nóg við að vera," segir Max. Hann vinnur hjá ÍAV, býr í miðbænum og ákvað fljótlega að velja KR sem sitt lið í íslenska boltanum. „Það var í raun bara tilviljun. Ég missti varla af leik með þeim síðasta sumar og það var stórskemmtilegt, enda landaði liðið titlinum," segir Max Ramm. **bjornth@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN

blómaval

LADY málning

25%

afsláttur

af allri LADY málningu

Litur: 5490 **SERENE BLUE** Málning: LADY Pure Color



Litaráðgjöf

Maja Ben hjá „Ég er komin heim" veitir litaráðgjöf á **laugardaginn** kl. 12-16 í **Skútuvogi**.

Græn vara

Gefum ÍS
alla helgina í
Skútuvogi
kl. 12-15

Parket

25%

afsláttur

af öllu parketi

Parket á mynd: Linen Elk 8 mm Vnr. 147430

Málningar- og parketdagar

Ótrúlegt úrval og frábært verð



Fræ

25%

afsláttur
af öllum fræjum

- Sumarblóm
- Kryddjurtir
- Matjurtir

Nú er rétti tíminn að sá



Pottamold

25%

afsláttur
af allri mold



Pottar

25%

afsláttur
af öllum pottum



Pottaplönturáðgjöf

Vilmundur Hansen verður í Blómavali í **Skútuvogi** um helgina **kl. 13-17** og veitir ráðgjöf um meðferð og umpottun pottaplantna, vorlauka, fræ og sáningu.

Pottaplöntur

25%

afsláttur
af öllum
pottaplöntum

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

OUTLET ÚTSÖLUMARKAÐUR Í SKÚTUVOGI OUTLET

TÖLUR VIKUNNAR 23.02.2020 TIL 29.02.2020

398
nemar í grunn- og framhaldsnámi voru brautskráðir frá Háskóla Íslands á laugardaginn var.

287
voru nýskráðir erlendir ríkisborgarar hér á landi á síðustu þremur mánuðum ársins 2019.

2,6
milljörðum varð ríkissjóður af í fyrra vegna skattaafslátta af hreinorkubílum.

10
Íslendingar dvelja nú í sóttkví á hóteli á Tenerife.

20%
af heildarfjölda starfsmanna á leikskóladeildum í Reykjavík eru leikskólakennarar.

Þrjú í fréttum

Fleiri verðlaun, mannanöfn og hátíðarmessur

Hildur Guðnadóttir
tónskáld



hlaut Norrænu tónlistarverðlaunin sem veitt voru í Osló í vikunni og bætti þannig nýrri styttu í stórt verðlaunasafn sitt. Hildur hlaut verðlaunin fyrir tónlist sína í sjónvarpsþáttunum Chernobyl og varð þá önnur Íslendinga til að hljóta verðlaunin. Íslensku tónlistarkonurnar Cell7 og Countess Malaise voru einnig tilnefndar til verðlauna á hátíðinni.

Eiríkur Rögnvaldsson
prófessor



lýsir yfir stuðningi við nýtt frumvarp dómsmálaráðherra þar sem lagt er til að mannanafnanefnd verði lögð niður í núverandi mynd, í umsögn sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda. Í umsögninni bendir Eiríkur á að réttur manns til nafns sé mjög ríkur og því telji hann nauðsyn á auknu frelsi. Að hans mati muni það ekki skaða íslenska tungu.

Kristján Björnsson
vígslubiskup



óskaði eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sókna til helgihalds í Þingvallakirkju. Umsókninni var hafnað en samþykkt var að taka umsóknina til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og var Kristján hissa á afgreiðslunni. Þá segist hann heldur vilja leggja meira í helgihald en draga úr.

Margir eiga sekt yfir höfði sér

Frá og með mánudeginum mega eigendur félaga sem ekki hafa skráð sig sem slíkir eiga von á sektum frá Ríkisskattstjóra. Skortur á þessari skráningu er einn þeirra þátta sem komið hafa Íslandi á „gráan lista“.

STJÓRNSÝSLA Í gær höfðu aðeins rúmlega 38 prósent skráningarskyldra lögaðila skráð raunverulega eigendur hjá Ríkisskattstjóra. Frá og með mánudeginum 2. mars verða lagðar sektir á þá sem ekki hafa staðið skil á upplýsingunum.

Að sögn Kristínar Gunnarsdóttur, sérfræðings á skrifstofu yfirstjórnar Ríkisskattstjóra, er um að ræða félög, félagasamtök og aðra aðila sem forms síns vegna eru skráð í fyrirtækjaskrá. Algengasta félagaformið sé einkahlutafélög sem séu tæplega 40 þúsund talsins, og þar hafi skil á upplýsingum verið vel viðunandi. Skil meðal tæplega 15 þúsund félagasamtaka hafi verið mjög slæm.

„Hér getur verið um að ræða foreldrafélög, kórfélög, starfsmannafélög og alls konar áhugamannafélög, sem flest eru rekin af sjálfboðaliðum. Þessi félög eru engu að síður öll skilaskyld og falla á þau sektir frá og með 2. mars skili þau ekki fullnægjandi upplýsingum,“ ítrekar Kristín.

„Ákveðins misskilning og ótta hefur gætt hjá forráðamönnum og félagsmönnum, varðandi annars vegar skyldu til að skrá raunverulega eigendur félaga og hins vegar vegna mögulegrar ábyrgðar sem í því gæti falist.

Rétt er að taka fram að skráning raunverulegra eigenda félaga á grundvelli laganna felur ekki í sér aukna ábyrgð viðkomandi einstaklinga á starfsemi þeirra, umfram þá ábyrgð sem þegar fylgir því að starfa í félögum,“ undirstrikar Kristín.

Þá tekur Kristín fram að vöntun á upplýsingum um raunverulega eigendur lögaðila sem skráðir séu í fyrirtækjaskrá sé ein af ástæðum þess að Ísland sé á hinum svokallaða „gráa lista“ í alþjóðasamfélaginu, listanum sem skapað hafi erfiðleika fyrir íslensk fyrirtæki í viðskiptum erlendis.



Enn eru í skráningarferli tæp 20 prósent af þeim 62.887 lögaðilum sem eru skráningarskyldir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Hér getur verið um að ræða foreldrafélög, kórfélög, starfsmannafélög og alls konar áhugamannafélög sem flest eru rekin af sjálfboðaliðum.**
>
> Kristín Gunnarsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu yfirstjórnar Ríkisskattstjóra

„Það er þess vegna ríkt hagsmunamál fyrir Ísland að vel takist til með tímanlega skráningu raunverulegra eigenda félaga,“ bendir Kristín á. „Vegna hagsmunanna af því að skráningu ljúki með fullnægjandi hætti verður ekki undan því vikist að fella frá og með 2. mars næstkomandi dagsektir á þá lögaðila sem enn hafa ekki skilað fullnægjandi upplýsingum um raunverulega eigendur sína til fyrirtækjaskrár Skattsins.“

Þess má geta að umræddda skráningu er hægt að gera rafrænt á vef Ríkisskattstjóra.

mhj@frettabladid.is
gar@frettabladid.is

jeep.is
ALVÖRU LÚXUSJEPPI MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI
JEEP® GRAND CHEROKEE TRAILHAWK
FÁANLEGUR MEÐ 33” EÐA 35” BREYTINGU



STAÐALBÚNAÐUR M.A.:
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Rafdrifin opnun á afturhlera
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bi-Xenon LED framljós með þvottakerfi
- 3.0 V6 250 hö. dísel, 8 gíra sjálfskipting
- 570 Nm tog
- Hátt og lágt drif
- Læsing í afturdrifi
- Hlífðarplötur undir vél, kössum og skiptingu
- Loftpúðafjöðrun
- Fjarlægðaskynjarar að framan og aftan
- Blindhornsvörn

LISTAVERÐ FRÁ: 11.490.000 KR.

ISBAND | UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep®

TAX FREE

GILDIR TIL 02.03

AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM!

TAX FREE Í VEFVERSLUN WWW.RFL.IS ALLAN SÓLAR-HRINGINN



RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI.

Katrín segir stjórnvöld vel undirbúin

Forsætisráðherra segir að fylgst hafi verið vel með þróun COVID-19 faraldursins og stjórnvöld séu ágætlega undirbúin nú þegar veiran hafi borist til Íslands. Mikilvægt sé að almenningur fylgi leiðbeiningum viðbragðsaðila.



Sóttvarnalæknir, heilbrigðisráðherra, landlæknir, dómsmálaráðherra og yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

HEILBRIGÐISMÁL „Við erum búin að vera að fylgjast með þróun þessa faraldurs frá því fyrstu fregnir af honum bárust og erum ágætlega undirbúin," segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra um þau tíðindi að COVID-19 kórónaveiran sé komin til Íslands.

Fyrsta tilfellið af COVID-19 veirunni hérlendis var staðfest í gær. Um er að ræða karlmann á fimmtugsaldri sem hafði dvalið á skíðasvæði á Norður-Ítalíu. Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis er maðurinn ekki alvarlega veikur.

Maðurinn kom til landsins síðastliðinn laugardag en svæðið þar sem hann dvaldi ásamt eiginkonu sinni og dóttur var ekki innan skilgreinds hættusvæðis. Ríkislögreglustjóri ákvað í kjölfar staðfestingar á smitinu að virkja hættustig almannavarna í samráði við sóttvarnalækni.

Katrín segir það styrkleika íslensku þjóðarinnar hvað hún standi vel saman þegar eitthvað bjáti á. „Ég veit að við munum öll leggja okkar af mörkum til að sporna gegn útbreiðslu faraldursins. Við njótum þess líka að eiga gott fagfólk og trausta innviði og getum tekist á við þetta með sameiginlegu átaki," segir Katrín.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknir héldu blaðamannafund þar sem farið var yfir stöðuna. Þar sátu landlæknir og fulltrúi Landspítala einnig fyrir svörum. Fram kom að vinna stæði yfir við að rekja ferðir mannsins. Hann er nú í einangrun á smitsjúkdómadeild Landspítalans.

Þá var greint frá því að vinnustaður mannsins og fjölskylda væru komin í einangrun. Sýni sem tekið var úr eiginkonu mannsins í gær reyndist neikvætt.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir sagði á blaðamannafundinum í gær að það hefði alltaf verið vitað að veiran myndi berast til Íslands. Í leiðbeiningum frá Landlæknisembættinu segir meðal annars að draga megi úr hættu á kórónaveirusmiti með því að gæta vel að hreinlæti.

„Við munum skerpa á þessum leiðbeiningum og síðan verðum við að sjá hvort einhverjar fleiri leiðbeiningar muni koma út. Það má alveg gera ráð fyrir fleiri smitum, hversu mörgum er ómögulegt að segja," sagði Þórólfur og bað fólk að halda ró sinni þrátt fyrir stöðuna.

Katrín segir að stjórnvöld séu vel undirbúin. „Ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki hafa unnið viðbragðsáætlanir verði útbreiðsla faraldursins hröð. Heilbrigðisyfirvöld hafa haft gott upplýsingaflæði til almennings með leiðbeiningum um varúðarráðstafanir og nú ríður á að við tökum höndum saman og fylgjum þeim leiðbeiningum vel."

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að setja á fót sérstakan stýrihóp ráðuneytisstjóra allra ráðuneyta um samfélagsleg og hagræn viðbrögð vegna faraldursins. Útbreiðsla hans hefur haft víðtæk áhrif um allan heim, bæði samfélagslega og efnahagslega. Hlutabréf hafa hrunið í kauphöllum og samdráttur er þegar farinn að gera verulega vart við sig í ferðaþjónustu.

Markaðsvirði allra félaga á aðallista Kauphallarinnar lækkaði um 135 milljarða í vikunni eða um tæp 11 prósent. Hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi hefur ekki átt verri viku síðan árið 2009.

Hlutabréfavísitalan Dow Jones féll um 1,5 prósent í gær eftir metfall á fimmtudag þegar hún féll um 4,4 prósent og alþjóðlegir markaðir hafa ekki fengið sambærilegan skell síðan í efnahagskreppunni 2008.

Í tilkynningu frá ríkisstjórninni segir að áhersla sé lögð á að styrkja samhæfingu stjórnvalda þannig að unnt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana á hverjum tíma.

adalheidur@frettabladid.is
sighvatur@frettabladid.is

Dregið úr hættu á COVID-19 kórónuveirusmiti

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt. Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Hósta og hnerra í krepptan olnboga eða í pappír þegar um kvefeinkenni er að ræða.
- Forðist náið samneyti við einstaklinga með hósta og almenn kvefeinkenni.
- Sýna aðgát í umgengni við algenga snertifleti á fjölförnum stöðum, s.s. handrið, lyftuhnappa, snertiskjái, greiðslusposa og hurðarhúna.
- Heilsa frekar með brosi en handabandi eða faðmlagi.
- Eldið vel kjöt og egg. Forðist að koma nærri lifandi dýrum á markaðstorgum.

Þetta flytur sig ekki sjálft!
(Atvinnubílar á langtímaleigu koma hreyfingu á hlutina)
SIXT langtímaleiga
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl
Verð frá:
63.900 kr. á mán án vsk.
Verð með vsk. frá: 79.236 kr. á mánuði.
Pantaðu bílinn á sixtlangtimaleiga.is.
Innifalið í langtímaleigu:
Tryggingar og gjöld
Dekk og dekkjaskipti
Þjónustuskoðanir
Hefðbundið viðhald
Sixt langtímaleiga einfaldar reksturinn
Kynntu þér kosti langtímaleigu á sixtlangtímaleiga.is eða hafðu samband við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is.

Meira girnilegt

Tilboð gilda út 1. mars

100% HREIN AFURÐ

15% afsláttur





Íslandssósur eru frábærar með helgarsteikinni

519 kr/stk



30% afsláttur

30% afsláttur af öllum kryddum frá Kryddhúsinu

Holta Kjúklingur

Kjúklingabringur

2.167 kr/kg

Verð áður 2.549 kr/kg



25% afsláttur

Þarf aðeins að hita

Drumsticks, Piri piri BBQ, Argentínu, buffaló og BBQ

1.199 kr/kg

Verð áður 1.599 kr/kg



Lambalæri stutt

1.499 kr/kg

Verð áður 1.699 kr/kg



20% afsláttur

Nauta piparsteik

3.199 kr/kg

Verð áður 3.999 kr/kg

HAGKAUP

Efling-stéttarfélag auglýsir framboðsfrest

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar hluta stjórnar félagsins fyrir kjörtímabilið 2020-2022. Að þessu sinni skal kjósa um formann, gjaldkera og 6 aðalmenn í stjórn til tveggja ára.

Tillögur skulu vera um 8 stjórnarmenn til tveggja ára samkvæmt 10. gr. laga félagsins. Þá skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga fyrir kjörtímabilið og einn varamann.

Listi uppstillingarnefndar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með mánudeginum **2. mars 2020.**

Öðrum listum ber að skila á skrifstofu félagsins fyrir kl. 16.00 föstudaginn **6. mars nk.**

Fylgja skulu meðmæli 120 félagsmanna.

Kjörstjórn
Eflingar-stéttarfélags

EFLING STÉTTARFÉLAG

Efling-stéttarfélag • Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík • Sími 510 7500

Fræ

Styrkir til frumkvöðla

Umsóknarfrestur er til 1. apríl

Fræ er fyrir frumkvöðla með hugmyndir og verkefni á frumstigi sem getur leitt af sér stærra þróunarverkefni.

Nánari upplýsingar eru á tths.is



Tækniþróunarsjóður



Páll Guðmundsson við byggingarlóð legsteinasafnsins árið 2016. Gamli bærinn er í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Páll neitar ásökunum um flutning legsteina

Byggingarleyfi fyrir legsteinasafn Páls á Húsafelli er ógilt því það uppfyllir ekki skilmála um búrekstur. Nágranni sem kærði leyfið sakar Pál um brot á minjaverndarlögum með því að flytja til legsteina. Páll hafnar því algerlega.


MINJAR Deilt hefur verið um framkvæmdir listamannsins Páls Guðmundssonar á Húsafelli í um fimm ár. Sæmundur Ásgeirsson, eigandi gamla íbúðarhússins sem stendur nærri kirkjunni og listasmiðjum Páls, hefur ítrekað kært leyfi sem Borgarbyggð hefur gefið vegna umsvifa Páls.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur nú fellt úr gildi byggingarleyfi sem byggingafulltrúinn í Borgarbyggð gaf út í maí í fyrra fyrir mannvirki sem áður var risið undir nafninu Legsteinasafn en heitir nú Legsteinaskáli.

Úrskurðarnefndin segir kærandann fullyrða að Páll hafi „fjarlægt steina í leyfisleysi úr kirkjunni þar sem þeir hafi verið geymdir og ekki fengið leyfi Minjastofnunar Íslands til flutninganna“. Vísi hann til yfirlýsingar starfsmanns Minjastofnunar um að ekki hafi verið veitt leyfi til að fjarlægja steinana af „sínum stað“ eins og skilyrt sé í lögum um menningarminjar.

Páll hafnar þessum ásökunum Sæmundar algerlega. „Listin er upphafin yfir slíkt þras,“ segir Páll sem kveðst eiga von á að málið leysist farsællega að lokum.

> **Því verður unnið að því að gera breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar af hluta lands Húsafells.**
>
> Lilja Björg Ágústsdóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar



Ekki náðist í Sæmund Ásgeirsson en Agnes Stefánsdóttir, sviðsstjóri hjá Minjastofnun, sem gaf út áðurnefnda yfirlýsingu, segist ekki vita hvort legsteinar hafi verið færðir til í Húsafelli eða ekki.

„Við höfum ekki fengið neina umsókn um leyfi til að fjarlægja steina og vitum ekki hvort það hafi verið gert eða ekki,“ segir Agnes. Hún hafi aðeins verið að svara fyrirspurn um hvort leyfi hefði verið veitt til þess að fjarlægja steina.

Agnes segir að á það sé að líta að Minjastofnun hafi ekki verið sett á laggirnar fyrr en 2013. „Við vitum að það hafa verið teknir upp steinar í görðum löngu fyrir okkar tíma en í dag þyrfti leyfi,“ segir hún og vekur athygli á því að samkvæmt úrskurðarnefndinni segi kærandinn að legsteinarnir hafi verið fjarlægðir úr kirkjunni.

„Og kirkjan er náttúrlega ekki „sinn staður“ heldur er það kirkjugarðurinn. Það er óheimilt að taka steina úr kirkjugarði þar sem þeir voru settir upphaflega án leyfis. En ef þeir eru komnir annað er enginn sem bannar þér að færa þá til.“

Lilja Björg Ágústsdóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar, segir það einlægan vilja sveitarfélagsins að samkomulag og sátt náist um skipulagið á svæðinu til frambúðar.

„Því verður unnið að því að gera breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar af hluta lands Húsafells,“ segir Lilja. „Á Húsafelli eru fáeinar byggingar sem nýtast til landbúnaðarnota en hins vegar er ferðaþjónusta og menningartengd starfsemi fyrirferðarmikil á umræddu svæði og því mikilvægt að aðalskipulagið samræmist þeim áherslubreytingum.“

Að sögn Lilju hefur Borgarbyggð þegar boðað málsaðila á Húsafelli til fundar. „Það er gert til að tryggja að hagsmunasjónarmið allra aðila komi fram.“ **gar@frettabladid.is**



Hafna því að bjarga laxi á kostnað raforkukerfisins

UMHVERFISMÁL Ekki verður hróflað við fjórum stíflum í Bandaríkjunum samkvæmt niðurstöðu skýrslu sem alríkisstjórnin sendi frá sér í gær. Þetta kemur fram í stórblaðinu Seattle Times.

Skýrslunnar hafði verið beðið með nokkurri eftirvæntingu. Hugmyndin var að rífa stíflurnar fjórar, til að gera síðustu tilraun til að bjarga hátt í tuttugu laxastofnum í útrýmingarhættu. Niðurstaðan er að sögn Seattle Times sú, að slík aðgerð myndi valda ójafnvægi í raforkukerfinu, auka heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og meira en tvöfalda hættuna á svæðisbundnu rafmagnsleysi.

Umræddar stíflur er í Snake-ánni og eru þær hluti af stóru og flóknu vatnsorkukerfi sem rekið er af alríkisstjórninni í Washington, Oregon, Idaho og Montana.

> **Við þurfum nýja hugsun og nálgun kjörinna fulltrúa í forystunni.**
>
> Todd True, lögmaður samtakanna Earthjustice



Umhverfisverndarsinnar, sem hafa um árabil þrýst á að stíflurnar verði rifnar, gagnrýna niðurstöðu skýrslunnar harðlega. „Við þurfum nýja hugsun og nálgun kjörinna fulltrúa í forystunni,“ sagði Todd True, lögmaður samtakanna Earthjustice. **– gar**

íslenska

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

TOYOTA C-HR

FER ÞÉR VEL

Toyota C-HR er eins og hugur þinn í akstri, hannaður til að gleðja augað með stílhreinum og kraftmiklum línum í rúmgóðum bíl sem búinn er tækni og þægindum frá hinu smæsta til hins stærsta.



Toyota C-HR Hybrid – verð frá: 4.840.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur af lántökugjöldum. Landsbankinn fellir niður lántökugjöld af nýjum Hybrid bílum frá Toyota á Íslandi – enda eru þeir kolefnisjafnaðir að fullu í samstarfi við Kolvið. Við fögnum þessu fagurgræna skrefi í átt að vistvænni bílakaupum. **Sjá nánar á toyota.is**

3+4 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

HYBRID

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Óttast frávísun í Hæstarétti og aukna réttaróvissu um endurupptöku mála

Eftir að fjölmiðlar greindu frá hlutafjáreign dómara í föllnu bönkunum sagði þáverandi formaður Dómarafélagsins þeim stríð á hendur. Hann er einn fimm dómara sem fjalla munu um hlutafjáreign dómara og meint vanhæfi vegna hennar í Hæstarétti 11. mars næstkomandi. Lögmenn reyna nú að lesa í aðgerðir Hæstaréttar. Óttast frávísun og viðvarandi réttaróvissu um endurupptöku mála.



Skúli Magnússon ræddi umfjöllun Fréttablaðsins um hlutafjáreign dómara við setningu aðalfundar Dómarafélagsins árið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

DÓMSMÁL Hlutafjáreign dómara við Hæstarétt varð ekki umkvörtunarefni þeirra sem leitað höfðu til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna meðferðar svokallaðra hrunmála fyrr en eftir að fjölmiðlar hófu að fjalla um fjárfestingar dómara á grundvelli gagna um Glitni sem lekið hafði verið til þeirra.

Af málsgögnum á vef MDE má sjá að á mánuðunum eftir uppljóstranir fjölmiðla sendu fjölmargir kærendur, sem þegar höfðu kvartað til MDE, viðbótarkvartanir sem lutu að meintu vanhæfi dómara við Hæstarétt vegna fjárhagstaps sem þeir höfðu orðið fyrir við fall bankanna.

Fréttir fjölmiðla, fyrst um launakjör dómara í upphafi árs 2016 og svo fjárfestingar þeirra og hlutafjáreignir í lok ársins, vöktu hörð viðbrögð innan dómarastéttarinnar og í febrúar 2016 upplýsti formaður Dómarafélagsins, Skúli Magnússon, að félagið hefði beint kvörtun, bæði til fjölmiðlanefndar og siðanefndar Blaðamannafélagsins vegna umfjöllunar Fréttablaðsins um launakjör dómara. Úrskurðað var Fréttablaðinu í vil í báðum tilvikum, enda hefðu fréttir blaðsins um launakjör dómaranna verið réttar, þótt þær hefðu mátt vera nákvæmari.

Þrátt fyrir niðurstöðu fjölmiðlanefndar og siðanefndar Blaðamannafélagsins gerði Skúli framangreinda umfjöllun fjölmiðla aftur að aðalumfjöllunarefni í setningarræðu sinni á aðalfundi Dómarafélagsins í nóvember 2017.

„Þaulskipulögð aðgerð“

Í ræðunni rakti Skúli umfjöllun Fréttablaðsins um málið. Upphaflega hefðu fréttirnar varðað ófullnægjandi tilkynningar dómaranna um hlutafjáreign sína, en svo hefði kvæðinu verið vent í kross með fréttum um að hlutaðeigandi dómarar hefðu þá verið vanhæfir í málum þess banka sem þeir áttu þessi hlutabréf í, en samt sem áður tekið þátt í afgreiðslu þessara mála.

„Almenningur átti að fá það á tilfinninguna að eitthvað meiriháttar væri að hjá dómstólunum,“ sagði Skúli í ræðu sinni. Hann lauk svo þessum þætti ræðunnar á því að saka blaðamenn Fréttablaðsins um skipulagða aðför að dómsvaldinu. „Öll þessi uppákoma byggði á illa fengnum gögnum frá Glitni banka. Því gat það ekki farið á milli mála hvaða tilgangi afhending gagnanna til blaðamanna átti að þjóna. Og allt ber að sama brunni. Um var að ræða þaulskipulagða aðgerð til að koma höggi á íslenska dómstóla, hugsanlega að reyna að knýja tiltekna dómara til að segja af sér embætti.“

Frá fjölmiðlum til MDE

Þegar þessi orð Skúla féllu á aðalfundi Dómarafélagsins í nóvember 2017 höfðu minnst sjö dómþolar í svokölluðum hrunmálum sem þegar höfðu kært mál sín til Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) sent dómstólnum viðbótarkærur vegna meints vanhæfis þeirra dómara sem dæmdu mál þeirra í Hæstarétti, þrátt fyrir að hafa tapað fjárhagslega á falli bankanna vegna hlutafjáreignar sinnar.

Ein þeirra er Sigríður Elín Sigfúsdóttir, fyrrverandi forstjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans, en áfellisdómur féll gegn ríkinu í máli hennar síðastliðinn þriðjudag á grundvelli hlutafjáreignar og taps dómarans Viðars Más Matthíassonar við fall Landsbankans. Það var niðurstaða MDE að brotið hefði verið gegn rétti Elínar til að njóta réttlátrar málsmeðferðar fyrir óvilhöllum dómstóli.

Elín og Sigurjón Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, voru bæði sakfelld fyrir markaðsmisnotkun árið 2016 en áður en dómur í máli Elínar féll í Strassborg í síðustu viku hafði endurupptökunefnd þegar fallist á beiðnir þeirra um endurupptöku dóma Hæstaréttar með vísan til þess að draga mætti hæfi dómarans Viðars Más í efa. Skömmu eftir áramót voru málin því sett á dagskrá Hæstaréttar að nýju. Annað málið var á dagskrá 4. mars og hitt þann 11. mars næstkomandi en um tvö aðskilin mál er að ræða; annars vegar svokallað Ímon-mál, en í því voru bæði Elín og Sigurjón sakfelld fyrir markaðsmisnotkun, og hins vegar síðari hluta markaðsmisnotkunarmáls Landsbankans, en Elín var ekki ákærð í þeim hluta.

> **Ávörðun Hæstaréttar um að fyrst verði fjallað eingöngu um frávísunarkröfu ákæruvaldsins þykir benda til þess að rétturinn hafi þegar ákveðið að vísa málinu frá.**

Önnur frávísun líkleg

Ákæruvaldið krefst frávísunar málsins frá Hæstarétti. Í lok síðustu viku var dagskrá Hæstaréttar breytt og málin bæði sett á dagskrá 11. mars næstkomandi. Hefur rétturinn ákveðið að fjalla fyrst eingöngu um frávísunarkröfu ákæruvaldsins í málunum báðum sameiginlega.

Lögmönnum sem Fréttablaðið hefur rætt við, ber saman um að aðskilnaður málflutnings um form- og efnishlið máls í Hæstarétti gefi sterkar vísbendingar um að vísa eigi málinu frá. Það hafi ekki gerst í 100 ára sögu Hæstaréttar að fjallað sé sérstaklega um formhliðina og kröfu um frávísun hafnað í kjölfarið. Hafi rétturinn ákveðið að taka mál til efnisumfjöllunar á annað borð sé málið allt flutt í heild sinni í einum málflutningi bæði um form og efni og dómur í kjölfarið felldur um málið, þar sem fjallað er bæði um formhlið og efnislega niðurstöðu.

Ekki er þó útilokað með vísan til nýs fordæmisgefandi hlutverks Hæstaréttar að dómurinn vilji með þessari aðgreiningu umfjöllunar um formhlið málsins fjalla ítarlega um rétt borgaranna til endurupptöku mála í kjölfar áfellisdóma frá MDE, enda sannarlega um réttaróvissu að ræða, þrátt fyrir nýlegan dóm í áþekku máli.

Réttaróvissa

Töluvert uppnám varð meðal íslenskra lögmanna þegar endurupptökumáli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar var vísað frá Hæstarétti en þeir höfðu þá unnið mál sitt gegn ríkinu í Strassborg og fengið úrskurð endurupptökunefndar um endurupptöku dóms Hæstaréttar.

Frávísunin hefur valdið réttaróvissu um hvort réttur íslenskra borgara til að fá hlut sinn réttan hér heima eftir að hafa unnið mál gegn ríkinu í Strassborg sé nægilega tryggður.

Tæpt er á þessari óvissu í umsögn Lögmannafélagsins til allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp um nýjan endurupptökudóm, eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr í mánuðinum. Þar segir að verulegur vafi sé nú á því hvort íslenska ríkið geti lengur fullnægt skyldum sínum samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu til að fullnusta dóma MDE hérlendis.

Skúli dæmir málið

Afstöðu Hæstaréttar til endurupptöku í máli Elínar og Sigurjóns er beðið með nokkurri eftirvæntingu meðal lögmanna og í réttarkerfinu.

Það hefur verið sérlega vandasamt að setja saman fjölskipaðan dóm til að fjalla um málið, enda er það viðkvæmt fyrir Hæstarétt. Aðeins einn skipaður hæstaréttardómari situr í dómi auk tveggja dómara sem látið hafa af störfum og tveggja dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Annar þeirra er títtnefndur Skúli Magnússon, fyrrverandi formaður Dómarafélagsins.

adalheidur@frettabladid.is

Þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð:
Styrkir til félagasamtaka

Viltu vinna með utanríkisráðuneytinu á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar?

Ráðuneytið vill fjölga samstarfsaðilum á þessu sviði, sérstaklega með skírskotun til áherslu á mannréttindi og samstarf við atvinnulíf.

Ráðuneytið ætlar að verja 211 milljónum króna til verkefna á sviði þróunarsamvinnu og mannúðarmála í gegnum félagasamtök. Til mannúðarverkefna verður varið 121 milljón króna og til verkefna á sviði þróunarsamvinnu 90 milljónum króna.

Opið er fyrir umsóknir til mannúðarverkefna allt árið, með fyrirvara um að fjárheimildir kunni að vera fullnýttar áður en árið er liðið, en umsóknafrestur um styrki til þróunarsamvinnu verkefna er nú til **31. mars 2020.**

Athygli er vakin á því að þessi auglýsing er breytt frá fyrri birtingu í janúar og umsóknarfrestur framlengdur.

Nánari upplýsingar á vef Stjórnarráðsins:
utn.is/heimsljos

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Nýr e-up!

Ódýrasti rafbíllinn
260 km drægni

Verð frá
2.990.000 kr.

Litlu atriðin skipta máli

Meiri drægni en nokkru sinni fyrr. Fleiri eiginleikar á betra verði. Og enn meira hönnunarfrelsi fyrir alla sem keyra í takt við tímann: nýr e-up! gerir það enn auðveldara að eiga rafbíl.
Og einfaldlega betra.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Veldu þinn uppáhalds e-up! á www.hekla.is/volkswagensalur

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



Fjöldi var við landamæri Tyrklands og Grikklands í gær. MYND/GETTY

Tyrkir opna landamæri sín til Grikklands

TYRKLAND Tyrknesk yfirvöld munu ekki stöðva för sýrlenskra flóttamanna sem leggja leið sína yfir landamærin til Evrópu samkvæmt fréttastofu Reuters.

Þessar fréttir bárust í kjölfar frétta um aukin átök í Idlib-héraði í Sýrlandi, þar sem í það minnsta 33 tyrkneskir hermenn létu lífið á fimmtudag í árásum sýrlenska stjórnarhersins.

„Við höfum ákveðið að stöðva ekki sýrlenska flóttamenn sem reyna að komast til Evrópu á landi eða sjó. Allir flóttamenn, þar með taldir Sýrlendingar, eru nú velkomnir," sagði háttsettur tyrkneskur embættismaður í samtali við Reuters.

Að sögn tyrkneskra stjórnvalda hefur landið ekki bolmagn til að taka við fleiri flóttamönnum. Átökin í Sýrlandi eru því sögð geta valdið nýrri öldu flóttamanna til Evrópulanda. Um 3,7 milljónir flóttamanna dvelja nú þegar í Tyrklandi. **– bdj**

Hinsegin-laus svæði fordæmd

Þriðjungur sveitarfélaga og sýslna í Póllandi hefur lýst yfir að „áróður hinsegin fólks sé bannaður". Bylgjunni er stýrt af stjórnarflokknum. Límmiðar með hatursáróðri gegn hinsegin fólki sjást víða um landið.

PÓLLAND Þriðjungur sveitarfélaga og sýslna í Póllandi hefur gefið út yfirlýsingar um að „áróður hinsegin fólks sé bannaður" eða að svæði séu „LGBT laus". Eru þetta svæði í suður- og austurhluta landsins, sem eru íhaldssamari hlutar landsins og þar sem stjórnarflokkurinn Lög og réttlæti er stærstur. Evrópuráðið hefur fordæmt yfirlýsingarnar og sagt þær ganga gegn gildum Evrópusambandsins.

Bylgjan er mikið bakslag fyrir hinsegin fólk í Póllandi. Fyrir ári tilkynnti hinn frjálslyndi borgarstjóri Varsjár, Rafal Trzaskowski, að hinsegin fræðsla yrði tekin inn í skólakerfið. Jaroslaw Kaczynski, leiðtogi Laga og réttlætis, og fleiri frammámenn í flokknum gagnrýndu þetta harðlega og sögðu jafnréttislöggjöf vera útlenskan áróður sem ógnaði pólskum gildum. Verið væri að spilla börnum með því að kenna þeim um samkynhneigð og þá höfðu margir áhyggjur af stöðu kirkjunnar, sem er nátengd Lögum og réttlæti. Varð þetta að einu af aðalmálum flokksins fyrir þingkosningarnar sem haldnar voru í október síðastliðnum, þar sem Lög og réttlæti unnu stórsigur.

Í mars í fyrra varð bærinn Swidnik, í austurhluta Póllands, sá fyrsti til að lýsa yfir „frelsi frá áróðri hinsegin fólks". Síðan hafa fleiri sveitarfélög og sýslur bæst í hópinn. Í ágúst voru þau orðin 30 talsins og í dag eru þau orðin um 100. Eru þetta að langmestu leyti svæði þar sem Lög og réttlæti sækja sitt kjarnafylgi; sveitir og bæi í suður- og austurhlutanum. Þetta á þó einnig við svæði í norðri og vestri og mikill þrýstingur er í borgum á borð við Kraká, Lodz og Gdansk. Sums staðar, eins og í borgunum Bialystock og Lublin, hefur yfirlýsingum verið hafnað.



Dagblaðið Gazeta Polska dreifir hatursfullum miðum. NORDICPHOTOS/GETTY

Hinsegin fólk í Póllandi hefur mjög miklar áhyggjur af þróuninni og segir að yfirlýsingar um „bann við hinsegin áróðri" þýði í raun að hinsegin fólk sé ekki velkomið á svæðunum. Hefur samanburður verið gerður við hernám nasista í seinni heimsstyrjöldinni þar sem ákveðnir hópar fólks voru bannaðir á ákveðnum svæðum.

> **Við fordæmum harðlega alla mismunun, eða ofbeldi, á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar.**
>
> Evrópuráðið

Í desember gaf Evrópuþingið út yfirlýsingu þar sem „hinsegin lausu" svæðin í Póllandi voru fordæmd. Í febrúar gerði Evrópuráðið slíkt hið sama. „Við fordæmum harðlega alla mismunun, eða ofbeldi, á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar, sem gengur gegn grunngildum Evrópusambandsins og Mannréttindasáttmála Evrópu," segir í yfirlýsingunni. Þá sagði Helena Dalli, yfirmaður jafnréttismála ESB, að hún hefði miklar áhyggjur af líkamlegum árásum á hinsegin fólk.

Veist hefur verið að hinsegin fólki í Póllandi, bæði í gleðigöngum og annars staðar. Verður sífellt erfiðara fyrir það að búa á þessum svæðum. Sýnilegustu áhrifin eru límmiðar sem dagblaðið Gazeta Polska hefur dreift til lesenda sinna, þar sem sjá má yfirstrikaðan regnbogafánann. Þessir límmiðar hafa verið festir upp víða.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FJÓRHJÓLADRIFINN E-PACE
JAGUAR E-PACE

JAGUAR



800.000 kr. aukahlutapakki fylgir Jaguar E-Pace S D150

Aukahlutapakkinn er: Hiti í framrúðu og rúðusprautum, hiti í stýri og stýri klætt mjúku leðri, rafdrifin upphituð leður framsæti með stillingu á 10 vegu, hiti í aftursætum, 380W Meridian hljóðkerfi, sjálfvirk háljósaaðstoð, svartur útlitspakki, tvöfalt krómað púst, skyggðar rúður að aftan, lykillaus opnun, rafknúinn afturhleri, hiti í aftursætum.

Jaguar E-Pace S D150, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur.
VERÐ: 7.990.000 KR.

JAGUAR
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

ENNEMM / SÍA / NM98111 Búnaður bíls á mynd er frábrugðinn auglýstu verði

Skó PARTÝ

HEFST 28. FEB

DI-SKÓ FRI-SKÓ

50–80%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM SKÓM

VAGABOND SHOEMAKERS

ECCO®

NIKE

SKECHERS

SIXMIX®

adidas

LLOYD GERMANY

BULL BOXER

Buffalo LONDON

Gabor


Tamaris

Birt með fyrirvara um prentvillur


Toppskórinn

Markaður Smáratorgi
Outlet Grafarholti

Falinn fjársjóður fyrir alla fjölskylduna
























Reykjavík Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til

DANSKIR DAGAR
Í HÖLLINNI

Við fögnum 55 ára samfelldri sögu
Húsgagnahallarinnar og danskrar hönnunar.
Við bjóðum upp á spennandi tilboð fyrir lifandi heimili.
Vertu eins og heima hjá þér – Komdu við og fáðu þér sæti.

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN



ALLAR DANSKAR VÖRUR*

20%

AFSLÁTTUR



DC 3600

263.992 kr. ~~329.990 kr.~~

* *Gildir einungis af völdum vörum frá Skovby og ekki af sérpöntunum.*

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Höldum ró okkar



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Það var auðvitað bara tímaspursmál hvenær fyrsta tilfelli COVID-19 kórónaveirunnar kæmi upp hér á landi. Tilfellum utan Kína hefur verið að fjölga hratt á undanförnum dögum og sífellt fleiri lönd bætast í hópinn. Ógnin virtist ansi fjarlæg þegar ástandið var bundið við Kína en hefur verið að færast nær og nær.

Fjölmiðlar heimsins hafa eðlilega verið mjög uppteknir af útbreiðslu veirunnar og viðbrögðum við henni. Það getur þó verið erfitt að ná utan um ástandið, þar sem hlutirnir eru fljótir að breytast. Áhrifa er þegar farið að gæta á mörgum sviðum þeirra samfélaga þar sem flest tilfellin hafa greinst. Þá hafa fjármálamarkaðir ekki farið varhluta af ástandinu og hlutabréfavísitölur lækkað mikið. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lýst yfir neyðarástandi vegna hinnar hröðu útbreiðslu og varar við að veiran muni að lokum ná til allra landa.

Þrátt fyrir þessa alvarlegu stöðu er mikilvægt að fólk haldi ró sinni. Það sem mestu máli skiptir er að fylgja leiðbeiningum sem fagaðilar gefa, en hafa verður í huga að þær breytast í takt við framvindu mála. Það má búast við að tilfellum fjölgi hér á landi, en eins og landlæknir benti á í gær fá um 80 prósent smitaðra lítil einkenni. Lítill hópur, eða um fimm prósent, veikist alvarlega og fær lungnabólgu. Þess vegna er afar brýnt að huga að þeim sem eru í sérstökum áhættuhópum.

Nú er rúmur mánuður síðan fréttir fóru að berast af fjölda smitaðra í Wuhan-héraði í Kína. Heimsbyggðinni hefur því gefist nokkur tími til að undirbúa aðgerðir og viðbúnað. Ísland er þar engin undantekning og hægt er að nálgast greinargóðar upplýsingar um stöðu mála á vef landlæknis sem uppfærðar eru reglulega.

Á blaðamannafundi í gær beindi Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, þeim orðum að þjóðinni að vanda samtalið um þessi mál. Hann benti einnig á að ekki megi gleyma börnunum. Þau geta eðlilega orðið hrædd við svona aðstæður og því er mikilvægt að ræða málin af yfirvegun við þau.

Næstu daga og vikur munu helstu stofnanir samfélagsins þurfa að vinna saman til að lágmarka þann skaða sem veiran mun valda. Það er engin ástæða til að ætla annað en að þeir fagaðilar sem halda utan um þessi mál muni halda áfram að veita almenningi og fjölmiðlum allar nauðsynlegar upplýsingar. Eins og aðstoðarmaður landlæknis hefur bent á hagnast enginn á því að halda slíkum upplýsingum leyndum.

Það sem mestu máli skiptir er að fylgja leiðbeiningum sem fagaðilar gefa, en hafa verður í huga að þær breytast í takt við framvindu mála.



Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Hvað kostar fátækt?

Bretinn Bob Weighton varð í vikunni elsti karlmaður í heimi þegar fyrrverandi methafi lést 112 ára að aldri. Bob, sem fæddist árið 1908 í tíð Játvarðar VII, hefur lifað valdatíð fimm konunga og drottninga og séð 26 breska forsætisráðherra koma og fara.

Ekki eru fréttir af almennu langlífi í Bretlandi þó jafngóðar. Ný skýrsla sýnir að lífslíkur Breta hafa staðnað í fyrsta sinn í meira en heila öld og fara þær sums staðar minnkandi.

Árið 2010 fór Michael Marmot, fremsti faraldsfræðingur Breta, fyrir tímamótarannsókn á heilsuójöfnuði á Englandi. Sýndi hann fram á bein tengsl félagslegra og hagrænna þátta á heilsu fólks. Nú, tíu árum síðar, hefur Marmot birt tölur sem sýna þróun síðasta áratugar. Niðurstöðurnar þykja sláandi. Konur í fátækustu sveitarfélögum landsins koma verst út úr könnuninni en lífslíkur þeirra lækka um tæpt ár. Tólf ár skilja að meðalævilengd þeirra ríkustu og þeirra fátækustu. „Ef heilsa fólks er hætt að batna er þjóðfélagið hætt að batna," segir Marmot um niðurstöðurnar. „Skaðinn hefði ekki þurft að eiga sér stað. Þetta er skammarlegt."

Marmot er ekki í neinum vafa um hver sé rót vandans. „Heilsa þjóðarinnar er í heljargreipum fátæktar – fátækt takmarkar möguleika fólks til að lifa heilsusamlega." Hann kennir niðurskurði hins opinbera um sem hafi leitt til aukinnar fátæktar, bágs húsakosts og skertrar félagsþjónustu. Marmot skorar á ríkisstjórnina að vinna bug á fátækt barna sem eykst hratt, fækka láglaunastörfum þar sem starfsskilyrði eru bág og starfsöryggi lítið, sjá til þess að lágmarkslaun og bætur tryggi mannsæmandi líf og fjárfesta í fátækustu svæðum landsins.

„Flókið kerfi"

Verkfall borgarstarfsmanna í stéttarfélaginu Eflingu hefur farið fram hjá fáum. Einkum hafa kjör ófaglærðs leikskólastarfsfólks vakið umtal en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands hefur ófaglært starfsfólk í barnagæslu lægst laun af öllum starfsstéttum í landinu. Að meðaltali eru heildarlaun þess hóps 375 þúsund krónur á mánuði, fyrir skatta og launatengd gjöld. Í grein í Stundinni eftir Kolbein Stefánsson, félagsfræðing hjá Hagstofunni, kemur fram að ófaglært starfsfólk á leikskólum geti fengið um 15% hærri heildarlaun við ræstingar, 18% hærri laun fyrir að afgreiða í verslun, 24% hærri laun fyrir að vinna við handpökkun og í verksmiðju og 32,5% hærri laun við glugga- og bílaþvott.

Könnun sýnir að 60% landsmanna styðja launakröfur Eflingar. Ekki eru þó allir hlynntir því að lægstu laun hækki. Raddir um launaskrið og höfrungahlaup heyrast víða. Í Silfri Egils um síðustu helgi lýsti Bjarni Benediktsson yfir áhyggjum af kröfunum. Hann sagði lægstu laun vera hluta „af flóknu kerfi" og „ákveðin lögmál" myndu valda því að stéttir sem væru „rétt fyrir ofan þá sem eru á lægstu launum" spyrðu sig hvort það hefði verið „þess virði að fara í fimm ára háskólanám; var það þess virði að taka námslán og taka þriggja ára nám og svo mastersgráðu?"

Bjarni hefur á réttu að standa um eitt: Kröfur Eflingar eru hluti „af flóknu kerfi".

Í skýrslu sinni um lífslíkur á Englandi reiknast Michael Marmot til að heilsuójöfnuður kosti þjóðarbúið 82 milljarða punda á ári í gegnum heilbrigðiskerfið vegna heilsuleysis sem tengist fátækt, félagsþjónustu, bótakerfi og skatttekjur sem ríkið verður af.

Árið 2018 gerðu bresk stjórnvöld samanburð á því hversu hratt lífslíkur aukast í hátekjulöndum innan OECD. Aðeins tvö lönd komu verr út en Bretland. Bandaríkin. Og Ísland.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar lækkaði meðalævilengd grunnskólamenntaðra kvenna á Íslandi á árunum 2011-2018. Spurningin sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir er ekki: Höfum við efni á því að hækka lægstu laun? Hún er þvert á móti: Höfum við efni á því að gera það ekki?

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

skattur.is



Nú er framtalið þitt opið til staðfestingar

Skilafrestur er til 10. mars

Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 10. mars.

Unnt er að sækja um lengri frest á ***skattur.is*** og getur hann lengstur orðið til 13. mars.
Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Athuga skal sérstaklega hvort einhverjar upplýsingar vanti inn á framtal, s.s. verktakatekjur.

Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með tvenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum og með veflykli RSK.

Ríkisskattstjóri mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

Framtalsaðstoð

Aðstoð er veitt í síma 442-1414 mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00 til 15:30 og á föstudögum frá kl. 9:00 til 14:00. Afgreiðslur Skattsins eru opnar á sama tíma.

Föstudaginn 13. mars verður veitt aðstoð til kl. 15:30 í síma og í afgreiðslum Skattsins á Laugavegi 166 í Reykjavík og Hafnarstræti 95 á Akureyri.

Skatturinn

framtal@rsk.is

442 1414



Viktor Hovland sáttur eftir að hafa sett niður tíu metra pútt fyrir sigurinn í Púertó Ríkó. Hann varð um leið fyrsti Norðmaðurinn til að vinna mót á PGA-mótaröðinni. MYND/GETTY

Norskur kylfingur með ståltaugar

Viktor Hovland vann sitt fyrsta mót á PGA-mótaröðinni um helgina þegar hinn 22 ára gamli Norðmaður vann Puerto Rico Open. Hann skaust fram á sjónarsviðið sem áhugakylfingur á risamótunum í fyrra og er fyrsti Norðmaðurinn sem vinnur mót á PGA.

GOLF Viktor Hovland braut blað í sögu norska golfsambandsins um síðustu helgi þegar hann varð fyrsti Norðmaðurinn til að sigra á móti á PGA-mótaröðinni, innan við ári eftir að hann gerðist atvinnukylfingur. Hovland setti niður tíu metra pútt fyrir sigur á Coco Beach golfvellinum, sem kom í veg fyrir að hann þyrfti að fara í bráðabana gegn Josh Teater, og tryggði sér um leið keppnisrétt út árið 2022 og 540.000 dollara sem eru tæplega 70 milljónir íslenskra króna. Þá skaust Viktor upp um 42 sæti á styrkleikalista heimsins í golfi og er í 60. sæti, tíu sætum frá því að öðlast þátttökurétt á Masters-mótinu í apríl.

Viktor fór að leika golf ellefu ára þegar pabbi hans bjó í Bandaríkjunum og snemma varð ljóst að kylfingurinn var bráðefnilegur. Fimm árum seinna stóð Viktor uppi sem norskur meistari í höggleik. Árið 2015 ákvað Viktor að leika fyrir hönd Oklahoma State háskólans í golfi, sem er sami skóli og Rickie Fowler lék með. Með sigri á Opna bandaríska meistaramóti áhugakylfinga árið 2018 öðlaðist Viktor þátttökurétt sem áhugakylfingur á þremur risamótum ári seinna, Masters-mótinu, Opna bandaríska og Opna breska meistaramótinu.

Stærra svið virtist ekki trufla Viktor sem lék með Brooks Koepka og Francesco Molinari á fyrsta degi á Opna bandaríska og lenti í tólfta sæti á mótinu. Kom hann í hús á besta skori áhugakylfings í sögunni og bætti með því 59 ára gamalt met Jack Nicklaus. Á sama tíma afrekaði hann að verða fyrsti kylfingurinn í 21 ár sem lék best allra áhugakylfinga á Masters-mótinu og Opna bandaríska á sama ári.

Það var því ljóst í hvað stefndi og ákvað norski kylfingurinn að gerast atvinnukylfingur eftir Opna bandaríska meistaramótið. Ping var strax tilbúið að semja við hinn bráðefnilega Viktor og náði hann að vinna sér inn þátttökurétt á PGA-mótaröðinni á yfirstandandi tímabili með góðum árangri á næststerkustu mótaröð Bandaríkjanna það sem eftir lifði ársins.

Tímabilið til þessa hefur verið kaflaskipt eins og eðlilegt er hjá yngri kylfingum. Tvisvar hafði Viktor endað meðal tíu efstu áður en kom að mótinu í Púertó Ríkó um helgina. Hann sýndi hvað stutt er í fallið þegar hann fékk þrefaldan skolla á elleftu braut um síðustu helgi, sem hleypti öðrum kylfingum inn í mótið og var hreinskilinn þegar hann ræddi mistök sín eftir mótið. „Ég er ömurlegur í innáhöggum. Það sást bersýnilega þarna, ég kemst of oft upp með það, en ég þarf að æfa þessi högg og gera betur."

Erfið veðurskilyrði gerðu kylfingum erfitt fyrir á lokaholunum en Viktor sýndi ståltaugar og landaði fyrsta titlinum með því að setja niður erfitt pútt í tólfta mótinu sem hann tók þátt í sem atvinnukylfingur.

Spurningin er nú, hvert er næsta skref kylfingsins? Þessi bráðefnilegi kylfingur hefur ekki farið leynt með áhuga sinn að komast í Ryderliðið í haust og ef hann heldur rétt á spöðunum er kominn nýr kylfingur í fremstu röð frá Skandinavíu, sem hefur horft upp á sænska og danska kylfinga skara fram úr þeim norsku undanfarin ár. Fyrst þarf Viktor hins vegar að rjúfa álög, ef svo má segja.

Will Gray, fjölmiðlamaður á Golf Channel, vakti athygli á því að í ellefu ára sögu mótsins í Púertó Ríkó hefur engum kylfingi sem hefur unnið mótið, tekist að vinna mót annarsstaðar í PGA-mótaröðinni. Michael Bradley sem vann fyrsta mótið náði að endurtaka leikinn í Púertó Ríkó, en engum hefur tekist að vinna annað mót.

kristinnpall@frettabladid.is

Öðlingur sem hlustar mikið á þungarokk

„Ég spilaði með honum í Jacques Leglise og mætti honum nokkrum sinnum þegar ég var að spila fyrir Kent State og hann var að spila með Oklahoma State í bandaríska háskólagolfinu. Hann er alveg hrikalega almennilegur strákur, svakalega hógvær og góður maður fyrst og fremst," sagði Gísli Sveinbergsson, kylfingur úr GK, sem lék með Viktori Hovland í úrvalsliði Evrópu gegn úrvalsliði Bretlands í Jacques Leglise-mótinu, aðspurður hvernig væri að spila með Norðmanninum.

„Fyrst og fremst er hann auðvitað frábær kylfingur. Það er auðvitað svolítið auðvelt að segja það eftir á en maður sá alveg hversu framarlega hann var og það er gaman að sjá stökkið sem hann hefur tekið á fyrsta ári sínu á PGA-mótaröðinni. Það lýsir honum vel, honum kemur vel við alla og laus við stjörnustæla eins og sumir eru með á þessu stigi íþróttarinnar og það hefur hjálpað honum að aðlagast mótaröðinni betur."

Aðspurður hversu langt hann gæti náð sagðist Gísli eiga von á því að Viktor verði í fremstu röð næstu árin.

„Ég held að hann geti farið eins langt og hann vill. Ég fylgist vel með honum, hann er varla búinn að stoppa síðan hann hætti í háskólaliðinu hjá Oklahoma State og vonandi heldur hann áfram á sömu vegferð. Hann er kominn í 60. sæti á heimslistanum og það kæmi manni ekkert á óvart ef hann yrði í Ryder-liðinu í haust."



Gísli segir Viktor ekki fara leynt með tónlistaráhuga sinn.

„Það sem ekki margir vita er að hann er mikill þungarokks aðdáandi. Það er akkúrat öfugt við karakterinn hans inni á vellinum og sýnir hvað hann leynir á sér."

Viktor var aðeins sextán ára þegar hann vann norska meistaramótið í höggleik.

Tókum eitt skref til baka í von um að geta tekið tvö skref áfram

KÖRFUBOLTI „Það var mikill hugur í fólki," sagði Birgir Kaldal Kristmannsson, formaður meistaraflokksráðs kvennaliðs Stjörnunnar í körfubolta. Félagið boðaði til fundar í vikunni þar sem ákveðið var að kvennaliðið myndi skrá sig í 1. deild í haust á nýjan leik, eftir að ákveðið var á síðasta ári að draga liðið úr keppni, hálfu ári eftir að Stjarnan lék til úrslita í bikarnum.

„Þegar Margrét Sturlaugsdóttir tók við liðinu síðasta haust, var markmiðið að verða samkeppnishæf á ný innan 2-3 ára og byggt væri á okkar eigin stelpum. Það yrði síðan undir þeim komið að ákveða hvenær leikmannahópurinn væri tilbúinn."



Stjörnukonur verjast gegn Val í bikarúrslitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Stjarnan er ekki fyrsta félagið sem tekur ákvörðun um að draga kvennalið sitt úr keppni. Ákvörðunin fékk sinn skerf af gagnrýni og sagðist Birgir skilja það.

„Þetta var erfitt skref, við fengum nóg af gagnrýni en við vorum með áætlun og héldum okkur við hana. Markmiðið var að taka eitt skref til baka í von um að taka tvö skref áfram og það tókst vonandi," sagði Birgir og hélt áfram:

„Við vorum með gott lið en það vantaði heimakonur í liðið. Fyrir vikið átti fólk oft erfitt með að tengja við liðið og það kom niður á mætingunni á leiki liðsins."

Birgir segir markmiðið að vera með samkeppnishæft lið.

„Stefnan er að vera með samkeppnishæft lið. Það þarf aðeins að bæta við leikmannahópinn en ekki erlendum leikmönnum. Þetta verður byggt á unglingastarfinu." **– kpt**



Guardiola getur bætt í titlasafnið um helgina. MYND/GETTY

Pep getur jafnað Paisley

FÓTBOLTI Pep Guardiola getur unnið sinn þriðja deildarbikartitil um helgina, þegar lærisveinar hans í Manchester City mæta Aston Villa á Wembley. Þá getur City náð að saxa á forskot Liverpool (8) sem sigursælasta liðið í sögu keppninnar, takist City að vinna titilinn í sjöunda sinn og fimmta sinn á síðustu sjö árum.

Velgengni Manchester City í enska deildarbikarnum undir stjórn Guardiola hefur verið hreint út sagt mögnuð. Á fyrsta ári Spánverjans með liðið voru það erkifjendurnir í Manchester United sem slógu City úr leik í sextán liða úrslitum, en síðan þá hefur Guardiola ekki litið um öxl.

Í síðustu sautján leikjum í enska deildarbikarnum hefur City aðeins tapað einum, gegn Man. United í undanúrslitunum á dögunum, en það kom ekki að sök eftir stórsigur City í fyrri leik liðanna.

Aðeins þrír knattspyrnustjórar hafa unnið titilinn oftar en þrisvar í sextíu ára sögu keppninnar. Sir Alex Ferguson, Brian Clough og Jose Mourinho hafa allir unnið deildarbikarinn fjórum sinnum en Bob Paisley og George Graham koma næstir með þrjá titla hvor.

Aston Villa er þriðja sigursælasta félagið í sögu keppninnar með fimm titla. Alls eru 24 ár liðin síðan Villa vann deildarbikarmeistaratitilinn síðast sem er síðasti titillinn sem félagið vann árið 1996. **– kpt**

Hilmar Snær er Evrópumeistari

SKÍÐI Hilmar Snær Örvarsson, sem keppir fyrir hönd Víkings, varð í gær fyrsti Íslendingurinn til að vinna sigur á Evrópumótaröð IPC í alpagreinum. Ljóst var að Hilmar væri meistari eftir að hafa borið sigur úr býtum í svigkeppninni á Evrópumótaröðinni og hlotið silfrið í stórsvigi á mótaröðinni.

Hilmar átti næstbesta tímann í fyrri ferðinni þegar hann kom í mark á 47,30, tæpri sekúndu á eftir Thomasi Grochar frá Austurríki. Hilmar átti besta tíma dagsins í seinni ferðinni á sama tíma og Thomasi mistókst að klára seinni ferðina sem innsiglaði sigur Hilmars í Zagreb, Króatíu.

Hreint út sagt magnaður árangur hjá Hilmari sem hefur síðustu ár klifrað hratt upp metorðastigann í alpagreinum og er nú á meðal allra fremstu fatlaðra alpagreinamanna í heiminum um þessar mundir. **–kpt**

Landsvirkjun

ÁRSFUNDUR
2020

Hilton Nordica
5. mars nk. kl. 10.00

Endurnýjanleg orka í sjálfbærum heimi

Meðvitund um mikilvægi loftslags-, umhverfis- og samfélagsmála eykst ár frá ári og kröfur til fyrirtækja aukast sömuleiðis. Hvernig náum við jafnvægi milli hagsmuna loftslags, umhverfis, samfélags og fjárhagslegra þátta? Hvert er mikilvægi endurnýjanlegrar orku á tímum loftslagsbreytinga? Hverjar eru áskoranirnar í viðskiptaumhverfinu? Hver er ábyrgð Landsvirkjunar?



Bein útsending verður frá fundinum á YouTube rás Landsvirkjunar.

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra
Ávarp fjármálaráðherra

Jónas Þór Guðmundsson
stjórnarformaður
Ávarp stjórnarformanns

Hörður Arnarson
forstjóri
Hlutverk okkar á tímum loftslagsbreytinga

Jóna Bjarnadóttir
forstöðumaður umhverfis og auðlinda
Kolefnishlutleysi 2025

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs
Áskoranir í viðskiptaumhverfinu

Rafnar Lárusson
framkvæmdastjóri fjármálasviðs
Afkoma Landsvirkjunar 2019

Selma Svavarsdóttir
forstöðumaður á starfsmannasviði
Jafnréttið er að hraða þróun vinnustaðarins


Kristín Linda Árnadóttir
aðstoðarforstjóri
Leiðin framundan

Fundarstjóri
Jóhanna Harpa Árnadóttir

Verið öll velkomin
Skráning á landsvirkjun.is

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is





Jane Ade Sutarjo, Björk Níelsdóttir og Sigrún Harðardóttir eru hluti Cauda Collective sem kemur fram í Hörpu á Sígildum sunnudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrir þá sem óttast klassíkina

Tónlistarhópurinn **Cauda Collective** kemur fram í Hörpu á morgun, sunnudaginn 1. mars, á tónleikunum Ástarjátning, þar sem aðeins verða leikin verk, íslensk og erlend, sem tengjast ástinni á einn eða annan hátt.

Tónlistarhópurinn Cauda Collective hefur það að markmiði að blanda klassískri kammertónlist saman við nýja tónlist og flétta saman við önnur listform. Í grunninn er um að ræða strengjadúó, skipað Þórdísi Gerði Jónsdóttur og Sigrúnu Harðardóttur, sem við spurðum út í verkefnið.

„Hópurinn tekur á sig ýmsar myndir, stækkar og teygir sig í ýmsar áttir, allt eftir verkefnavali hverju sinni. Í starfi hópsins er leitað skapandi leiða til að miðla tónlist og brjóta upp hefðbundna tónleikaformið svo að útkoman verði áhugaverð fyrir áhorfendur og flytjendur, en þó alltaf með það að leiðarljósi að þjóna tónlistinni," segir Sigrún.

„Við Þórdís Gerður erum góðar vinkonur og samstarfskonur og okkur var farið að þyrsta í að gera skapandi verkefni í tónlistinni. Okkur langaði að ögra sjálfum okkur, fara aðeins út fyrir kassann, prófa eitthvað nýtt og sjá hvað gerðist. Skapa umhverfi þar sem þetta væri hægt. Þá varð Cauda Collective til."

Sigrún segir suma tónlistarunnendur smeyka við klassíska tónleika. „Sumir verða óöruggir í formföstu andrúmsloftinu, finnst óþægilegt að vita ekki hvenær á að klappa og sleppa því bara að koma á tónleika frekar en að koma og líða ekki vel með það. Sígild og samtímatónlist er alls ekki óaðgengileg tónlist og við viljum að allir geti upplifað tónlistina á sinn hátt. Áhorfendur þurfa ekkert að þekkja til sögu klassískrar tónlistar til að njóta, hver og einn kemur á sínum forsendum og túlkar tónleikana á sinn hátt," útskýrir hún.

Hópurinn brýtur hið sígilda tónleikaform upp á ýmsan hátt. „Möguleikarnir eru endalausir, en markmiðið er að fá inn nýja tónleikagesti sem ekki hafa vanið komur sínar á klassíska tónleika, og hrista aðeins upp í þeim sem þekkja formið vel og vilja sjá nýja nálgun."

Á tónleikunum Ástarjátning, sem fara fram á morgun, spila sjónrænir töfrar leikhússins stóra rullu. „Norðurljósasalur Hörpu er gullfallegur salur og býður upp á mikla möguleika. Hægt er að skipta um liti í hliðum veggjanna og stilla ljósin á marga vegu. Það verður svo sannarlega nýtt á þessum tónleikum, en Eva Björg Harðardóttir, leikmynda- og búningahönnuður, sér um þá hlið. Hún hefur einnig hannað mjög áhugaverða leikmynd sem felur í sér fimm metra háan skúlptúr í laginu eins og hjarta, sko líffærið hjarta, ekki hitt," segir Sigrún og hlær. „Við hljóðfæraleikararnir erum klæddir í föt sem hún hefur hannað og saumað og ljósin yfir áhorfendunum eru dimmari en gengur og gerist á tónleikum og minna þar af leiðandi meira á leikhús."

Á tónleikunum á morgun verða flutt verk eftir íslensku tónskáldin Björk Níelsdóttur, sem einnig syngur með hópnum, og Halldór Smárason, ungversk/austurríska tónskáldið György Ligeti, tékkneska tónskáldið Leoš Janáček og franska tónskáldið Ernest Chausson. Verkin voru samin á árunum 1898-2018 og fela öll í sér ástarjátningu á einn eða annan hátt, enda um tímalaust yrkisefni að ræða.

„Verk Janáčeks er stórbrotið tónverk sem er í senn brothætt og kraftmikið, einlægt og fullt af mikilmennskubrjálæði. Verkið var innblásið af langri og innilegri vináttu hans og Kamila Strösslová, giftrar konu sem var 38 árum yngri en hann. Strengjakvartettinn endurspeglar eðli sambands þeirra, en þau skiptust á um 700 ástarbréfum. Þó voru þau bæði í hjónabandi og höfðu bara hist einu sinni."

> ÁHORFENDUR ÞURFA EKKERT AÐ ÞEKKJA TIL SÖGU KLASSÍSKRAR TÓNLISTAR TIL AÐ NJÓTA, HVER OG EINN KEMUR Á SÍNUM FORSENDUM OG TÚLKAR TÓNLEIKANA Á SINN HÁTT.

Les og horfir eingöngu á það sem tengist nítjándu öldinni

Þau Unnur Birna Björnsdóttir og Björn Thoroddsen ferðast með tónleika sína um Suðurlandið næstu vikur og koma fram í Skyrgerðinni, Hveragerði í kvöld, laugardagskvöld. Við spurðum Unni Birnu nokkurra vel valinna spurninga.

Hvað ertu að lesa?
Dalalíf eftir Guðrúnu frá Lundi, komin á síðustu bókina. Ég er með 19. aldar blæti, næstu bækur sem verða lesnar eru Horfnar kynslóðir eftir Elínborgu Lárusdóttur og Dalafólk eftir frænku mína Huldu.

Á hvað ertu að horfa?
Anne with an E, sem eru leiknir þættir um Önnu í Grænuhlíð. Snilldarlega gerðir þættir og karlaveldinu gefinn puttinn. Nítjándu aldar blætið fær mikla útrás. Ég les eða horfi eingöngu á eitthvað sem gerist á þessum tíma.

Hvað kæmi fólki á óvart í fari þínu?
Þegar ég byrja að tala fyrir dýr og hluti með ákveðinni rödd, sem vinir mínir kalla „kattaröddina". Ég skal viðurkenna að það er eflaust mjög skrýtið og ég er víst farin að gera þetta alveg upp úr þurru án þess að vera í vernduðu umhverfi.

Hvaða orð eða setningu ofnotar þú?
Ég reyni helst að ofnota ekkert orð, en ég nota mikið „yfirgengilegt" og svo elska ég sögnina „að jagast" – sem auðvitað er mikið notuð í Dalalífi. „Hættið þessu jagi", er til dæmis nýja uppáhaldssetningin mín. Ég ætla líka að byrja að nota orðið „vargur". Ef ég væri uppi um aldamótin 1900 væri ég eflaust kölluð kvenvargur, eins og kvenskörungurinn Þóra frá Hvammi sem svarar ávallt fyrir sig og lætur sína skoðun iðulega í ljós.



Unnur Birna er algjörlega heilluð af 19. öldinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


Hvaða rétt eldarðu oftast?
Pasta með eggaldini, kúrbít, blaðlauk og tómötum, því það er það eina af þrennu sem ég kann að elda og bragðast ekki andstyggilega. Annars sér kærastinn minn um eldamennskuna. Hann tekur yfirleitt fram fyrir hendurnar á mér og segir: „Ég skal bara elda ástin mín."

Hvaða hlutar gætirðu ekki verið án?
Ég hélt ég gæti ekki verið án ákveðinnar bókar sem ég hef lesið í á hverju kvöldi fyrir svefninn síðan 1997, en ég er með OCD sem ég storkaði og tók hana ekki með þegar ég gisti hjá systur minni í Reykjavík í janúar. Það var stórt skref, en ég lifði það af og þá komst ég að því að það er enginn hlutur í heiminum ómissandi.


Hvað lærðirðu nýtt í síðustu viku?
Nýja valsinn sem pabbi minn Björn Þórarinsson, Bassi, samdi, við munum flytja hann á tónleikaferðinni okkar. Hann heitir Morgunvals.

Upplýsingar um tónleikana er að finna á tix.is.


GLÆNÝJAR KILJUR!



Úlfakreppa
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Hvítt haf
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-




Andlitslausa konan
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Valdimarsdagur
TILBOÐSVERÐ: 3.399.-
Verð áður: 3.799.-



Blekkingaleikur
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Glæpur við fæðingu
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 1. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



„Ég spila bara núna ef Bubbi hringir. Það er bara hann sem ég myndi segja já við," segir Birgir og hlær og útskýrir að maður segi ekkert nei við kónginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Flökkuforstjórinn

Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts og fyrrverandi trommari Dimmu, er langt í frá hefðbundinn stjórnandi. Hann segir frá starfinu og af hverju hann hefur engan áhuga á að taka þátt í Eurovision.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Birgir og eiginkona hans Lísa. Þau eiga fjóra stráka saman.

Birgi Jónssyni hefur tekist að koma Íslandspósti á réttan kjöl eftir taumlaust tap um margra ára skeið og þó hefur hann ekki setið í forstjórastólnum nema í tæpt ár.

Hann hefur á þeim tíu mánuðum sem hann hefur haldið um stjórnartaumana staðið í erfiðri og viðamikilli tiltekt. Til að forða fyrirtækinu frá hruni hefur hann þurft að segja upp fast að 150 manns, fækka í framkvæmdastjórn, sameina deildir og flytja fólk til í stjórnendastöðum. Hann flutti starfsemina í ódýrara og minna húsnæði og seldi öll dótturfyrirtæki í eigu Íslandspósts. Prentsmiðjan Samskipti er á lokametrum í söluferli, Gagnageymslan ehf. og hlutur Póstsins í Frakt flutningsmiðlun ehf. Allur óþarfi hefur verið skorinn niður, sölu sælgætis og gjafavöru hætt á pósthúsum og fókusinn settur á kjarnastarfsemina.

Birgir tekur á móti blaðamanni og leiðir hann um nýju vistarverurnar við Höfðabakka. „Við vorum í of dýru húsnæði. Þetta er gjörbreytt vinnuaðstaða frá því sem áður var, það er greiðara aðgengi að stjórnendum. Þeir voru svolítið lokaðir af. Við höfum opnað rýmið en pössum þó upp á það að fólk hafi vinnufrið," segir Birgir og bendir á lokuð vinnuherbergi, notaleg sófahorn og fundarklefa fyrir starfsfólk.

Forstjóraskrifstofan á Græna hattinum

„Skrifstofur og fundarherbergi eru nefnd eftir félagsheimilum og tónleikastöðum. Mín skrifstofa er að sjálfsögðu kölluð Græni hatturinn því það er uppáhaldstónleikastaðurinn minn," segir Birgir en margir Íslendingar og þá sérstaklega aðdáendur þungarokks þekkja hann sem trommara þungarokkssveitarinnar Dimmu sem hann spilaði með í nærri átta ár.

Það er ekki langt síðan hann tilkynnti aðdáendum sveitarinnar að hann væri hættur að tromma fyrir sveitina. Um það bil eitt og hálft ár. Eiginkona Birgis er Lísa Ólafsdóttir sem á og rekur Madison ilmhús í miðborg Reykjavíkur og saman eiga þau fjóra stráka á aldrinum 17-26 ára. Birgir segir fjölskyldulífið hafa togað í sig.

„Ég brann bara út, mér fannst þetta ekki lengur skemmtilegt eða gefandi. Ég var alltaf að spila, hafði ekki góðan tíma til að vera með fjölskyldu og vinum. Um miðja viku var ég ekki eins og aðrir að hugsa til helgarinnar og hvað ég gæti gert með Lísu heldur hvar ég væri að spila. Og ef vinir mínir buðu mér í brúðkaup, þá vissi ég oftast fyrir fram að ég kæmist ekki. Og það fannst mér alltaf leitt. En þetta var mikið ævintýri, ég var fyrst og fremst í þessu fyrir vinskapinn. Við vorum gamlir karlar að spila saman þungarokk, þetta átti aldrei að verða svona stórt. Við erum búin að gera svo ótrúlega margt saman, eiginlega allt sem er hægt að gera í íslenskri tónlist. Spila með Sinfóníuhljómsveitinni, spila á Þjóðhátíð og Aldrei fór ég suður. Ég var sáttur við að kveðja. Að sama skapi er ég rosalega stoltur af þeim."

> ÉG BIÐ FÓLK AÐ SLEPPA ÞVÍ AÐ NÖLDRA HEIMA YFIR VINNUNNI OG NÖLDRA FREKAR Í MÉR.

Segir bara já við Bubba

Eurovision? Þig hefur ekkert langað að vera með?

„Nei, ég er sáttur við að kveðja. Ég held auðvitað með þeim í Söngvakeppninni. Ég held þeir vinni og að þeir taki keppnina úti líka. Stefán Jakobsson er okkar besti söngvari og það er ekkert réttlæti fyrr en hann er orðinn heimsfrægur," segir Birgir.

Og á maður ekki von á því að þú spilir aftur?

„Nei, ég hef ekki sérstaka löngun til þess. Allavega ekki eins mikið. Ég spila bara núna ef Bubbi hringir. Það er bara hann sem ég myndi segja já við," segir Birgir og hlær og útskýrir að maður segi ekki nei við kónginn.

Hann sest í stól á skrifstofunni sinni, Græna hattinum. Sem er ekki hefðbundin forstjóraskrifstofa, rétt eins og það er augljóst að hann sjálfur er langt í frá hefðbundinn stjórnandi. Hér hanga ekki risastór málverk og engan íburð er að finna. Hann er frjálslega klæddur og setur sig ekki í stellingar. Síminn kvakar eins og lítill fugl nokkrum sinnum meðan á viðtalinu stendur. „Skilaboð," afsakar hann. „En það má bíða."


Þegar síminn hringir er það svo auðvitað trommutaktur. Hvað annað?

Erfitt en nauðsynlegt

Það hlýtur að hafa verið sérstaklega erfitt að segja svona mörgu fólki upp starfi sínu? Hvernig leið þér í því verkefni og hvernig er andinn í fyrirtækinu eftir þessar aðgerðir?

„Uppsagnirnar voru sársauka-

Framhald á síðu 24 ▶



Mikill meirihluti landsmanna

styður baráttu láglaunafólks

6 af hverjum 10 landsmanna styðja baráttu Eflingar fyrir kjarabótum láglaunafólks hjá Reykjavíkurborg samkvæmt nýlegri spurningakönnun Maskínu. Aðeins 21% styður ekki baráttu láglaunafólks í borginni. Þessi niðurstaða færir okkur byr í seglin.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn.
Við höldum ótrauð áfram.

EFLING
Barátta fyrir betra lífi

VERKFALL – STRIKE – STRAJK – SREIKS – WELGA – STREIKAS – HUELGA –
Borgin er
í okkar höndum

Framhald af síðu 22 ◄

fullar aðgerðir, erfiðar en nauðsynlegar. Ég hafði hins vegar sterkt umboð. Starfsmenn, stjórnendur og stjórnin voru á einu máli um að þetta væru nauðsynlegar breytingar. Og þótt þetta hafi verið erfitt eru svona ákvarðanir auðveldari þegar fyrirtæki rekur sig í strand eins og Íslandspóstur gerði. Þegar fyrirtæki á ekki fyrir launum eins og staðan var, þá þarf ekki að útskýra það frekar. Þetta er að auki ekki fyrirtæki sem er í gróðarekstri heldur mikilvægt þjónustufyrirtæki sem þurfti að koma á sjálfbæran grundvöll. Ég verð að taka fram að þessar breytingar hefðu alltaf orðið. Þær urðu ekki vegna þess að einhver karl eins og ég með excel-skjal mætti á svæðið. Það er verið að reyna að laga vanda sem allir vissu í nokkur ár að væri óumflýjanlegt verkefni að ráðast í.“

Biður fólk að nöldra í sér

Hvað með fyrirtækjamenninguna, hvernig tókst þú á við hana?

„Verkefnið er tvíþætt, ég þurfti að snúa rekstrinum í jákvætt horf. Fyrirtæki eins og Íslandspóstur er frekar mannfrekt, launahlutfallið er 70 prósent og það lá því strax fyrir að það væri hægt að forða fyrirtækinu úr miklum taprekstri með niðurskurði og það var mikið af góðu fólki sem var látið fara. Við gátum fækkað um nær 150 manns án þess að það bitnaði á þjónustunni. En það var fleira sem þurfti að gera og varðaði fyrirtækjamenninguna. Hér ríkti sá andi að þetta væri ríkisstofnun. Við ákváðum strax í upphafi að leggja mikla áherslu á leiðtogaþjálfun og erum með frábært mannauðsteymi. Allir sem hafa mannaforráð fara á leiðtoganámskeið. Þá hef ég reynt eftir fremsta megni að útskýra vel fyrir fólki hver staðan er á hverjum tíma og hika ekki við að biðja um hugmyndir til að leysa vandamálin. Ég er alltaf að kalla eftir hugmyndum frá starfsfólki; bréfberum, bílstjórum. Frá þeim koma dýrmætustu hugmyndirnar sem hafa sparað okkur hundruð milljóna.

Ég er búinn að fara nokkrum sinnum í gegnum svona krefjandi breytingar og viðsnúninga og hef lært að þetta er mjög mikilvægt. Að virða hugmyndir fólks og skoðanir. Ég bið fólk að sleppa því að nöldra heima yfir vinnunni og nöldra frekar í mér. Ég tryggi ekki að ég geti lagað allt það sem er að, en lofa að ég skoði það,“ segir Birgir og nefnir dæmi. „Bílstjóri spurði mig að því hvers vegna þeir væru úti að keyra á milli fyrirtækja klukkan 10 þegar það kæmu engir pakkar fyrr en klukkan 14,“ segir Birgir og segir að auðvitað hafi þurft að leysa þá óskilvirkni þegar í stað.

Meðvirkni skaðleg

Birgir segir mörgum stjórnendum standa fyrir þrifum að takast á við meðvirkni í fyrirtækjum.

„Meðvirkni á vinnustöðum er eitthvað sem allir þekkja. Ég tengdi áður fyrr meðvirkni eingöngu við alkóhólisma. En þú getur hins vegar verið meðvirkur með fólki í alls konar aðstæðum og stutt við vondar ákvarðanir og vinnumenningu. Ég held að allir þekki þetta, það verða til óformlegir samningar á milli fólks og það staðnar allt.

Það er engin meðvirkni hérna. Við erum með skýr skilaboð um það sem við fylgjum eftir í þjálfun starfsfólks. Við tölum um topphegðun og botnhegðun. Og við viljum vera í toppnum, ekki í botninum, eða leðjunni, þar sem allt situr fast. Þetta er lykillinn að velgengni, hvort sem það er á vinnustaðnum eða lífinu almennt.“

Tilbúinn að dreifa áfengi

Birgir er stoltur af starfsfólki sínu. Hann, ásamt fleiri stjórnendum hjá Íslandspósti, var tilnefndur til verðlauna Stjórnvísis. „Hér voru tilnefndir starfsmenn sem hafa unnið baki brotnu í kjölfar mikilla uppsagna. Vanalega logar allt í illdeilum í fyrirtækjum sem eru í svona miklum breytingum, en hér var meira að segja yfirmaður póstmiðstöðvarinnar á Stórhöfða tilnefndur af starfsfólki sínu sem stjórnandi ársins. Vinnustöð þar sem mjög stór hluti uppsagnanna átti sér stað. Fólkið er með okkur í liði í þessu erfiða verkefni. Af þessu er ég stoltur.“

Á næstunni mun Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra leggja fram frumvarp sem heimilar kaup á áfengi í netverslunum hér á landi án aðkomu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Birgir fylgist grannt með og er tilbúinn með lausn á dreifingu á áfengi.

„Við erum að fylgjast með þeirri þróun og þessu frumvarpi. Fyrir okkur er þetta tvíþætt, dreifing á lyfjum og svo áfengi. Þróun á dreifingu lyfja er komin lengra og er reyndar lögleg. Þetta er sami dreifingarfasinn, við notum rafrænar undirskriftir og getum séð til þess að sá aðili sem skráir sig inn á rafrænu netverslunina með sínum skilríkjum sé sá sami og tekur á móti sendingunni. Það er hægt að viðhafa mikið öryggi í sendingum,“ segir Birgir og segir Íslandspóst nú þegar dreifa miklu af lyfjum til sjúkrastofnana.

Framhald á síðu 26 ►



Með félögum sínum í Dimmu.



Aftast á sviðinu, þar vill Birgir vera. Í starfi stjórnanda og á sviðinu.



„Við vorum gamlir karlar að spila saman þungarokk, þetta átti aldrei að verða svona stórt.“

ÞESSI MÝTA UM AÐ ÞÚ EIGIR HELST AÐ VINNA 10-12 TÍMA Á DAG OG SVARA PÓSTI FRÁ MORGNI TIL KVÖLDS ER SKAÐLEG. EF MAÐUR GETUR EKKI GEFIÐ SÉR TÍMA TIL AÐ SITJA MEÐ FÓLKI OG TALA VIÐ ÞAÐ, ÞÁ ER ÞETTA ALLT TIL LÍTILS.

Opel Ampera-e

VERÐLÆKKUN Á 100% RAFBÍL!

Takmarkað magn frá 4.590.000 kr.
Afsláttur allt að 600.000 kr.



Ampera-e Premium
Lúxus útgáfa

Verð áður: 5.590.000 kr.
Verð núna: 4.990.000 kr.

Verðlækkun: 600.000 kr
Sjá ríkulegan staðalbúnað á benni.is

Opel styður við íslenska rafbílavæðingu!

Opel og Bílabúða Benna eru í góðu samstarfi sem nú hefur leitt til veglegrar verðlækkunar á fjölskyldubílnum Ampera-e.

Kynntu þér kjörin á einum magnaðasta rafbíl götunnar!

Opel Ampera-e er til afgreiðslu strax.
Tilboðið gildi út mars.

OPEL GOES ELECTRIC

60 kWh batterý | 360 Nm | 200 hestöfl | 423 km. drægni samkv. WLTP

Með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

BENNI.IS

Reykjavík
Krókhálsi 9
Sími: 590 2020

Opið
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílabúð Benna

Framhald af síðu 24 ◄

Í þjónustuskuld við almenning

Og það eru fleiri mjög stórar breytingar í vændum á þjónustunni. Skeljungur og Pósturinn hafa gert með sér samning. Pósturinn mun opna pakkastöðvar á þjónustustöðvum Orkunnar og afhenda þar fyrirframgreiddar sendingar til viðskiptavina sinna. Fyrstu fjórar stöðvarnar verða teknar í notkun í mars.

„Fyrirtækið er komið á beinu brautina. En við erum í þjónustuskuld við almenning. Síðustu ár hefur þróunin verið neikvæð fyrir notendur. Afgreiðslutíminn verið styttur og aðgengið verra fyrir fólk á landsbyggðinni. Við viljum bæta úr þessu og opna pakkastöðvar og fleiri póstbox víða um land."

Sumar ákvarðanir þínar eru umdeildar, eins og sú að dreifa ekki fjölpósti?

„Ég hef svolítið þurft að svara fyrir þetta. Þetta er byggt á praktík, það eru svo margir sem afþakka kynningarpóst sem þeir segja að fari annars beint í ruslatunnuna. Og þótt ég viti vel að pappírinn er sjálfbær og ræktaður í nytjaskógum þá er þróunin sú að fólk afþakkar þennan póst vegna umhverfismála. Að auki er þetta of dýrt fyrir okkur og ekki sá hluti kjarnastarfsemi sem við viljum styrkja."

En bréfsendingar? Eru þær enn meginhluti tekna?

„Jú, þær eru talsverðar af bréfunum. Um það bil helmingur af veltunni en minnka um 17-20 prósent á ári. Á sama tíma er netverslun og pakkasendingar tengdar henni að vaxa með ári hverju og það sem Íslandspóstur þarf að leggja áherslu á er að verða ekki risaeðla í þeim geira. Við þurfum að gera okkur gildandi á þessum markaði."

Rekinn úr menntaskóla

Birgir er menntaður prentari og einn fárra Íslendinga sem eru með háskólagráðu í prentrekstrarfræði. Skólagangan var þó brösótt framan af og óhefðbundinn bakgrunnurinn leiddi hann mjög líklega á ævintýralegar brautir.

„Ég er Kópavogsbúi í húð og hár. 200 Kópavogi, ekki eins og Herra Hnetusmjör úr 203. Það telst ekki með! Ég byrjaði ungur í hljómsveitarbrasi og var ekki mjög efnilegur námsmaður framan af. Það var ekki nema fyrir fjölskyldutengslin að ég lærði að verða prentari eftir að ég var rekinn úr menntaskóla. Pabbi var prentsmiður og vann hjá Odda, ég ákvað að feta í hans fótspor. Ég fór svo út til London í háskólanám í rekstri á prent- og útgáfufyrirtækjum og tók svo MBA-gráðu ofan á það frá háskólanum í Westminster.



Við erum í þjónustuskuld við almenning, segir Birgir hreinskilnislega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í fyrstu hélt ég að ég myndi starfa í þessum geira en ferillinn tók annan snúning. Ég tók að mér átaks- og uppbyggingarverkefni, flutti til Hong Kong og stýrði uppbyggingu í Kína hjá Össuri hf. Ég varð svo forstjóri Iceland Express í tvö ár en flutti svo alla leið til Rúmeníu og þar stýrði ég einni stærstu prentsmiðju Austur-Evrópu, Inforpress Group, þar sem störfuðu 1.300 manns í þremur löndum. Mjög dýrmætur og lærdómsríkur tími," segir Birgir en hann stýrði prentsmiðjunni í fjögur ár.

Birgir flutti heim árið 2011. Hann varð aðstoðarforstjóri WOW, starfaði fyrir Advania um tíma og vann að sameiningum og umbreytingarmálum. Þá endurskipulagði hann rekstur Póstdreifingar áður en það fyrirtæki var selt.

Vill vera aftast á sviðinu

Það er nú svolítið mynstur í þessu, er það ekki? Ég las pistil þar sem þú ert kallaður flökkuforstjóri og að það væri æskilegt að þú tækir að þér tiltekt í fleiri ríkisfyrirtækjum. Hvað er það sem þú færð út úr þessu?

„Mér finnst alveg rosalega gaman að vinna með fólki. Það skemmtilegasta sem ég sé í þessu og það sem drífur mig áfram í starfi er að sjá stjórnendur vaxa í starfi og ná góðum árangri."

Og hvernig stjórnandi ertu?

„Þótt ég sé hættur í tónlistarbröltinu, þá er ég enn í hlutverki trommarans. Vil vera aftast á sviðinu og þarf ekki að vera aðalmaðurinn. Ég vil nálgast starfið af auðmýkt og vil að aðrir fái að blómstra. Ég er að eðlisfari mjög slakur, alls ekki týpan sem er ómissandi. Ég er bara fyrir svo löngu búinn að átta mig á því að maður gerir ekkert einn. Þessi mýta um að þú eigir helst að vinna 10-12 tíma á dag og svara pósti frá morgni til kvölds er skaðleg. Ef maður getur ekki gefið sér tíma til að sitja með fólki og tala við það, þá er þetta allt til lítils."

Viðurkenndir Mercedes-Benz.

Tveggja ára ábyrgð og þjónusta innifalin með viðurkenndum Mercedes-Benz.
Gott úrval fjórhjóladrifinna bíla. Skoðaðu úrvalið á notadir.is



Verð 3.490.000 kr.
B-Class 200 d 4MATIC
Árgerð 2017, ekinn 53 þús. km,
dísil, 2.143 cc., 136 hö,
sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
ÁSETT VERÐ: 4.150.000 kr.



Verð 5.990.000 kr.
CLA 220 d 4MATIC
Árgerð 2018, ekinn 19 þús. km,
dísil, 2.143 cc., 177 hö,
sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
ÁSETT VERÐ: 6.670.000 kr.



Verð 8.990.000 kr.
GLC 220 d 4MATIC
Árgerð 2019, ekinn 5 þús. km,
dísil, 2.143 cc., 170 hö,
sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
ÁSETT VERÐ: 9.690.000 kr.



Verð 12.600.000 kr.
GLS 350 d 4MATIC
Árgerð 2018, ekinn 32 þús. km,
dísil, 2.987 cc., 259 hö,
sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

NOTAÐIR BÍLAR
ASKJA

Kletthálsi 2 & Bílakjarnanum Eirhöfða 11 · 110 Reykjavík
Sími 590 2160 · notadir.is

Opnunartímar
Mán-fim 10–18, fös 10-17, lau 12–16

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/askjanotadirbilar

TAX FREE

FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS
AF ÖLLUM FATNAÐI, SKÓM OG BAKPOKUM

ecco® DEVOLD® NORWAY 1853 DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN Columbia

THE NORTH FACE® NIKE® zamberlan® Discover the Difference™ MOUNTAIN HARD WEAR



*Birt með fyrirvara um innsláttarvillur. Tax free afsláttur jafngildir 19,36% afslætti

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

bauhaus.is

BAUHAUS®

ERTU BÚINN AÐ KYNNA ÞÉR VERÐVERND BAUHAUS?



Hjá BAUHAUS getur þú verið viss um að fá alltaf lægsta verðið á markaðnum!

Þess vegna erum við með verðvernd. Það þýðir að ef þú finnur sömu vöru ódýrari hjá samkeppnisaðila okkar lækkum við okkar verð. Þú finnur nánari upplýsingar inn á heimasíðu okkar: bauhaus.is/verdvernd.

Tilboðin gilda frá og með fimmtudeginum 27. febrúar til og með sunnudeginum 1. mars.

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Camargue®

40%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU FRÁ CAMARGUE SKÄRGÅRD

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

ER KOMINN TÍMI Á BAÐHERBERGIÐ?

GROHE

hansgrohe

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STURTUSETTUM OG HAND-LAUGARTÆKJUM FRÁ GROHE

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STURTUSETTUM OG HAND-LAUGARTÆKJUM FRÁ HANSGROHE

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Gat á tímabili ekki klárað plötuna

Jófríður Ákadóttir lauk við upptöku á annarri sólóplötu sinni, New Dreams, fyrir um tveimur árum en segist hafa lent í eins konar frosti og ekki getað lagt lokahönd á hana fyrr en núna.



Jófríður Ákadóttir kom heim til Íslands fyrir tveimur árum eftir mikið flakk og rótleysi og segist hafa haft gott af því að gera hversdagslega hluti eins og að borga fasta leigu og setja í þvottavél. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

New Dreams, önnur sólóplata Jófríðar Ákadóttur, sem einnig kallar sig JFDR, kemur út þann 12. mars. Henni verður fagnað með útgáfutónleikum í Iðnó og í beinu framhaldi heldur tónlistarkonan í Evróputúr. Jófríður, sem er 26 ára gömul, hefur í raun haft tónlistina sem aðalstarf frá því hún var á fermingaraldri og fagnar því að vera loks talin fullorðin.

Jófríður stofnaði sína fyrstu hljómsveit, Pascal Pinon, ásamt tvíburasystur sinni, Ásthildi, og tveimur vinkonum þeirra úr 9. bekk í Hagaskóla þegar þær voru aðeins 14 ára gamlar. „Þetta var árið 2009 og hélt sveitin okkur að vissu leyti uppi sem unglingum sem var frábært því á þeim tíma var erfitt fyrir unglinga að fá vinnu með skóla."

Jófríður viðurkennir að hafa ekki alltaf þótt vænt um tónlistina sem þær sköpuðu á unglingsárunum. „Það kom alveg tímabil þar sem ég hreinlega þoldi ekki þessa músík en nú í dag er mér farið að þykja vænt um hana. Það er eiginlega pabba okkar að þakka en hann ýtti okkur út í að gera eitthvað sem var öðruvísi og óvanalegt og endist mikið betur en poppið sem við vorum upphaflega að vinna að," útskýrir Jófríður, en faðir þeirra systra er Áki Ásgeirsson tónskáld. „Hann var tæknistjóri okkar og ferðaðist með okkur þar sem hann sá um hljóðið og fleira. Hann kenndi okkur að halda góðum standard og vera svolítið passasamar."

Erfitt að skilja veikindin

Faðir þeirra systra gerði þó meira en að halda utan um hljóð og standard því á tímabili hélt hann samstarfi þeirra systra hreinlega gangandi. „Við Ásthildur vorum á ólíku tempói og undir lokin á þessu verkefni var hún að berjast við króníska verki og átti við andleg veikindi, þunglyndi, að stríða og á þessum tíma skildi ég ekki hvað það var," segir Jófríður. „Það var að vissu leyti kannski aldurinn en það reyndist mér erfitt að skilja veikindin. Ég vildi koma út lögum og segja sögur en hún var komin á hægara tempó sem gerði mig frústreraða."

Pascal Pinon gaf út tvær plötur, sú fyrri bar titilinn Twosomeness en sú síðari hét Sundur og segir Jófríður titlana vissulega táknræna fyrir stirðleikann í sambandi þeirra systra.

„Ég tók þessu persónulega og fannst þetta snúast um mig. Pabbi steig þó inn í og hjálpaði mér að klára seinni plötuna þegar Ásthildur gat ekki verið til staðar. Eftir að við hættum í hljómsveitinni slaknaði á þessari spennu á milli okkar og ég gat loks spurt hana: „Hvernig hefur þú það?" Við gátum þá hist og verið systur og eftir að hafa tekið okkur langa pásu höfum við unnið töluvert saman. Í dag erum við perluvinkonur og ég veit ekki hvar ég væri án hennar."

Þegar Jófríður var 16 ára stofnaði hún raftónlistarsveitina Samaris ásamt þeim Áslaugu Rún Magnúsdóttur og Þórði Kára Steindórssyni. „Það var meira attitjúd í þeirri tónlist miðað við hina einlægu Pascal Pinon." Sveitin starfaði í fimm ár, eða til ársins 2016, skrifaði undir útgáfusamning við One Little Indian og spilaði mikið erlendis. „Það má þó segja að það hafi verið flókið að vinna saman því við vorum á ólíkri bylgjulengd," útskýrir hún.

Jófríður var 18 ára þegar hún skrifaði undir samning við One Little Indian og segist undrast það að ekki sé betur haldið utan um unga tónlistarmenn sem skilja illa lögfræðileg atriði í slíkum samningum. „Útgáfufyrirtækin eru með fjölmarga lögfræðinga á sínum snærum og það var hamrað á því að samningurinn væri „industry standard", en það hefði mátt útskýra betur fyrir okkur að við værum að selja tónlist okkar fyrir klink og fengjum aldrei réttinn að henni aftur."

Sólóferill aldrei spurning

Jófríður segist alltaf hafa verið ákveðin í að leggja í sólóferil: „Ég hrópaði það hátt og snjallt!" Fyrsta plata Jófríðar kom út árið 2017 og ber titilinn Brazil. Hana vann hún að mestu leyti sjálf með góðri aðstoð enda var hún reynslunni ríkari og ákveðin í að vera sjálf við stjórnvölinn á eigin ferli.

Undanfarin ár hafa farið í mikið flakk hjá söngkonunni sem átti í um tvö ár samastað í New York þar sem hún meðal annars vann að plötunni New Dreams. „Ég þurfti að gera þessa plötu um leið og ég hafði lokið þeirri fyrstu en um leið og ég var búin að taka hana upp, krassaði ég. Ég var ekki tilbúin, ég gat ekki klárað hana. Músíkin var tilbúin en ég lenti í einhvers konar frosti sem skrifstofufólk myndi kannski kalla kulnun en var lengi að viðurkenna það."

> VIÐ ÁSTHILDUR VORUM Á ÓLÍKU TEMPÓI OG UNDIR LOKIN Á ÞESSU VERKEFNI VAR HÚN AÐ BERJAST VIÐ KRÓNÍSKA VERKI OG ÁTTI VIÐ ANDLEG VEIKINDI, ÞUNGLYNDI, AÐ STRÍÐA OG Á ÞESSUM TÍMA SKILDI ÉG EKKI HVAÐ ÞAÐ VAR.

Jófríður segist sjálf ekki alveg hafa áttað sig á því hvað bjátaði á en ósjálfrátt hafi hún slegið öllu á frest. „Ég gat ekki ákveðið hvað hún ætti að heita eða í hvaða röð lögin ættu að vera. Ég gat ekki klárað þakkarlistann og svo framvegis. Hver ákvörðun tók um þrjá mánuði og allt í einu voru þetta orðin tvö ár."

Flakkið truflaði jarðtenginguna


Jófríður kom aftur til Íslands árið 2018 eftir að hafa ferðast og túrað og hálfpartinn búið í ferðatösku í nokkur ár. „Flakkið var svo mikið að ég náði ekki jarðtengingu. Þegar ég kom aftur til Íslands fann ég að ég þurfti þennan grunn. Ég þurfti að læra hvað það er að borga fasta leigu, fara út með ruslið, setja í vél og dusta rykið sem safnast þegar maður býr í mánuð á sama stað."

Tónlistarkonan hefur þó ekki setið auðum höndum en í millitíðinni sá hún um tónlistina í kvikmyndinni Agnes Joy sem sló heldur betur í gegn undir lok síðasta árs. „Það var eiginlega algjör guðsgjöf að fá þetta verkefni því það má segja að Silja Hauksdóttir, leikstjóri myndarinnar, hafi togað mig út úr þessu ástandi. Þetta var mér dýrmæt reynsla og ég upplifði mikið traust."

Jófríður er spennt fyrir Evróputúrnum fram undan enda segir hún samtalið við áheyrendur mikilvægt. „Mér finnst frábært að vera hér á landi og skapa en ég er ekki endilega að eltast við að búa bara til tónlist fyrir Íslendinga."

Aðspurð hvort nýja platan sé frábrugðin þeirri fyrstu svarar Jófríður: „Hún er stærri í sér en fyrri platan. Það er stærri manneskja á bak við hana. Fyrri platan var lágstemmdari og einlægari. Ég fann sterka þörf fyrir að gera seinni plötuna og fann hvað ég þurfti mikið á því að halda að segja þetta. Ég loks treysti sjálfri mér til að pródúsera hana sjálf þó að ég hefði góða hjálp og auka eyru. Tónlistin fylgdi breytingunum á mér."

Jófríður verður 26 ára nú í ár og segist fegin því að vera loksins talin fullorðin enda búin að vera í bransanum frá unglingsaldri. Hún er með umboðsmenn í Bretlandi og gerir í raun út þaðan. „Þau eru mjög fókuseruð á Bretland og ég fylgi því eins og staðan er núna."



SUNNUDAG

Nostalgía

Júlíana Sara er með króníska nostalgíu og ætlar að fá útrás fyrir henni með því að gramsa í gömlum íslenskum sjónvarpsþáttum. Áhugavert verður að sjá hvaða perlur hún rekst á en meðal efnis sem hún tekur fyrir er t.d. Idol stjörnuleit, Ástarfleyið og Bandið hans Bubba.

stod2.is 1817

Stakir sokkar kveikjan að bókaflokki

Hjónin **Sigurbjörn Aðalsteinsson** og **Kristín Gísladóttir** eru rithöfundar og kvikmyndagerðarfólk. Meðal verkefna þeirra er spennubókaröð á ensku, The Sock. Hún fjallar um týnda sokka, hversdagslega ráðgátu sem flestir kannast nú við.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Sigurbjörn Aðalsteinsson og Kristín Gísladóttir hafa búið og starfað í Los Angeles í meira en tuttugu ár. Kristín fór þangað á undan Sigurbirni og stundaði nám í leiklist og leikstjórn. Áður en Sigurbjörn hélt vestur um haf vann hann við kvikmyndagerð á Íslandi í nokkur ár, að loknu námi í London. Hann rifjar upp titla á eigin sjónvarpsmyndum, Ókunn dufl, Camera Obscura og Ráðagóða stelpan.

„Flest sem við höfum fengist við í Los Angeles tengist kvikmyndagerð á einn eða annan hátt. Það er skemmtilegt líf og vinnan getur verið spennandi en við ákváðum samt fyrir nokkrum árum að söðla um og helga okkur því sem okkur finnst sjálfum skemmtilegast að gera, bókaskrifum og ferðalögum," lýsir Sigurbjörn. Hann segir þau líka svo heppin að geta tekið ýmsa kvikmyndatengda vinnu, eins og klippiverkefni, með sér í ferðalögin.

„Ef tök eru á dveljum við fjóra til sex mánuði á hverju ári að heiman. Við gistum í þrjár til sex vikur á hverjum stað, tökum vinnuna með okkur og njótum þess að skjóta rótum um stund, hvort sem það er í rauðviðarskógi í Norður-Kaliforníu, á vínekru í Mexíkó, heimsborg í Vestur-Evrópu, eða á strönd í Suður-Tyrklandi. Hvar sem við erum, þá verður eldhúsið þar sem við dveljum að þungamiðju heimilisins. Við fýrum upp í eldavélinni og svo er stokkið af stað inn í takmarkalausar lendur ímyndunaraflsins."

ÉG Á BARA SVARTA SOKKA OG BÓK NÚMER TVÖ Í SOKKASERÍUNNI ER AÐ LÍTA DAGSINS LJÓS – EN ÞÆR EIGA AÐ VERÐA SJÖ.

Sigurbjörn

Leyndardómur sokkahvarfa

Nýlega vörðu þau Sigurbjörn og Kristín þremur mánuðum hér á Íslandi við ritstörf. Sigurbjörn lagði meðal annars lokahönd á bók númer tvö í bókaröðinni The Sock. Or, Steven Ph. Bearlyman's Adventure in Parallel Dimensions. Hún nefnist Arrival og kemur kemur út nú í lok í febrúar hjá Amazon. Þar fæst líka fyrsta bókin, Journey.

Sigurbjörn segir hugmyndina að The Sock hafa fæðst fyrir nokkrum árum þegar hann hafi ákveðið að koma skipulagi á sokkaskúffuna sína, það hafi gengið svo illa að í verklok hafi hann staðið uppi með tuttugu og einn stakan sokk. „Í kjölfarið á þessum hremmingum voru teknar tvær ákvarðanir á heimilinu. Annars vegar að kaupa bara svarta sokka handa mér og alla eins. Hins vegar að leggjast í bókaskrif um þann djúpa leyndardóm sem liggur að baki sokkahvörfum. „Bæði þessi verkefni eru í fullum gangi, enn í dag. Ég á bara svarta sokka og bók númer tvö í sokkaseríunni er að líta dagsins ljós – en þær eiga að verða sjö.

Farið er um víðan völl í bókunum og hoppað fram og til baka milli tímabila og vídda, að sögn Sigurbjörns. „Meginsagan gerist í nútímanum í Los Angeles og fjallar um hinn seinheppna Stephen Ph. Bearlyman sem tapar forláta sokk í þurrkara, skríður inn í hann og endar með því að uppgötva samhliða vídd. Inn í þá sögu spinnst svo saga um dularfullan verkfræðing sem starfaði í þurrkaradeild þvottavélaframleiðanda á áttunda áratug síðustu aldar," lýsir hann og segir að upphafið að sokkabisnessinum öllum sé rakinn til Júlíusar Sesars sem hafi ekki aðeins hrint af stað alls kyns atburðum í mannskynssögunni heldur líka verið haldinn þráhyggju gagnvart sjö sokkum sem gerðir voru löngu fyrir hans tíð.

Hver bók endar í spennuhnút

„Bækurnar í ritröðinni eru í styttri kantinum og hver bók endar í spennuhnút sem er leystur í þeirri næstu. Kaflar eru stuttir og atburðarásin hröð, þar er „spenna, ofsi og húmor", eins og lesandi sem hafði samband við mig um daginn, orðaði það," lýsir Sigurbjörn. Hann segir móttökur The Sock hafa verið frábærar og því verði þau Kristín að halda sig að verki. „Ef við ætlum að fá lesandann með okkur í svona tíma- og víddaflakk er betra að ekki líði of langt á milli bóka."

Aðeins er hægt að fá The Sock í vefversluninni Amazon, eins og er, bæði á prenti og stafrænu formi fyrir Kindle-appið, en í náinni framtíð verða bækurnar fáanlegar á netinu og í bókabúðum, að sögn Sigurbjörns. „Við Kristín erum hér á landi meðal annars til að kanna möguleika á að þýða bókaröðina á íslensku," segir hann og tekur fram að þó að hann sé titlaður höfundur sé The Sock samstarfsverkefni beggja. Hún hanni kápuna, sé annar af tveimur ritstjórum og eigi mikið af plottinu í sögunni. „Þó að sagan um sokkinn hafi orðið til í kollinum á mér, þá þróaðist hún yfir í núverandi mynd í eldhúsinu hjá okkur í Los Angeles þar sem við látum hugargamminn geisa óbeislaðan meðan við eldum."



Róm er einn af eftirlætisstöðum Kristínar og Sigurbjörns. Hér eru þau framan við Colosseum.



Hjónin nota ýmsan ferðamáta. Hér eru þau á vespu í umferðinni.



Tvær fyrstu bækurnar af sjö.



Kristín og Sigurbjörn komu við í Flórens á ferðum sínum.

Dagbjartur Skuggi elst upp í helli

Sigurbjörn segir þó aðalástæðu þess að hann og Kristín komu til landsins í haust vera aðra bók sem þau séu að skrifa, hún eigi að heita Dagbjartur Skuggi og útlagarnir. „Sú bók er um strák sem elst upp í helli á hálendi Íslands með foreldrum og fjölda systra og bræðra í lok 19. aldar. Við fylgjumst með uppvexti hans og þeim ævintýrum sem hann lendir í þegar hann fer að átta sig á því að fjölskylduaðstæður hans eru kannski ekki alveg normal."

Sagan um Dagbjart Skugga á sterkar rætur í Íslendingasögunum, þjóðsögunum og norrænni goðafræði, að sögn Sigurbjörns. „Við höfum bæði áhuga á sögunni, tungumálinu og öllu sem gerir okkur að Íslendingum. Kristín hefur legið yfir goðafræðinni og sem stelpa las hún þjóðsögur Jóns Árnasonar upp til agna. Bókin um Dagbjart Skugga er skrifuð á íslensku, enda er aðalmarkhópurinn íslenskir krakkar á aldrinum tíu til sextán ára. Við viljum vekja athygli þeirra á hversu spennandi sagnaarfur okkar er."

Í nóvember dvöldu Sigurbjörn og Kristín í Snorrastofu í Reykholti við skriftir og rannsóknir á efni tengdu Dagbjarti Skugga og útlögunum. „Aðstæðurnar í Reykholti eru einstakar, heljarinnar bókarsafn og starfsfólk sem þekkir sögu þjóðarinnar betur en margur," segir Sigurbjörn. „Þá má ekki gleyma þætti Snorra Sturlusonar sem lagði grundvöllinn að menningu okkar með því að skrifa Heimskringlu í Reykholti. Andi hans svífur þykkur yfir vötnum þar."

Sigurbjörn og Kristín hittu krakkana í borgfirsku skólunum að Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. „Við lásum fyrir krakkana úr bókinni um Dagbjart Skugga og fengum viðbrögð og álit hjá þeim við ýmsu sem við vorum að velta fyrir okkur. Þar vöknuðu spurningar sem var bæði gagnlegt og gaman að velta fyrir sér."

Enn er óráðið hvenær bókin um Dagbjart Skugga kemur út, að sögn Sigurbjörns. „Okkur miðar vel," segir hann, „svo hver veit nema að bókin komi út í haust."

FÓLK
Eurovision
LAUGARDAGUR 29. FEBRÚAR 2020



Sigraði í söngvakeppni Stjórnarinnar sex ára

Það eru fáir jafn ástríðufullir í garð Eurvision og Flosi Jón Ófeigsson, einn af stofnmeðlimum FÁSES. Hann segir mikla eftirvæntingu einkenna þennan tíma árs og að það sé alltaf nóg um að vera í aðdraganda stóru stundarinnar. →2

Flosi Jón er afar spenntur fyrir keppninni í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

VEGAN KOLLAGEN FYRIR ANDLITIÐ



Fæst í betri apótekum, heilsubúðum og www.heilsanheim.is

BLEIKU HANSKARNIR
- bjarga viðkvæmum höndum

Þessir vinsælu hlífðarhanskar eru húðaðir með AlloGel, latexfríir og hafa reynst þeim mjög vel sem hafa ofnæmi eða viðkvæmar hendur. Þola vel ýmis efni. Góðir til að eiga í vaskaskápnum eða þvottahúsinu. Stærðir: XS-L.



Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | rekstrarland.is

olís | REKSTRARLAND

Framhald af forsíðu

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Þetta er stærsta helgin okkar á Íslandi, aðalhelgin okkar Eurovision aðdáenda, þangað til við tökum dolluna heim," segir Flosi. Lokakvöldið í undankeppninni sé alltaf spennandi en þó mismikið milli ára. „Það fer eftir árum, ef það er mikið af flottum lögum, eins og í ár, þá er maður dálítið mikið spenntur. Keppnin er líka orðin svo flott hjá RÚV og við erum búin að ná að mynda svo mikla stemningu. Þá sé ómögulegt að gera upp á milli undankeppninnar og stóru keppninnar, hvað eftirvæntingu varðar. „Ég get ekki sagt hvort sé betra af því að úti þá tekur Eurovision fjölskyldan manns við, en það er stór hópur sem er búinn að hittast í mörg ár og skemmta sér saman."

„Eitt lag enn" var kveikjan

Fyrsta minning Flosa af Eurovision var þegar hann fylgdist dolfallinn með þeim Siggu Beinteins og Grétari Örvars keppa fyrir hönd Íslands árið 1992. „Ég man eftir mér að dansa á stígvélunum við „Eitt lag enn" með Stjórninni, það er svona fyrsta minningin sem ég kveiki á. Þá var Stjórnin mjög vinsæl og þau ferðuðust í kringum landið með tónleika og þá bjó ég á Hornafirði og var sex ára gamall þegar ég tók þátt í söngvakeppni Stjórnarinnar og sigraði þar á mínum gúmmítúttum, í gallajakka og gallabuxum og söng þar „Eitt lag enn"," rifjar Flosi upp hlæjandi.

„Þá varð ekki aftur snúið og ég fór að biðja mömmu og pabba að taka keppnina upp á VHS-spólur og það er engin spóla til í dag því ég horfði svo mikið á þetta að þær eru allar ónýtar. Þá byrjaði maður að stúdera bæði dansana og búningana og náttúrulega lögin. Maður var ungur farinn að syngja á hebresku og serbnesku án þess að vita hvað maður var að segja."

Síðan þá hefur Flosi verið mikill aðdáandi keppninnar og má segja að líf hans undanfarinn áratug hafi litast töluvert af þessari miklu ástríðu en hann fór fyrst út á stóru keppnina árið 2010 og hefur farið allar götur síðan.

Stoltur af Íslendingum í fyrra

Flosi segir erfitt að svara því hvaða keppni standi upp úr. „Það er rosalega erfið spurning. Ég tengi bara við minningarnar og á mjög sterkar minningar af því þegar ég fór til Aserbaídsjan þar sem Loreen vann keppnina, en það var náttúrulega svolítið sögulegur sigur því hún vann svo afgerandi.

Þá segir hann framlag Íslands síðasta ár, Hatara, einna eftirminnilegasta atriðið. „Ég var svolítið stoltur af Íslendingum í fyrra, að hafa þorað að taka þennan séns og það var gaman að fylgjast með hvernig Hatari setti eiginlega Evrópu bara á annan endann. Það er alltaf skemmtilegra þegar laginu okkar er spáð góðu gengi, þegar maður er úti og finnur meðbyr. Svo er ekki verra ef maður heyrir lagið á Euro-klúbbnum og getur dansað við það. Núna er tæknin orðin svo mikil að róleg lög eru sett í partíbúning þannig að það skiptir ekki máli hvort þú ert með ballöðu, það er alltaf hægt að dansa."

„Ég gleymi samt aldrei fyrstu ferðinni. Hver og einn aðdáandi veit hvað maður er að tala um þegar maður segir: þetta er jómfrúarferðin mín. Þá klappa manni allir á bakið og segja: þú átt eftir að upplifa svo mikið. Það var í Ósló þegar Hera Björk stóð sig með prýði. Það var mikil skemmtun og maður sveif eiginlega um á bleiku skýi allan tímann."

Fjölbreyttur hópur í FÁSES

Flosi segir fjölda meðlima FÁSES, sem starfrækt hefur verið í níu ár, breytilegan á milli ára. „Við vorum með stofnfundinn okkar árið 2011. Það voru um 20-30 manns sem byrjuðu þetta saman og síðan þá hefur þetta bara vaxið. Við vitum að þó að það fíli ekki allir Eurovision, þá hafa allir skoðanir þannig að það hefur verið okkar stefna að fá alltaf fleiri og fleiri með okkur í lið. Þegar keppnin hefur verið haldin í Stokkhólmi eða Kaupmannahöfn þá hefur fjöldi meðlima alveg farið upp í 600. En meðalárið, þá er þetta á milli 300 og 400 meðlimir sem við erum með og í kringum 150 manns sem fara út."

Fjöldi þeirra sem fari út á stóru keppnina fari eftir ýmsu. „Það fer eftir því hver vinnur, hvar keppnin er haldin og hversu vinsælt lagið er. Eins og í fyrra, þetta var langt í burtu og dýrt að fara svo það voru ekki margir sem fóru en þegar keppnin var til dæmis í Stokkhólmi árið 2016 voru meira en 150 sem við vissum af á okkar vegum."

En hvað einkennir þennan hóp að mati Flosa, fyrir utan hið augljósa? „Ég hef sjaldan upplifað að vera í svona félagsskap þar sem allir eru velkomnir. Það er enginn að fara að dæma þig þó þú vitir ekki hver sigraði keppnina árið 1972. Við viljum frekar bara taka þátt í gleðinni, bjóða alla velkomna og kynna fyrir fólki hvað þetta er nú skemmtilegt og margt hægt að gera í kringum þetta. Við erum auðvitað með ákveðinn hóp sem veit allt og þú getur spurt að því í hvernig jakkafötum kynnirinn var árið 1989. Það er einhver sem mun geta svarað því," segir Flosi og hlær.

„Þetta er mjög breiður hópur aldurslega séð og við erum eini hópurinn þar sem eru fleiri konur. Þetta er auðvitað mjög sterkur hópur meðal samkynhneigðra karlmanna. Það þykir mjög sérstakt hvað það eru margar konur í okkar klúbbi og ég myndi segja að við værum fjölskylduvænasti klúbburinn en við vitum ekki til þess að það séu svona margir ungir meðlimir í öðrum klúbbum. Það endurspeglar svolítið stemninguna hérna heima, hún er pínulítið öðruvísi. Klúbbarnir úti ganga meira út á partí og að drekka og hlusta á tónlist en þetta er meiri fjölskylduviðburður hérna og við reynum að gera eitthvað fyrir þennan hóp líka þannig að þetta sé ekki bara drykkja og vitleysa," segir Flosi, léttur í bragði.

Allir hafa skoðanir hér heima

Vinsældir söngvakeppninnar hér á landi vekja mikla athygli. „Það er talað um Ísland, Möltu, Svíþjóð og nokkur lönd í viðbót þar sem er áberandi mikill áhugi. Ég veit það er yfir 90% áhorf á Möltu til dæmis. Svo eru undankeppnirnar í Noregi og Svíþjóð jafn flottar ef ekki flottari keppnir en úrslitin í maí. Það er alveg svakalegt prógramm sem fer þar fram."

> Það er mikið hlegið að því þegar Eurovision klárast þá byrji hið svokallaða PED-tímabil, eða Post Eurovision Depression, sem er mjög erfiður fyrir hinn sanna Eurovision aðdáanda. Maður verður pínu niðurlútur þegar sprengjan er búin á laugardeginum í maí.

Hann nefnir nokkur atriði sem hugsanlegar skýringar á vinsældum keppninnar. „Við erum auðvitað lítil þjóð og menn þekkjast svo mikið. Við erum náttúrulega rosalega stolt af öllu sem við gerum. Það hafa allir skoðanir og þó menn viðurkenni ekki að vera aðdáendur þá hafa allir eitthvað um þetta að segja. Það er meira að segja en í öðrum löndum þar sem sumir vita ekki einu sinni hvað þetta er. Ég hef búið í löndum eins og Sviss, sem er eitt af fyrstu löndunum sem byrjar að taka þátt í Eurovision og það voru margir hreinlega sem höfðu ekki hugmynd um keppnina. Það kemur ekki fyrir hérna á Íslandi, því get ég lofað."

Þessi tími árs er Flosa og öðrum aðdáendum afar kærkominn. „Þegar maður er nýbúinn að taka niður jólaljósin og er pínu þunglyndur yfir því hvað dagurinn er stuttur, þá kemur þetta yndislega prógram sem léttir manni lundina. Það er mikið hlegið að því þegar Eurovision klárast þá byrji hið svokallaða PED-tímabil, eða Post Eurovision Depression, sem er mjög erfiður fyrir hinn sanna Eurovision aðdáanda. Maður verður pínu niðurlútur þegar sprengjan er búin á laugardeginum í maí og þá þarf maður að bíða þangað til í janúar þegar ballið byrjar á ný."

Það verður þétt dagskrá hjá Flosa í dag. „Ég er hóptímakennari í Rebook Fitness og ég verð með dúndurpartí ásamt fríðum stúlkum sem byrjar klukkan 10 með Eurovision-súmba í Holtagörðum. Það er opinn tími og öllum velkomið að taka þátt í gleðinni. Síðan verð ég með Eurovision-spinning sem er að vísu lokað þar sem það er bara ákveðinn fjöldi af hjólum. Svo fer maður í sparigallann og byrjar að hita sig upp en við hittumst á Ölveri, fáum okkur að borða, hlustum á tónlistarmann og síðan löbbum við saman í Laugardagshöllina og gerum allt vitlaust. Við erum yfirleitt fremst þarna, veifum fánum og styðjum öll atriðin. Við viljum að fólk komi upp á svið og líði vel og geti farið stolt af sviði."

Eftir keppnina verður svo fagnað fram á nótt. „Svo endar þetta með, allavega stærsta Eurovision partíi sem við höfum komið að, sem verður í Iðnó þar sem hið fræga tríó Keiino mun koma fram, en þau koma einnig fram í úrslitunum í Höllinni. Svo verða dívurnar okkar tvær, Regína Ósk og Hera Björk þarna, og við erum búin að flytja inn einn helsta Eurovision-plötusnúðinn sem mun þeyta skífum og sjá til þess að við munum dansa af okkur skóna. Þá verður Eurovision-karókí á Curious á föstudaginn og allir velkomnir. Það er frítt inn og opið öllum og eins hittingurinn á Ölver."

Hægt er að kaupa miða á Euro-klúbbinn í Iðnó á laugardaginn á fases.is á 3.000 krónur og á 3.500 krónur við innganginn.



Flosi fer nú í tíunda skiptið á stóru keppnina í ár en hann segir keppnina í fyrra afar eftirminnilega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Flosi segir mikinn kærleika einkenna Eurovision-samfélagið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Femarelle er náttúruleg lausn.

Skapið varð jafnara og hitakófin hurfu með Femarelle

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur sem finna fyrir einkennum hormónabreytinga. Rannsóknir sýna að þær slá á einkennin og geta unnið gegn beinþynningu. Femarelle hentar konum á mismunandi stigum tíðahvarfa.

Breytingaskeiðið er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkennin geta verið afar mismunandi og sumar konur sleppa jafnvel nokkuð vel og finna lítið fyrir breytingunum.

Hvað er breytingaskeið?

Breytingaskeiðið hefst þegar eggjastokkar konunnar draga úr framleiðslu á kvenhormónum og hætta henni að lokum. Þetta hefst oftast þegar konur eru á bilinu 45 til 52 ára en þó eru mörg dæmi þess að þetta ferli byrji fyrr og jafnvel síðar. Á þessu skeiði kemst ójafnvægi á hormónana sem getur lýst sér á margvíslegan máta en þetta eru einkenni eins og: fyrirtíðaspenna, óreglulegar blæðingar, hitakóf og næturSviti, svefntruflanir, skapsveiflur, þurr húð og minni teygjanleiki, minni orka, þreyta og slen, pirringur, aukinn hjartsláttur, höfuðverkur, minni kynlöngun, kvíði og sorgartilfinning.

Hormónar og beinþynning

Beinþynning í tengslum við tíðahvörf leiðir í mörgum tilfellum af sér beinbrot og er það talin alvarleg ógn í vestrænum þjóðfélögum þar sem meðalaldur fer sífellt hækkandi. Fyrstu tvo áratugi ævinnar byggjum við upp beinin okkar og upp úr 30 ára aldri fer smám saman að draga úr beinþéttninni. Vegna minnkandi estrogenframleiðslu hjá konum eru þær mun útsettari fyrir beinþynningu heldur en karlar.

Helsta innihaldsefnið í Femarelle kallast DT56a en það er efnasamband unnið úr óerfðabreyttu soya og viðurkenndar rannsóknir sýna að það örvar estrógennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og eykur beinþéttni, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum.

Fyrir konur frá 30 ára aldri

Femarelle vörurnar eru fáanlegar í þremur gerðum sem henta konum á mismunandi stigum tíðahvarfa, en þau hefjast yfirleitt upp úr þrítugu þó svo að einkenna verði ekki vart strax. Femarelle getur slegið á þau einkenni sem talin eru upp hér að framan og í ljósi þess að beinþéttni fer minnkandi um svipað leyti og hormónabreytingar hefjast, getur inntaka á Femarelle verið ágætis forvörn fyrir einkenni breytingaskeiðsins ásamt því að minnka verulega líkur á beinþynningu.



Ég var að byrja á breytingaskeiði og vildi ekki nota hormón. Eftir aðeins tíu daga notkun á Femarelle voru öll einkennin horfin.

Líður svo miklu betur og einkennin horfin!



Soffía Káradóttir er ein af fjölmörgum konum sem nota Femarelle og hennar saga er svona:

„Ég var að byrja á breytingaaldrinum og vildi ekki nota hormón. Ég fann fyrir hitakófi, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum. Eftir aðeins tíu daga notkun á Femarelle voru öll einkennin horfin. Nú sef ég samfelldan svefn, finn hvorki fyrir hitakófi lengur né fótaóeirð. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er með mun betra jafnvægi í líkamanum. Femarelle gerir það mikið fyrir mig að ef ég gleymi að taka töflu þá finn ég strax fyrir því."

Soffía mælir hiklaust með Femarelle við vinkonur sínar.

„Ég veit af einni vinkonu minni sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég mæli einnig með glöðu geði með að aðrar konur á breytingaaldrinum prófi Femarelle því að ég gæti ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst því, þvílíkt undraefni."



Eitt lag enn, einu sinni enn

Þegar Eurovision á í hlut eru margir kallaðir og fáir útvaldir. Nokkrir eru síðan útvaldir aftur og aftur og fá að fara til Júrólands sáldrandi tilheyrandi brjáli. Hér eru nokkrir sem farið hafa aftur.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Ef fólk reynir sig einu sinni við Eurovision þá er engin leið að hætta, segir máltækið. Eða ekki. Allavega eru þeir þó nokkrir tónlistarmennirnir sem hafa reynt aftur og aftur að komast í aðalkeppnina og leggja ýmislegt á sig. Nærtækasta dæmið þessa dagana eru Daði og Gagnamagnið sem, eftir að hafa naumlega misst af tækifærinu til að komast í aðalkeppnina fyrir þremur árum, eru nú önnum kafin við að reyna aftur og við hin bæði sjáum, vitum og skiljum. Og eftirtaldir listamenn líka sem eiga það sameiginlegt að hafa reynt sig við Evrópusöngvakeppnina oftar en einu sinni með mjög misjöfnum árangri.

Gríska sjarmatröllið, sjónvarpsstjarnan, leikarinn og söngvarinn Sakis Rouvas náði þriðja sæti í keppninni árið 2004 með hittaranum Shake it. Hann smitaðist illa af Júróveirunni og sneri aftur fimm árum síðar með lagið This is our night sem náði sjöunda sæti.

Dana International vann aðalkeppnina með eftirminnilegum hætti árið 1998 með laginu Diva. Hún hafði reynt sig áður í undankeppninni í heimalandi sínu árið 1995. Hún fylgdi sigrinum eftir tíu árum seinna sem höfundur lagsins Fire in your eyes sem náði níunda sætinu. Tveimur árum síðar steig hún svo aftur á svið með lagið Ding dong sem náði ekki upp úr undankeppni.



Selma Björnsdóttir fór tvisvar út fyrir Íslands hönd í Eurovision.



Hin ísraelska Dana International tók tvisvar þátt í Eurovision. Hún sigraði í fyrra skiptið en í seinna skiptið náði hún ekki upp úr undankeppninni.



Daði og Gagnamagnið freista þess að komast til Júrólands í annað sinn en tóku fyrst þátt í Söngvakeppninni 2017.

Frægasta afkvæmi Eurovision fyrr og síðar er auðvitað ABBA. Hljómsveitin sigraði keppnina árið 1974 með laginu Waterloo sem aflaði henni heimsfrægðar fram á þennan dag. Margir vita að árið áður, 1973 tók ABBA þátt í Melodifestivalen, hinni stórbrotnu undankeppni Svía, með lagið Ring ring og lenti þá í þriðja sæti. Færri vita hins vegar að lag úr smiðju Björns og Bennys keppti fyrir hönd Noregs árið 1981, þegar ABBA var enn starfandi. Lagið hét Never in my life og var flutt af Finn Kalvik. Lagið náði þeim ágæta árangri að verma neðsta sæti keppninnar með engin stig og ABBA hefur ekki tekið þátt í Eurovision síðan.

Hjartaknúsarinn Sir Cliff Richard lagði tvisvar á Júrómiðin, í fyrra skiptið árið 1968 með hið hressilega Congratulations sem tapaði naumlega fyrir spænska framlaginu. Árið 1973 sneri hann svo aftur með lagið Power to all our friends sem náði þriðja sætinu.

Eduard Romanyuta frá Úkraínu trúir ekki á tap! Hann reyndi fjórum sinnum að komast gegnum síuna í heimalandi sínu Úkraínu en hafði aldrei erindi sem erfiði. Árið 2015, þegar Úkraína tók ekki þátt í keppninni, vippaði hann sér til nágrannanna í Moldavíu og hlaut náð til að keppa fyrir þeirra hönd.

Sólmyrkvahjartagyðjan Bonnie Tyler birtist öllum að óvörum með framlag Englands árið 2013, full sjálfstrausts með lagið Believe in me sem lenti í 19. sæti. Það var ekki í fyrsta sinn sem hún var orðuð við þátttöku, hún var beðin af breskum yfirvöldum að taka þátt í keppninni árið 1985 þegar hún var heimsfræg á toppnum en hafnaði því þá, enda keppnin þá ekki komin allan hringinn frá því að vera töff og yfir í að verða það aftur.



Sigga Beinteins er Júródrottning Íslands og hefur keppt úti í þrígang.

Við Íslendingar erum náttúrlega með fámennari þjóðum sem taka þátt í Eurovision, þannig að það liggur í hlutarins eðli að fleiri en einn og fleiri en tveir tónlistarmenn hafa farið oftar en einu sinni og oftar en tvisvar í aðalkeppnina. Hér þýðir ekkert að telja upp bakraddir eða lagahöfunda því það yrði allt of langur listi heldur verður eingöngu fjallað um þá keppendur sem hafa farið sem aðalfulltrúar Íslands oftar en einu sinni.

Fyrstan skal frægan telja rauðhærða rokkarann Eiríks Hauksson sem var hluti af okkar fyrsta framlagi, Gleðibankanum, ásamt félögum sínum í Icy tríóinu sem lenti í 16. sæti eins og alþjóð mun gjörkunnugt. Meira en tuttugu árum síðar lét hann tilleiðast aftur og tók þátt fyrir okkar hönd með laginu Valentine lost, eða Ég les í lófa þínum eins og það hét á íslensku og sýndi að hann hafði engu gleymt þó lagið færi ekki upp úr forkeppninni.

Sigga Beinteins ber óskoraðan titilinn Júródrottning Íslands en hún fór hvorki meira né minna en þrisvar sem aðalkeppandi fyrir Íslands hönd. Fyrst þegar þau Grétar Örvarsson náðu hvorki meira né minna en fjórða sæti með hinni hressu sveiflu Eitt lag enn og næst þegar hún, ásamt Sigrúnu Evu Ármannsdóttur, náði að bræða bæði landann og útlendinginn með laginu Nei eða já sem hampaði sjöunda sætinu árið 1992. Árið 1994 stóð hún svo ein fremst á sviðinu og söng lagið Nætur sem hreppti 12. sætið.

Selma Björnsdóttir skaut Íslendingum ljúfsáran skelk í bringu, þegar hún söng okkur næstum því til sigurs árið 1999 og flutti lagið All out of luck svo vel, að aðeins sautján stig skildu hana og sænska sigurvegarann að. Sex árum síðar hélt hún aftur til keppni með lagið If I had your love en af einhverjum ástæðum fór það lag ekki upp úr forkeppninni.

Jónsi í allskonar fötum fór einn til keppni árið 2004 með lagið Heaven sem sem lenti í 19. sæti og var svo meðreiðarsveinn Gretu Salóme árið 2012 og fór þá í 20. sætið. Greta fór svo ein árið 2016 með lagið Hear them calling en náði ekki upp úr forkeppninni.

Hvernig Daða og Gagnamagninu gengur í kvöld er alls óvitað þegar þetta er skrifað en eitt er víst að alltaf verður ákaflega gaman þá.

Mjög ánægð með árangurinn og virknina af Active JOINTS

Ég er búin að nota Active JOINTS í nokkra mánuði og er mjög ánægð með árangurinn og hvernig mér líður í líkamanum af því að nota það. Áður en ég byrjaði á Active JOINTS var ég búin að vera mörg ár á öðru fæðubótarefni sem er eingöngu fyrir liðina.



Ég er ekki með bjúg lengur.

Ég hef engin óþægindi eða eymsli í liðunum en það var vandamál hjá mér áður. Ég get reynt vel á mig meira því ég finn ekki eins mikið fyrir líkamlegu álagi eins og ég gerði áður sem er frábær munur.

Hrönn Ægisdóttir



Active JOINTS inniheldur eingöngu íslensk hráefni með staðfesta verkun.

Kalkþörungar,
smáþörungar,
GeoSilica,
Birki,
C&D3 vítamín.

- Virkar vel á liðina, eykur liðleika
- Vinnur vel á viðkvæmum og aumum liðum
- Styrkir beinin, byggir upp bein og bandvef
- Eykur orku og þrek og styttir tímann í endurheimt
- Öflugt andoxunarefni, góð vörn fyrir frumur líkamans
- Styrkir meltinguna og kemur jafnvægi á hana
- Nærandi fyrir húðina, hárið og blóðrásina

Fæst í öllum apótekum, Heilsuhúsinu, Hagkaup, Fjarðarkaup og á eylif.is



GLÓDÍS LOUNGE CHAIR KR. 105.700
TILBOÐSVERÐ KR. 89.845



SIR WILLIAM LOUNGE CHAIR KR. 119.800
TILBOÐSVERÐ KR. 101.830

DUTCHBONE STÓLADAGAR - 15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STÓLUM FRÁ DUTCHBONE - GILDIR TIL 9. MARS



Smart borðlampi kr. 17.600 / 31.500



Glervasi kr. 9.900



Blómapottar kr. 8.700 / 10.600

VOLUSPA



Frábært úrval af VOLUSPA ilmkertum og híbýlailmum



Dione armstóll kr. 99.900



White marble bakki kr. 4.990



Paperweight kr. 2.990



Gler kertalukt kr. 8.900 / 13.300



ÆVINTÝRALEGT ÚRVAL AF FLOTTUM PÚÐUM



Obi motta 170x240 kr. 52.700

Pilar matborð 100 cm kr. 112.000



Opal lampi kr. 18.900



Charm pendulum klukka kr. 10.900



Glass sófaborð 57cm kr. 43.900



Totem gólflampi kr. 39.900

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16



Hrönn, Kolbrún, Linda, Rannveig og Sæunn voru með pappírs-blómvendi árið sem Svala söng Paper.

Eurovision vikan er stórhátíð


Hópur systra úr Dalasýslu sem búa í þremur löndum nota Eurovision keppnina sem ástæðu til að hittast og gera sér glaðan dag saman. Í partýunum er alltaf ákveðið þema og gleðin er mikil.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Systurnar eru þær Hrönn Jónsdóttir, alsystur hennar Rannveig Margrét Jónsdóttir og Kolbrún Jónsdóttir, hálfsystir þeirra Linda Björk Sæmundsdóttir og hálfsystur Lindu, Sæunn Anna Sæmundsdóttir og Dallilja Sæmundsdóttir. Hrönn, Linda og Sæunn búa allar í Noregi. Dallilja og Kolbrún á Íslandi og Rannveig í Danmörku. Þar sem þær ná ekki að hittast oft vegna fjarlægðarinnar á milli þeirra fannst þeim Eurovision vera tilvalin ástæða til að hittast allar saman og hafa gaman.

„Fyrstu árin áður en Linda flutti sjálf til Noregs kom hún alltaf að heimsækja mig og Sæunni í kringum Eurovision. Við hittumst allar heima hjá Sæunni og horfðum saman á keppnirnar," segir Hrönn.

„Síðan hafa Rannveig, Kolbrún og Dalla komið og verið með þegar tækifæri gefst."



Við erum á kafi í að athuga hvar hægt er að fá prentaðar peysur með pixluðum myndum af okkur

Þær systur hafa mismikinn áhuga á Eurovision en Hrönn segir að þær Linda séu mestu áhugamanneskjurnar. „Linda hefur í mörg ár haldið góða glósubók og gert úttektir á lögunum sem taka þátt. Ég hef gert það líka þegar ég hef haft tíma. Hinar systurnar hlusta líka og horfa á lögin í meiri eða minni mæli og svo berum við saman bækur okkar og skröfum um þetta allt þegar nær dregur keppni." Yfirleitt eru systurnar mjög ósammála um hvaða lög eru best og á milli þeirra skapast oft ansi skemmtilegar umræður um þátttökuatriðin. „Það hefur samt ekki enn komið til alvarlegs ósættis eða handalögmála," segir Hrönn hlæjandi.

Heljarinnar möguleiki á skemmtun

Hún bætir við að óháð keppninni sjálfri sé óumdeilanlegt að hún bjóði upp á heljarinnar möguleika á skemmtun. „Hvort heldur sem maður hefur gaman af tónlist, góðri eða slæmri. Pínlegum augnablikum, húmor, hallærislegheitum, pólitík, landafræði, litagleði eða „showi" og tilstandi með tilheyrandi gæsahúð af og til."

Hrönn segir að þó að það sé mikill tónlistaráhugi innan fjölskyldunnar snúist Eurovision áhuginn mest um samveruna og tilstandið sem þær systur hafa skapað sjálfar í kringum keppnina. „Börnunum okkar og betri helmingum hefur líka þótt þetta þrælskemmtilegt og allir hlakka til þessarar hátíðar ár hvert."



Hrönn, Sæunn, Linda og Dallilja slepptu lausum sínum innri BDSM-aðdáanda þegar Hatari fór utan.

Úrslitadagurinn er aðalhátíðisdagurinn hjá systrunum en þær reyna samt að horfa líka saman á undanriðlana ef þær geta. „Eurovision vikan er stórhátíð hjá okkur og það má kannski segja að við blóðmjólkum þetta tækifæri til að hittast, skemmta okkur saman, borða góðan mat og njóta lífsins."

Árið 2014 byrjuðu þær að hafa þema í veisluhöldunum á úrslitakvöldinu. „Rannveig átti hugmyndina að því að við klæddum okkur hver í sinn litinn til heiðurs Pollapönki. Síðan þá höfum við alltaf verið með eitthvað þema, oft tengt íslenska atriðinu en þó ekki alltaf. Það er jú skemmtilegast að þemað tengist atriði sem er með á úrslitakvöldinu og það er ekki hægt að ganga að því vísu að íslenska lagið komist þangað."

Hrönn segir að þrátt fyrir að þær hafi margar búið lengi í Noregi og norska framlagið því mest áberandi í kringum þær þá fylgist þær alltaf með hvaða atriði er sent frá Íslandi. „Það þarf mikil ömurlegheit til að við höldum ekki með því framlagi innst inni. Oft vitum við ekki fyrr en á fimmtudeginum hvort íslenska lagið verður með á lokakvöldinu og það setur okkur svolitlar hömlur í vali á þema. Árið 2015 komst Unbroken ekki áfram svo við tókum þá ákvörðum að brúka allar heyrnartól eins og sjá mátti í slóvenska atriðinu sem var í miklu uppáhaldi hjá mér það árið."

Árið 2016 útbjó Rannveig höfuðskraut handa systrunum úr hárspöngum, hreingerningarsvömpum, vatnsblöðrum og gömlum leikföngum til heiðurs þýska laginu Ghost. Árið 2017 komst Svala ekki áfram með lagið Paper en Hrönn segir að það hafi ekki komið systrunum á óvart. Það ár voru þær allar með pappírsblómvendi til að apa eftir atriðinu frá Moldóvu.

„Því miður hafði engin okkar trú á íslenska framlaginu árið 2018. Það var blátt áfram eitthvað það lélegasta sem Ísland hefur boðið upp á síðan árið 1989. Til að einfalda málin tókum við snemma á vordögum ákvörðun um að hafa bara gullþema það árið. Það hefði mögulega verið bráðsmellið að klæða sig í rúllukragaboli, en við skemmtum okkur konunglega í gullinu okkar," segir Hrönn.

Slepptu innri andkapítalísk-um BDSM-unnanda lausum

Í fyrra efaðist enginn úr þessum hressa systrahópi um að Hatari kæmist áfram á úrslitakvöldið. Þær voru því pollrólegar í undirbúningnum. „Við nutum okkar í botn við að sleppa okkar innri andkapítalíska BDSM-unnanda lausum." Hrönn segir að þær systur hafi flestar fylgst með undankeppninni á Íslandi í ár og henni finnst margt frambærilegt vera í boði.

„Ég veit ekki hvort ég á að vera að nefna nein sérstök atriði, en held að mér sé óhætt að segja að nokkrar okkar eru nú þegar búnar að læra ákveðinn dans fyrir úrslitakvöldið í Hollandi 16. maí og við erum á kafi í að athuga hvar hægt er að fá prentaðar peysur með pixluðum myndum af okkur sjálfum."

Kokkalandsliðið

LAUGARDAGUR 29. FEBRÚAR 2020 Kynningar: Matvís



Meðal þeirra bestu í heimi

Íslenska kokkalandsliðið lenti í þriðja sæti á Ólympíuleikum landsliða í matreiðslu sem haldnir voru í Stuttgart í Þýskalandi í síðustu viku. Þetta er besti árangur liðsins til þessa. →2

Nú þarf bara að halda áfram og koma Íslandi betur á kortið sem áhugaverðum stað til að upplifa það besta í matargerð," segir Björn Bragi, forseti Klúbbs matreiðslumeistara. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hreinleiki krydds leggur grunn að góðri og hollri matseld

Innilegar hamingjuóskir til íslenska Kokkalandsliðsins með glæsilega frammistöðu á Ólympíuleikunum í matreiðslu!

Frábært íslenskt hráefni og fagkunnátta á heimsmælikvarða tryggði okkur 3ja sætið.

Pottagaldrar hafa séð landsmönnum fyrir hreinum kryddum og kryddblöndum allt frá árinu 1989.

Allar okkar kryddvörur eru án auka- og íblöndunarefna og koma frá viðurkenndum birgja í Evrópu, sem styður við vistvæna og sjálfbæra framleiðslu víða um heim. Flestar vörur okkar eru fáanlegar í pakkningum fyrir stórnotendur. Kryddin frá Pottagöldrum eru líka hentug í VEGAN og KETÓ matseld!

ELDHÚS ALLRA LANDA
Síðan 1989
POTTAGALDRAR
Sími 564 4449 - Kópavogi
www.pottagaldrar.is

Framhald af forsíðu

Sú staðreynd að íslenska kokkalandsliðið skuli hafa fengið gullverðlaun í báðum keppnisgreinum sínum á Ólympíuleikum landsliða í matreiðslu í síðustu viku er algjörlega stórkostleg," segir Björn Bragi Bragason, forseti Klúbbs matreiðslumeistara sem á og rekur kokkalandsliðið. „Það voru bara þrjár þjóðir sem fengu tvenn gullverðlaun og að við skulum vera ein þeirra, segir mikið um á hvaða stað við erum komin. Til að gera sigurinn enn sætari þá eru fimm af sjö liðsmönnum okkar undir 23 ára aldri og hefðu því í raun getað keppt í ungliðaflokki. Nú þarf bara að halda áfram og koma Íslandi betur á kortið sem áhugaverðum stað til að upplifa það besta sem gerist í mat. Við eigum einstakt hráefni, vegalengdir hér eru stuttar og við eigum augljóslega frábært fagfólk. Allt þetta er sannarlega góður grunnur til að byggja á."

Keppnisskapið jókst

Fyrir keppnina sagðist Björn Bragi hafa vonast eftir 5.-8. sæti sem hefði verið góður árangur að hans sögn. „Við fengum gullverðlaun fyrir báðar keppnisgreinarnar, „Chefs Table" og „Restaurant of Nation". Fyrri keppnisgreinin „Chefs Table" var haldin í fyrsta sinn þetta árið, sem er auka-áskorun fyrir liðið. Þar er eldaður sjö rétta matseðill fyrir tólf gesti auk þess sem útbúa þarf sýningarstyttu úr súkkulaði. Matseðillinn samanstendur af brauði og íðýfu, fingramat, veganrétti, fiskifati, aðalrétti, eftirrétti og petit four, sem eru litlir kökubitar þar sem hver biti er unninn fyrir sig. Síðan er það liðsins að ákveða hvað boðið er upp á."

Þegar ljóst var að íslenska liðið fengi gullverðlaun fyrir fyrri keppnisgreinina jókst eðlilega keppnisskapið hjá liðsmönnunum að sögn Björns Braga. „Í seinni keppnisgreininni, „Restaurant of Nation" er eldaður þriggja rétta matseðill fyrir 110 gesti. Nokkrir diskanna lenda svo hjá dómurum en keppendur vita aldrei hvaða diskar það verða nákvæmlega. Þessi keppnisgrein er líkari því sem kokkar eru að gera dagsdaglega og hefur hingað til verið okkar sterkasta hlið. Silfur hér hefði verið vonbrigði, en við lönduðum öðru gulli."

Risastökk fram á við

Góður árangur kokkalandsliðsins á Ólympíuleikunum er risastökk fram á við að sögn Björns Braga sem segir liðið lengi hafa nartað í hælana á þeim allra bestu. „Nú er alveg ljóst að við erum meðal þeirra bestu í heiminum í dag. Það er sérstaklega eftirtektarverður árangur að mörgu leyti. Til dæmis eru meðlimir liðs Singapore, sem lentu í 4. sæti, allir í fullri vinnu við að æfa sig í tólf mánuði fyrir keppni. Okkar fólk er hins vegar í fullri vinnu meðfram æfingum."

Hann segir næsta skref vera að mynda ungkokkalið, en sú umræða hafi staðið yfir í 20 ár. „Við ætlum að senda ungkokkalið í næstu keppni, sem er að mínu mati eitt mikilvægasta skrefið sem við þurfum að taka til að vera áfram samkeppnishæf á meðal þeirra bestu í heiminum. Um leið verðum við með helmingi stærri hóp sem er að undirbúa sig og æfa fyrir keppnir."

Smæðin er kostur

Framtíðin er því mjög björt að sögn Björns Braga og bara spurning hvernig tækifærin fram undan verða nýtt. „Ég held að möguleikar fyrir íslenska matreiðslumenn séu mjög miklir en einnig má benda á að Norðurlandaþjóðir voru í fjórum af fimm efstu sætunum á Ólympíuleikunum. Matarferðamennska fer ört vaxandi í heiminum og gæti skilað miklum tekjum í þjóðarbúið. Íslensk veitingahús eru alla jafna mjög góð og að mínu mati er hlutfall góðra veitingahúsa hærra hér en víðast hvar erlendis. Það að fá ungt og hæfileikaríkt fólk til að keppa í vinnunni sinni er stórkostleg fjárfesting og þannig erum við að búa til enn hæfari einstaklinga í sínu fagi. Hér á landi er smæðin að vinna með okkur enda er hlutfall kokka sem hafa farið í gegnum keppnisferlið miklu hærra hér á landi en annars staðar."

Mikill undirbúningur

Næsta stórmót hjá kokkalandsliðinu er Heimsmeistaramótið í matreiðslu sem verður haldið í Lúxemborg árið 2022. „Næstu mánuðir fara því í undirbúning og í að setja saman nýtt lið. Best er að fá einhverja endurnýjun því það er gott og hollt að fá inn nýja meðlimi í bland við þá sem hafa reynslu. Eftir sumarið byrja svo æfingar sem standa yfir í um 18 mánuði sem gerir um 10.000 vinnustundir í undirbúning og æfingar. Svona frábær árangur í ár er því sannarlega engin tilviljun heldur er búið að vinna mikið fyrir honum. Núna í sumar mun svo Sigurjón Bragi Geirsson keppa fyrir Íslands hönd í „Global chef challenge". Keppnin verður haldin í St. Pétursborg í Rússlandi og koma keppendur frá 20 löndum, en við unnum okkur inn keppnisrétt út af árangri landsliðsins."



„Ég held að möguleikar fyrir íslenska matreiðslumenn séu mjög miklir," segir Björn Bragi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Æfingar fyrir stórmót eins og Ólympíuleika taka um 18 mánuði.


Andinn í hópnum var frábær og liðið vann mjög vel saman.

> **Það að fá ungt og hæfileikaríkt fólk til að keppa í vinnunni sinni er stórkostleg fjárfesting og þannig erum við að búa til enn hæfari einstaklinga í sínu fagi.**



Íslenska liðið fagnaði vel þegar ljóst varð að það hefði hreppt þriðja sætið.



HEILDARLAUSNIR
FYRIR HÓTEL OG VEITINGAHÚS
FASTUS
Veit á vandaða lausn

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,, | Veffang: frettabladid.is

TIL HAMINGJU!



Ásbjörn Ólafsson ehf. óskar íslenska Kokkalandsliðinu til hamingju með frábæran árangur á Ólympíuleikunum í matreiðslu. Kokkalandsliðið velur aðeins það besta og klæðist því KENTAUR® kokkafatnaði.

„Við veljum Kentaur kokkafatnað vegna þess að hann er ekki bara flottur og klæðilegur, heldur einnig vegna þess að hann er þægilegur í hasarnum í eldhúsinu."
-Fanney Dóra, varaforseti Klúbbs Matreiðslumeistara

Ásbjörn

Ásbjörn Ólafsson ehf.

Allt fyrir stóreldhúsið!
www.asbjorn.is

Heppin að eiga kokk fyrir kærasta

Snædís Jónsdóttir er fyrirliði íslenska kokkalandsliðsins sem lenti í þriðja sæti á Ólympíuleikum landsliða á dögunum. Hana dreymdi um að verða fatahönnuður en eldamennska togaði í hana.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Eftirlætismaturinn minn er íslensk kjötsúpa að hætti pabba míns á Dalvík," segir Snædís Jónsdóttir, fyrirliði íslenska kokkalandsliðsins.

Hún var ekki nema sjö ára þegar hún var farin að dunda sér við bakstur og eldamennsku heima á Dalvík.

„Ég hef aldrei verið matvönd en hins vegar alltaf verið spennt fyrir því að smakka alls konar mat. Mamma mín er filippseysk og var ekkert of spennt fyrir íslenska matnum þegar ég var lítil en stjúppabbi minn, sem er íslenskur, vildi sinn íslenska mat og því var oft tvíréttað á borðum. Ég fékk að taka þátt í matseldinni og uppáhaldsmaturinn minn í þá daga var fiskur í raspi sem ég bar fram með kartöflum, hrísgrjónum og tómatsósu," segir Snædís, sællar minningar.

Hún er fædd og uppalin fyrstu fjögur ár ævinnar á Filippseyjum þar sem hún á pabba og fjölskyldu sem hún heimsækir af og til.

„Ég ætlaði mér aldrei að verða kokkur heldur fatahönnuður. Ég byrjaði að læra fatasaum á Akureyri og vann alltaf með skólanum á sushiveitingastað í bænum. Þar var ég dugleg að taka aukavaktir því mér fannst gaman að vinna í veitingabransanum. Svo kom að því að ég flutti suður til að fara í fatatækninám í Tækniskólanum og sótti þá um starf á Sushi Social að áeggjan vinnuveitanda míns á Kung Fu Sticks & Sushi á Akureyri. Ég sló til, fór í prufur og fékk vinnuna og endaði með að vinna þar í sex ár. Stemningin á Sushi Social er eins og allir vita einstaklega skemmtileg og mér þótti alltaf gaman að mæta í vinnuna, fann mig flinka í því sem ég gerði, fékk stöðuhækkun og eigandinn hvatti mig óspart til að fara í kokkinn. Ég þráaðist við, sagðist ekki geta hugsað mér að vinna við eldamennsku það sem eftir væri ævinnar og vann hörðum höndum að því að sækja um háskólanám í fatahönnun á Ítalíu," segir Snædís sem hikaði þó í þeim undirbúningi og ákvað að taka árspásu frá námi til að hugsa sinn gang.

„Ég fór þá til fjölskyldunnar á Filippseyjum og í fjarlægðinni fann ég að það var eldamennskan sem togaði í mig. Mér hafði líka alltaf þótt skemmtilegra að mæta í vinnuna og elda en að mæta í skólann. Ég hlustaði því á minn innri mann og hafði auðvitað fyrir löngu fundið mína hillu, þótt ég hafi verið blind á það árum saman."



Snædís Jónsdóttir er stoltur fyrirliði íslenska kokkalandsliðsins. Hér á Mími þar sem hún vinnur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Mér þótti alltaf skemmtilegra að mæta í vinnuna og elda en að mæta í skólann. Ég hafði því fundið mína hillu þótt svo ég hefði verið blind á það lengi.

Matarparadísin Ísland

Snædís hafði heyrt ýmsar hryllingssögur um að kokkastarfið væri alls ekki fyrir kvenfólk.

„Að sumu leyti er það rétt því starfið er líkamlega erfitt, að rogast um með 24 kílóa poka og stóra potta fulla af mat. Þá hentar vinnutíminn ekki öllum og þetta er karlaheimur, en sem betur fer er það að breytast og fleiri konur að læra til kokks. Mér var strax tekið opnum örmum og var hvött til þess að keppa að því að komast í landsliðið," segir Snædís sem byrjaði snemma í kokkalandsliðinu.

„Þegar ég er vel undirbúin í keppni er ég full tilhlökkunar og aldrei kvíðin eða taugaóstyrk. Það skiptir líka máli að mæta til leiks fullur sjálfstrausts. Það var samvinnan sem kom okkur alla leið í verðlaunasætið nú, en líka mikill metnaður og vilji. Landsliðið er ungt og meðalaldurinn 24,8 ár. Við fórum í keppnina til að búa til góðan mat og hafa eldhúsið hreint því það vegur stundum meira en maturinn. Við fengum 100 stig fyrir skipulag og það kom okkur langt að við unnum fumlaust og af ástríðu við matseld gómsætra rétta í hreinu eldhúsi," segir Snædís.



Uppskriftin sem Snædís gefur lesendum hér, er úr sömu hráefnum og kokkalandsliðið tefldi fram á Ólympíuleikunum, íslensk bleikja með froðusósu sem nú er vinsæl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hún segir bragðið af matnum svo hafa fært landsliðinu bronsið.

„Í keppnum sem þessum eru alls konar reglur. Það þarf að huga að árstíðabundnu hráefni, nútímatækni þarf að sjást á diskinum og rétturinn þarf að vera fínn og flottur en þó ekki of flókinn því þá getur bragðið farið að klikka og eldhúsið orðið skítugra en ella. Því er í mörg horn að líta, en ef maður hannar rétt sem er fallegur, góður og meikar sens er hann eiginlega algjör negla," segir Snædís.

Hún segir Ísland verða æ vinsælla til matarferðamennsku.

„Hér eru mjög flottir veitingastaðir sem hafa hlotið mikla athygli, sem og margir áhugaverðir kokkar sem hafa búið til ótrúlega metnaðarfullan og flottan mat og matstaði. Íslenska hráefnið er líka einstakt og ferskt. Íslendingar eru snobbaðir þegar kemur að hráefni. Þeir vilja hágæða vörur, sætta sig ekki við neitt minna og ferðamenn njóta góðs af kröfum heimamanna. Þá eykur hróður landsliðsins enn á orðspor Íslendinga þegar kemur að eldamennsku," segir landsliðskokkurinn Snædís, sem þó eldar aldrei heima.

„Nei, það er það leiðinlegasta sem ég geri. Þegar ég á frí panta ég frekar mat eða fer út að borða. Ég er þó heppin að kærastinn minn, Sigurður Helgason, er matreiðslumaður líka og fyrrverandi landsliðskokkur og hefur stundum gaman af því að gleðja mig með góðum mat heima."

Hægelduð bleikja með sítrussalati, fennel og fennelsósu.

Uppskrift fyrir 4 í forréttastærð

400-500 g bleikja
100 g sykur
100 g salt
10 g fennelfræ
Rifinn börkur af einni appelsínu

Blandið saman salti, sykri, fræjum og appelsínuberki. Dreifið því vel yfir bleikjuna og látið ligga í 20 mínútur. Skolið af með vatni og eldið bleikjuna á 48°C í 10 mínútur.

Fennelsósa

250 g fennelsafi
1stk. laukur
1stk. fennel
50 g fennelfræ
250 g rjómi

Saxið lauk og fennel smátt og svitið í potti. Setjið safann út í og sjóðið smá niður. Bætið rjóma út í og sjóðið sósuna niður í 300 grömm. Maukið saman með töfrasprota og sigtið í gegnum sigti.

Borið fram með blóðappelsínu, appelsínulaufum og þunnt skornu fenneli.




Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



OLÍS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA SÖLUFULLTRÚA

Um er að ræða sölu á sérhæfðri vöru sem tengist matvælaframleiðslu og eru helstu markaðir sjávarútvegur, fiskeldi og kjötvinnsla.

Helstu verkefni

- Almenn sölustörf til fyrirtækja í matvælaframleiðslu
- Viðhald og öflun nýrra viðskiptasambanda
- Þjónusta og úttektir hjá viðskiptavinum
- Eftirfylgni söluherferða og tilboða

Hæfniskröfur

- Mikil þjónustulund og samskiptahæfni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði
- Reynsla af sölustörfum
- Þekking eða menntun tengd matvælamarkaði góður kostur

Um er að ræða starf á fyrirtækjasviði Olís sem staðsett er í Vatnagörðum 10.
Umsóknir berist til mannauðsstjóra Olís, merktar „Sölufulltrúi“ á rbg@olis.is fyrir 8. mars 2020.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís
Vinur við veginn

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Laust er til umsóknar starf sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs hjá Seltjarnarnesbæ. Um er að ræða 100% starf í stjórnsýslu bæjarins. Starfið heyrir beint undir bæjarstjóra. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sviðsstjóra sem ber m.a. ábyrgð á skipulagsgerð í bænum í samræmi við lög nr. 123/2010 og reglugerðir og á framkvæmd opinbers byggingareftirlits í samræmi við gildandi lög nr. 160/2010 og reglugerðir.

Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með skipulagsgerð, veitingu byggingarleyfa og eftirliti framkvæmda
- Samskipti við hönnuði, verktaka og íbúa í tengslum við skipulags- og byggingarleyfi
- Ábyrgð og umsjón með útgáfu byggingarleyfa, vottorða og skráningu mannvirkja
- Yfirferð og samþykkt aðaluppdrátta, verkfræði- og séruppdrátta
- Ábyrgð á starfsemi þjónustumiðstöðvar, smábátahafnar, eignasjóðs, brunavörnum, fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu, umhverfismálum, umferðar- og samgöngumálum, framkvæmda- og viðhaldsmálum bæjarins
- Umsjón með náttúruverndarmálum ásamt umhverfis- og hreinlætismálum
- Gerð starfs-, rekstrar-, og framkvæmdáætlana
- Sviðstjóri situr fundi skipulags- og umferðarnefndar og umhverfisnefndar bæjarins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Réttindi skipulags- og byggingafulltrúa
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Leiðtogahæfni, jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á sviði framkvæmda er nauðsynleg
- Æskilegt er að umsækjandi uppfylli skilyrði 8. og 25.gr. mannvirkjalaga og 7. gr. skipulagslaga
- Góð þekking á lögum og reglugerðum tengdum bygginga- og skipulagsmálum er æskileg
- Þekking/reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um.
Um launakjör fer eftir ákvörðun bæjarráðs um stjórnendakjör Seltjarnarnesbæjar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Nýtt stjórnskipulag Seltjarnarnesbæjar tekur formlega gildi 1. mars 2020. Það miðar að því að færa uppbyggingu og virkni stjórnskipulags Seltjarnarnesbæjar til þess sem almennt gildir hjá sveitarfélögum af sambærilegri stærð, með því að gera rekstur bæjarins einfaldari og skilvirkari.

Í nýju skipuriti er stjórnsýslu og rekstri skipt upp í fjögur svið. Á hverju sviði er sviðsstjóri sem ber ábyrgð gagnvart bæjarstjóra á öllum málaflokkum sem undir sviðið heyra. Samkvæmt nýju skipuriti verður skipting sviða eftirfarandi: Fjölskyldusvið, Skipulags- og umhverfissvið, Þjónustu- og samskiptasvið og Fjármálasvið.

Lykilorð nýs skipurits er samvinna og er því ætlað að skýra hlutverk og ábyrgð og stuðla þannig að góðri stjórnsýslu, vönduðum ákvörðunum og skilvirkri framvæmd þeirra.

Nánari upplýsingar um Seltjarnarnesbæ má finna á **www.seltjarnarnes.is**

Nánari upplýsingar:
Ari Eyberg (ari@intellecta.is)
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)

Umsóknarfrestur: 16. mars 2020.
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

tern systems

USER CENTERED | FUTURE FOCUSED



For over 20 years Tern Systems has developed Air Traffic Control solutions | Each year they help to safely navigate millions of passengers to destinations worldwide

Operations Software Engineer

Are you an experienced Operations Software Engineer? Join our team in delivering mission-critical Air Traffic Control systems.

You will work to ensure operational stability and quality of systems in operation in partnership with users and operational maintainers, for systems deployed domestically and abroad.

Technical Writer

We are searching for an experienced Technical Writer to create user-friendly and engaging product information for partners and customers in digital and print formats.

The ideal candidate will have a talent for describing software functions and an understanding of how to best convey information to a variety of audiences.

Software Engineer

Software Engineers at Tern Systems are involved in the design, implementation and deployment of Air Traffic Control systems.


You will work closely with experts in operational systems to build innovative solutions which solve real problems and are competitive in the industry.

Quality Assurance Engineer

As a Quality Assurance Engineer you will join one of our development teams with a focus on deploying safe and reliable software for live Air Traffic Control systems.

You will also work with our existing Quality Assurance Testers and Engineers to improve best practices across the company.

Submit applications through **www.tern.is/career** before March 21st.



posturinn.is

Skjalastjóri

Pósturinn vill ráða öflugan skjalastjóra til að leiða breytingar á skjalamálum félagsins og stýra innleiðingu nýs kerfis. Viðkomandi sér um daglega umsýslu skjala, frágang skjalasafns og hefur eftirlit með skráningu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Skjalastjóri ber ábyrgð á stafrænni þróun, verklagi og stefnumótun skjalamála, stýrir ýmsum verkefnum þvert á fyrirtækið og vinnur náið með ýmsum deildum innan fyrirtækisins.

Viðkomandi sér um mótun skjalavistunaráætlunar og sinnir ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks. Starf skjalastjóra tilheyrir verkefnastofu Póstsins og heyrir undir mannauðsstjóra.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólamenntun með áherslu á skjalastjórn er skilyrði
- Þekking, reynsla og áhugi á stafrænni þróun í skjalavistunarmálum er skilyrði
- Mjög góð færni í samskiptum er lykilatriði
- Alhliða þekking og reynsla á sviði upplýsingatækni er æskileg
- Þekking á gæðastjórnun og staðli um upplýsingaöryggi æskileg
- Þekking á persónuverndarlögum er kostur
- Jákvætt viðhorf, góð þjónustulund og skipulagshæfileikar
- Góðu íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 8. mars 2020. Sótt er um starfið á vef Póstsins. Umsókn skal fylgja ferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Indriðadóttir, mannauðsstjóri á netfangið sigriduri@postur.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Pósturinn er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í dreifingarlausnum. Dreifikerfi fyrirtækisins nær til allra landsmanna og er auk þess í samstarfi við öfluga aðila um allan heim. Höfuðstöðvar eru í Reykjavík en fyrirtækið starfrækir starfsstöðvar víðsvegar um landið.

Hjá fyrirtækinu starfar lausnamiðað keppnisfólk sem tekur fagnandi á móti síbreytilegum áskorunum hvað varðar öflugar og hraðar dreifingarlausnir sem standast kröfur viðskiptavinarins. Hjá okkur er lögð áhersla á að móta sjálfbæra leiðtogamenningu þar sem allir stjórnendur eru öflugir leiðtogar mannauðs, þar sem liðsheild, þjálfun og góður starfsandi er í forgrunni.

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

PÓSTURINN

Sviðsstjóri sviðs friðlýsinga og starfsleyfa

UMHVERFIS STOFNUN

Umhverfisstofnun leitar að leiðtoga fyrir svið friðlýsinga og starfsleyfa. Stofnunin gegnir mikilvægu hlutverki í náttúruvernd og mengunarvörnum og er sviðsstjóri stefnumótandi við framkvæmd friðlýsinga og útgáfu starfsleyfa.
Leitað er að hvetjandi einstaklingi sem er tilbúinn að leiða hóp sérfræðinga með jákvæðni og metnað að leiðarljósi.
Sviðsstjóri er fyrirmynd í öllum sínum störfum og samskiptum og ber ábyrgð á jákvæðum skilaboðum innan stofnunar og út á við og fagnar áfangasigrum.

Umsóknarfrestur
16. mars

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/23681

Starfssvið:
- Daglegur rekstur og stjórnun.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Þróun, stefnumótun og markmiðasetning.
- Mannauðsmál sviðsins.
- Samskipti við Alþingi, ráðuneyti, stofnanir og hagsmunaaðila f.h. Umhverfisstofnunar.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Meistarapróf á háskólastigi eða sambærileg gráða sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnunarstörfum.
- Leiðtogahæfileikar og góð færni í samskiptum.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Þekking og/eða reynsla af málaflokkum sviðsins.

Umhverfisstofnun fer með framkvæmd laga um loftslagsmál, náttúruvernd, mengunarvarnir og efnamál, hefur umsjón með veiðistjórnun villtra fugla og spendýra og verkefnum sem miða að því að efla samfélagið í grænum lausnum. Stofnunin starfar á níu stöðum á landinu.

Nánari upplýsingar má finna á www.ust.is

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_



Reykhólar er sveitarfélag með um 270 íbúa og þar af býr um helmingur þeirra í þéttbýlinu á Reykhólum. Á Reykhólum er að finna margvíslega þjónustu.
Starfsfólk sveitarfélagsins aðstoðar við að finna húsnæði og í boði er flutningsstyrkur.

Staða leikskólakennara í 100% starfshlutfalli, best er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið: Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu sveitarfélagsins. Nánar um starfssvið leikskólakennara má lesa hér.

Menntunar og hæfniskröfur:
- Kennaramenntun, leyfisbréf og hæfni til kennslu í leikskóla
- Góð íslenskukunnátta
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og sveigjanleiki í vinnubrögðum
- Reglusemi og samviskusemi
- Hefur hreint sakarvottorð

Launakjör eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.
Umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), leyfisbréf til kennslu, kynningarbréf og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir Anna Björg Ingadóttir skólastjóri í síma 434-7731 eða í gegnum netfangið skolastjori@reykholar.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2020.
Umsóknum skal skilað til skólastjóra á netfangið skolastjori@reykholar.is

Staða leikskólastjóra í 100% starfshlutfalli, frá og með 1. júní 2020 eða eftir samkomulagi.

Starfssvið: Leikskólastjóri starfar samkvæmt gildandi lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Reykhólahrepps. Nánar um starfssvið leikskólastjóra má lesa hér.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Kennaramenntun, leyfisbréf og hæfni til kennslu í leikskóla
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar er kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og sveigjanleiki í vinnubrögðum
- Reglusemi og samviskusemi
- Hefur hreint sakarvottorð

Leikskólastjóri á leikskóladeildinni Hólabæ starfar í nánu samstarfi við skólastjóra grunnskólastigs. Þeir mynda skólastjórn Reykhólaskóla/Hólabæjar sem er ein og sama stofnunin. Þeim ber því að vinna saman að öllum þeim verkefnum og málum þar sem samstarf þeirra getur leitt til faglegra og árangursríkara skólastarfs þar sem hagsmunir nemenda/barna eru ávallt hafðir í fyrirrúmi.
Launakjör eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.
Umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), leyfisbréf til kennslu, kynningarbréf og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri Reykhólahrepps, í síma 430-3200 eða í gegnum netfangið sveitarstjori@reykholar.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2020.
Umsóknum skal skilað til sveitarstjóra Reykhólahrepps á netfangið sveitarstjori@reykholar.is

Sviðsstjóri þinglýsinga- og leyfasviðs

SÝSLUMAÐURINN

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsir lausa til umsóknar stöðu sviðsstjóra þinglýsinga- og leyfasviðs embættisins. Sviðsstjóri heyrir undir sýslumann og situr í framkvæmdastjórn embættisins. Starf sviðsstjóra felst fyrst og fremst í stjórnun, skipulagningu, stefnumótun og samhæfingu á starfsemi sviðsins og að unnið sé í samræmi við lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli. Sviðsstjóri er ábyrgur fyrir stjórnun mannauðs á sviðinu og ber faglega ábyrgð á verklagi og úrlausn mála innan þess.
Leitað er að dugmiklum, faglega sterkum og metnaðarfullum einstaklingi í starfið.

Helstu verkefni:

- Þjónusta, rekstur og mannauðsmál sviðsins
- Dagleg yfirsýn yfir verkefnastöðu og eftirfylgni með markmiðum sviðsins
- Þátttaka í þróun tölvukerfa og þróun á stafrænni þjónustu
- Frumkvæði að þróun á starfsemi og verklagi faghópa
- Skipuleggur fundi á sviðinu og tryggir eðlilegt upplýsingaflæði
- Vinnur að því að efla og þróa þjónustu embættisins
- Samskipti við opinbera aðila, fjölmiðla og aðra hagsmunaaðila
- Umsjón með skipulagi og framkvæmd atkvæða-greiðslu utan kjörfundar í umdæminu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Haldgóð þekking á ákvæðum þeirra laga sem unnið er með á þinglýsinga- og leyfasviði og helstu álitaefnum sem reynir á við túlkun þeirra
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Leiðtogahæfni, yfirsýn og árangursmiðað viðhorf
- Framúrskarandi samskiptahæfni, frumkvæði og rík þjónustulund
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Mjög góð almenn tölvuþekking
- Mjög gott vald á íslensku í mæltu og rituðu máli

Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði. Sýslumenn fara með framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi. Í umdæmi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu búa um 64% landsmanna.

Málaflokkar þinglýsinga- og leyfasviðs eru einkum þinglýsingar, lögbókandagerðir, leyfisveitingar og löggildingar, verkefni skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, auk kosninga utan kjörfundar.

Hjá embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu starfa um 100 manns.

Nánari upplýsingar um verkefni sýslumanna má finna á vef sýslumanna: **www.syslumenn.is**

Umsókn óskast útfyllt á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja afrit af prófskírteinum, ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.
Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Stéttarfélags lögfræðinga.
Við ráðningu er tekið mið af jafnréttisstefnu embættisins.

Nánari upplýsingar:
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)
Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



FJÁRMÁLAUMSJÓN/CONTROLLER

HRAFNSHÓLL
HAGKVÆMAR HÚSNÆÐISLAUSNIR

Hrafnshóll óskar eftir að ráða starfsmann til að vinna með fjármál fyrirtækisins.

Hrafnshóll er fyrirtæki sem þróar hagkvæmar húsnæðislausnir og sérhæfir sig í að byggja húsnæði á landsbyggðinni. Leitað er að fjármálaglöggum aðila sem hefur áhuga á að taka þátt í spennandi uppbyggingu með fyrirtækinu.

HELSTU VERKEFNI:

- Dagleg fjármálaumsýsla og kostnaðareftirlit
- Umsjón og ábyrgð á fjárstreymis-, tekju- og rekstraráætlunum
- Samskipti við viðskiptavini og lánastofnanir
- Þátttaka í innkaupum og tilboðsgerð

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun á sviði fjármála eða viðskipta
- Færni í fjármálastjórn og reynsla af áætlanagerð
- Mjög góð greiningarfærni og framúrskarandi Excelkunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar og samningatækni

Hrafnshóll var stofnað 2017 og byggir vandað íbúðarhúsnæði með nútímalegum aðferðum á skjótan og hagkvæman hátt. Fyrirtækið hefur í samstarfi við sveitarfélög víða um land byggt húsnæði sem meðal annars uppfyllir skilyrði laga og reglugerða um hagkvæmt íbúðarhúsnæði.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.hrafnsholl.is**.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, agla@radum.is.

ráðum
ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 8. mars nk.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • radum@radum.is

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafjarðarbær auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs bæjarins. Sviðsstjóri heyrir beint undir bæjarstjóra, er staðgengill hans og gegnir skyldum bæjarritara. Jafnframt heyrir undir viðkomandi rekstur bæjarskrifstofu, menningarmál bæjarins og yfirstjórn fjármála. Um er að ræða 100% starf og er æskilegast að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Leitað er að einstaklingi sem hefur frumkvæði og aðlögunarhæfni að síbreytilegum aðstæðum og fjölbreyttum verkefnum. Mikilvægt er að viðkomandi geti unnið vel í liði, ásamt því að vera sjálfstæður í verkefnum þegar þörf er á. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og hafa gott vald á íslenskri tungu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirmaður stjórnsýslu- og fjármálasviðs bæjarins
- Staðgengill bæjarstjóra
- Ritari bæjarstjórnar og bæjarráðs
- Verkefnastýring, vinnsla og eftirfylgni ákvarðana bæjarráðs og bæjarstjórnar
- Daglegur rekstur og mannauðsmál bæjarskrifstofu
- Umsjón með persónuverndarlöggjöf og jafnlaunavottun
- Ber ábyrgð á málaflokkunum menningar- og atvinnumál

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Í sveitarfélaginu búa tæplega 4000 íbúar en Ísafjarðarbær varð til þann 1. júní 1996 við sameiningu sex sveitarfélaga. Bæjarfélagið er víðfeðmt og nær allt frá Arnarfirði að sunnanverðu að Geirólfsnúpi á Hornströndum.

Byggðarkjarnar sveitarfélagsins eru fimm: Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri og Þingeyri.

Ísafjarðarbær er skemmtilegur og litríkur bær með fjölbreytt menningarlíf. Bærinn hefur upp á margt að bjóða; öfluga og framsækna skóla, fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf, blómlegt tónlistarlíf, góða þjónustu og verslanir, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika til að njóta einstakrar náttúru svæðisins.

Nánari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á heimasíðu þess:
www.isafjordur.is

Launakjör eru í samræmi við laun annarra sviðsstjóra Ísafjarðarbæjar og taka mið af kjarasamningi BHM við Samband íslenskra sveitarfélaga. Samkvæmt bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar ræður bæjarstjórn sviðsstjóra.
Með umsókn skal fylgja kynningarbréf þar sem í stuttu og kjarnyrtu máli er gerð grein fyrir kostum umsækjanda sem nýtast í starfi, ferilskrá og afrit af prófskírteini / prófskírteinum.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Áhugasamir einstaklingar, af öllum kynjum, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar:
Ari Eyberg (ari@intellecta.is)
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)

Umsóknarfrestur: 16. mars 2020.
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Forstöðumaður hönnunardeildar í Reykjavík

Vegagerðin

Laust er til umsóknar starf forstöðumanns hönnunardeildar Vegagerðarinnar í Reykjavík. Um 100% starf er að ræða.

Starfssvið deildar

Umsjón með hönnun vega, brúa og annarra vatnavirkja fyrir nýbyggingar og viðhald, ásamt gerð verk- og útboðslýsinga. Auk þessa umsjón með jarðtæknilegri og umferðartæknilegri hönnun, verkefni við mat á umhverfisáhrifum, umferðaröryggismat og umsjón með umferðaröryggisrýni. Deildin hefur umsjón með reglum, leiðbeiningum og verklagsreglum er varða hönnun vega og brúa.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræðingur eða tæknifræðingur, meistaragráða.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Þekking og reynsla af hönnun samgöngumannvirkja.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli.
- Hæfni til að fylgja málum eftir og finna bestu lausnir hverju sinni.



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2020. Sótt er um starfið á www.starfatorg.is Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um umbeðnar menntunar- og hæfniskröfur, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Valur Jóhannsson, framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs í síma 522-1005.
Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Við leitum að vönum starfsmanni í móttöku fyrir hágæðahótel í Reykjavík

Móttökustarfsmaður hefur yfirumsjón með móttöku gesta, eftirlit með daglegum bókunum, jafnframt því að annast samskipti við erlendar ferðaskrifstofur, tilboðsgerð og frágang samninga auk þess að sjá um starfsmannahald í móttöku og vaktafyrirkomulag.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu með menntun á sviði ferðamála, hótelreksturs, viðskiptafræði eða sambærilega menntun og/eða með reynslu af sambærilegum störfum.

Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á íslensku og ensku í tali og riti. Starfinu fylgir mikil erlend samskipti sem og innlend.

Áhersla er lögð á hæfni í mannlegum samskiptum, þjónustulipurð, snyrtimennsku, skipuleg vinnubrögð, sjálfstæði í starfi og fagmennsku í hvívetna.



Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á **mottaka2020@gmail.com**.
Umsóknarfrestur er til og með 15. mars nk.
Gengið verður frá ráðningu sem fyrst.

Sálfræðingur

Sálfræðingur óskast til starfa hjá félagsþjónustu Borgarbyggðar í 60- 100% starf

Störf sálfræðings eru á sviði barnaverndarnefndar og velferðarnefndar. Borgarbyggð þjónustar einnig Dalabyggð og Skorradal um barnavernd, félagsþjónustu og í málefnum fólks með fötlun.

STARFSSVIÐ

- Greining og meðferð barnaverndarmála
- Einstaklings- og fjölskyldumál fyrir félagsþjónustu, þ.m.t. þjónusta við fatlaða
- Þverfagleg teymisvinna með stofnunum, s.s. skólum, leikskólum og öðrum þjónustustofnunum vegna málefna einstaklinga og fjölskyldna
- Annast fræðslu fyrir stofnanir sveitarfélagsins s.s. skóla, leikskóla og aðrar þjónustustofnanir, um barnavernd og aðra faglega þætti er lúta að sviði sálfræðings

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Starfsréttindi sem sálfræðingur
- Þekking og reynsla á sviði barnaverndar, félagsþjónustu og af vinnu með fólki með fötlun
- Reynsla af meðferð fjölskyldumála
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum berist á netfangið **borgarbyggd@borgarbyggd.is**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Inga Vildís Bjarnadóttir, *félagsmálastjóri* í síma 433-7100, **vildis@borgarbyggd.is.**

Umsóknarfrestur er til 15. mars nk.

Launa- og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Samband íslenskra sveitarfélaga. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um óháð kyni og uppruna.

BORGARBYGGÐ



Umhverfis- og skipulagssvið leitar að deildarstjóra fyrir deild frumathugana á skrifstofu framkvæmda og viðhalds mannvirkja. Einnig er leitað að sérfræðingi á deildina. Deildin sér um frumathuganir vegna mannvirkjagerðar, sem og forsagnar- og greiningarvinnu.

Starf deildarstjóra felur í sér faglega og leiðandi uppbyggingu á viðkomandi málaflokki en unnið er að umhverfisvottun nýbygginga Reykjavíkurborgar og að hönnun sé almennt unnin í hugmyndafræði BIM (upplýsingalíkön mannvirkja) auk þess sem LCC greining er viðhöfð við kostnaðargreiningu líftíma-kostnaðar nýbygginga.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
Borgartún 12–14 • S. 411 11 11 • usk@reykjavik.is

Reykjavíkurborg

Deildarstjóri frumathugana mannvirkjagerðar

Starfssvið

- Gerð frumathugana bygginga, valkosta og umsagna í samráði við fagsvið borgarinnar.
- Utanumhald verkefna á sviði frumathugana, áætlunargerðar og hönnunar.
- Umsjón með undirbúningi, þarfagreiningu, rýmisgreiningu, forsögn mannvirkja og frumkostnaðaráætlana.
- Innleiðing BIM og vistvænna áherslna í verkefnum sviðsins.
- Umsjón með hönnunarsamkeppnum sem falla undir verkefni deildarinnar.
- Aðkoma að gerð hönnunarsamninga og rýning útboðsgagna.
- Minni skipulags- og hönnunarverkefni tengd breytingum, viðbyggingum, viðhaldsverkefnum o.fl.
- Fjölbreytt ráðgjöf og samskipti við íbúa, verkfræðistofur og verktaka og að svara fyrirspurnum og erindum.
- Samskipti við önnur svið borgarinnar og þátttaka í vinnuhópum og frumkvæðisverkefnum sviðsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði arkitektúrs og framhaldsmenntun í fagi er áskilin.
- Leiðtogahæfni, afburða hæfni í samskiptum og ríkir skipulagshæfileikar.
- Reynsla af faglegri forystu á sambærilegu starfssviði.
- Reynsla af verkefnastjórn og mannaforráðum.
- Þekking á gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana.
- Þekking á skipulags- og byggingarlögum og viðkomandi reglugerðum er kostur.
- Þekking á notkun hönnunarhugbúnaðar og á forritum vegna myndrænnar framsetningar efnis er kostur.
- Þekking á BIM og á hugmyndafræði vistvænnar hönnunar er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram ritað mál.

Sérfræðingur á sviði frumathugana mannvirkjagerðar

Starfssvið

- Þátttaka í vinnslu frumathugana, valkostagreininga og frumhönnunar.
- Verkefni tengd frumathugun mannvirkjagerðar/nýbygginga – þ.m.t. verkefnalýsing, skilgreining verkefna, valkostir, þarfagreining, gerð forsagna og áætlanagerð og umsjón forhönnunar.
- Umsjón og eftirlit með vinnu aðkeyptra ráðgjafa.
- Ráðgjöf við notendur fasteigna Reykjavíkurborgar.
- Þátttaka í vinnuhópum og samskipti við önnur svið borgarinnar.
- Frumkvæði við að bera kennsl á möguleika fyrir hagnýtingu á BIM, LCC og umhverfisvottunarkerfum í verkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði arkitektúrs, verkfræði, tæknifræði, byggingarfræði eða í sambærilegum tæknigreinum sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Reynsla af gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana er kostur.
- Þekking á hagnýtingu BIM í hönnun og framkvæmdum er kostur.
- Þekking á vottunarkerfum fyrir byggingar er kostur.
- Lausnamiðuð hugsun og færni í samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram ritað mál.
- Skipulagsfærni og hæfileiki til að vinna sjálfstætt.
- Tölvufærni og þekking á forritum vegna myndrænnar framsetningar efnis er kostur.

Um er að ræða 100% störf. Fyrirspurnum um störfin skal beina til Ámunda V. Brynjólfssonar, skrifstofustjóra framkvæmda og viðhalds mannvirkja, **Amundi.V.Brynjolfsson@Reykjavik.is** eða til Hólmsteins Jónassonar mannauðssérfræðings, **Holmsteinn.Jonasson@Reykjavik.is.** Sótt er um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar, **www.reykjavik.is,** undir „Laus störf". Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2020.

Capacent_

Nýtt!

Capacent flokkun

Sparar **tíma** og fyrirhöfn!



Alfreð

VERKEFNASTJÓRI sterkstraums

RAFMENNT, fræðslusetur rafiðnaðarins, óskar eftir að ráða verkefnastjóra í sterkstraumi

RAFMENNT hefur það hlutverk að bjóða fræðslu og styðja fræðslutengd verkefni með það að markmiði að uppfylla fræðsluþörf á sviði rafiðnaðar og svara þannig þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Einnig hefur RAFMENNT verið með umsýslu námssamninga og umsjón sveinsprófa í samstarfi við sveinsprófsnefndir.

Hjá RAFMENNT starfa níu starfsmenn við fjölbreytt störf sem snúa að menntun og endurmenntun félagsmanna.

Helstu verkefni

- Skipulag og umsjón sveinsprófa og námssamninga
- Handleiðsla og þjónusta við nema
- Þróun og nýsköpun
- Samskipti við framhaldskóla um námsbrautir
- Kynningarmál
- Gæðamál

Hæfniskröfur

- Reynsla af störfum innan sterkstraums
- Reynsla af kennslu kostur
- Skipulagshæfni
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og lausnamiðuð nálgun
- Reynsla að verkefnastjórnun og teymisvinnu
- Gott vald á íslensku og ensku í tali og ritun

Menntunarkröfur

- Sveinspróf innan sterkstraums
- Menntun á fagháskólastigi innan sterkstraums
- Kennsluréttindi kostur
- Tæknimenntun á háskólastigi kostur

Umsóknir skulu sendar til framkvæmdastjóra sem veitir nánari upplýsingar um starfið á netfangið **thor@rafmennt.is**.
Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars nk.

RAFMENNT
fræðslusetur rafiðnaðarins

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • sími 540 0160 • **rafmennt.is**

Samhjálp

Ráðgjafi og vaktamaður
í Hlaðgerðarkot meðferðarheimili

Meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot í Mosfellsdal er elsta nústarfandi meðferðarheimili landsins og hefur verið hefur starfrækt á vegum Samhjálpar frá árinu 1974.
Í Hlaðgerðarkoti fer fram meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn.

Ráðgjafi í 100% starf

Samhjálp leitar að metnaðarfullum einstakling með brennandi áhuga á meðferðarstarfi. Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Þekking og skilningur á áfengis- og vímuefnafíkn
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Geta til að vinna sjálfstætt og í teymi
- Almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni og góð samskiptahæfni
- Hreint sakarvottorð

Vaktmaður í sumarafleysingu

Samhjálp leitar að vaktmanni í sumarafleysingu í Hlaðgerðarkot. Um er að ræða vaktafyrirkomulag þar sem unnið er á sólahringsvöktum

Hæfniskröfur
- Þekking og skilningur á áfengis- og vímuefnafíkn
- Geta til að vinna sjálfstætt og í teymi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Jákvæðni
- Geta til að takast á við krefjandi aðstæður
- Almenn tölvukunnátta
- Hreint sakarvottorð

Vinsamlegast sendið umsókn með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi á atvinna@samhjalp.is.
Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og samband haft við alla umsækjendur.

Allar nánari upplýsingar um störfin veitir Valdimar Þór Svavarsson í síma 821-0808.
Umsóknarfrestur er til og með 15. mars

Embætti dómara við Hæstarétt Íslands laust til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara við Hæstarétt Íslands. Stefnt er að því að skipa í embættið frá 1. maí 2020 eða hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið störfum.
Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016, sbr. lög nr. 79/2019.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 13. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010, um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf hæstaréttardómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem hæstaréttardómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 16. mars nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
28. febrúar 2020.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR
hagvangur.is

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI
AF GÓÐU FERÐALAGI?



SUMARSTARF FYRIR VERKFRÆÐINEMA

Isavia leitar að starfsmanni sem vill takast á við fjölbreytt verkefni við að auka afköst flugstöðvarinnar.

Í boði er spennandi sumarstarf þar sem viðkomandi kynnist öllum ferlum flugvallar, hvort sem það snýr að farþegum, farangri eða flugvélum.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Óskarsdóttir, **kristin.oskarsdottir@isavia.**

Hæfniskröfur

- Er að ljúka B.Sc. eða er skráður í M.Sc. í verkfræði eða skyldum greinum
- Geta til að vinna sveigjanlegan vinnutíma
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta er skilyrði
- Góð enskukunnátta er skilyrði

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðfest trú okkar að launaákvarðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

STARFSSTÖÐ:
KEFLAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:
15. MARS

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA


isavia



Fullt af öflugu sölufólki!

hagvangur.is

HAGVANGUR



Leikskólastjóri á Patreksfirði

Sveitarfélagið Vesturbyggð auglýsir stöðu leikskóla-stjóra á leikskólanum Arakletti á Patreksfirði lausa til umsóknar. Sveitarfélagið aðstoðar við flutninga og að finna húsnæði.

Umsóknir og nánar um störfin á vefnum **storf.vesturbyggd.is**

Í Araklett ganga 46 börn á þrjár deildir og starfa þar 17 starfsmenn. Í starfseminni er lögð er áhersla á að börn eru skapandi og kraftmiklir einstaklingar og það sé mikilvægt að skapa þeim áhugahvetjandi umhverfi, þar sem leikurinn fær að njóta sín. Miðast starfið við að börn þroskist sem best í jákvæðu, öruggu, hlýju og tilfinningaríku umhverfi þar sem borin er virðing fyrir þeim og skoðunum þeirra. Araklettur er lífsmenntar-skóli „deilum gildum okkar til að skapa betri heim.“ Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 30. mars 2020.

Vesturbyggð

Meginverkefni

- Stýrir og ber ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi leikskóla.
- Faglegur leiðtogi og móta framtíðarsýn . í samræmi við skólastefnu Vesturbyggðar, aðalnámskrá leikskóla og lög um leikskóla.
- Veitir skólanum forstöðu á sviði kennslu og þróunar.
- Ber ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.
- Tekur þátt í samstarfi við aðila skóla-samfélagsins í Vesturbyggð.

Hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismenntun.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg.
- Reynsla af stjórnun skóla er æskileg.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslenskukunnátta.
- Víðsýni, húmor og gleði.
- Frumkvæði.

Sumarstörf

Almenn garðyrkjustörf, flokkstjórar og vélamenn

Störfin tilheyra garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og felast í almennri umhirðu útisvæða s.s. slátt, gróðursetningu og illgresishreinsun í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Hólavallagarði við Suðurgötu og Kópavogskirkjugarði.

Ráðningartími er 10-14 vikur frá miðjum maí.

Hæfniskröfur almenn garðyrkjustörf

- Umsækjandi sé fæddur árið 2003 eða fyrr
- Stundvísi og samviskusemi

Hæfniskröfur flokkstjóra

- Reynsla af garðyrkjustörfum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og samviskusemi

Menntun og hæfniskröfur vélamanna

- Dráttarvélaréttindi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og samviskusemi

Umsókn berist skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík fyrir **15. mars 2020**, merkt "**Sumarstörf**".

Einnig er hægt að fylla út umsókn á **www.kirkjugardar.is**

og senda rafrænt.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

FJÖLBREYTT STARF VIÐ SJÓNVARP

Torg ehf leitar eftir starfsmanni sem getur sinnt förðun fyrir sjónvarpsupptökur, tekið að sér almenn þrif á skrifstofuhúsnæði og haft umsjón með eldhúsi starfsfólks.
Einnig felst í starfinu að sjá um almenn innkaup á rekstrarvörum.

Vinnutími er frá 9 til 17 og um fastráðningu er að ræða.

Nýtt, fjölbreytt og skemmtilegt starf fyrir réttu manneskjuna.

Vinsamlegast sendið inn umsókn á kristinbjorg@torg.is

Umsóknarfrestur er til 10. mars 2020.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN HRINGBRAUT FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

BIFVÉLAVIRKI – VÉLVIRKI

Vélabær ehf. bíla- og búvélaverkstæði Borgarbyggð óskar eftir bifvéla- eða vélvirkja til starfa.

Menntun og reynsla af viðgerðum á bílum, dráttarvélum og vélum tengdum landbúnaði er skilyrði.
Reynsla af stjórnun kostur. Meistararéttindi í faginu æskileg. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar í síma 660-3437 (Sigurður) 869-4275 (Lárus) eða á netfang larpet@aknet.is

Vélabær ehf. s: 435-1252 velabaer@vesturland.is
Almennar bíla- og búvélaviðgerðir
Smur- og hjólabarðaþjónusta

ÚTLITSLÆKNING

Hjúkrunarfræðingur/snyrtifræðingur

50% stöður sem geta tímabundið krafist hærra hlutfalls. Lausar nú þegar. Reyklaus vinnustaður.

Störfin varða aðstoð við meðferð sjúklinga m.a. með laserum. Þau krefjast mikillar sjálfstæðni, samskipta við börn, tölvureynslu og reynslu í mannlegum samskiptum.

Vinsamlegast sendið ítarlega ferilskrá og kynningarbréf á **starfsumsokn@gmail.com**.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Sandgerðisskóli leitar að áhugasömum og metnaðarfullum kennurum til starfa næsta skólaár.

Sandgerðisskóli er grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6 – 16 ára í Suðurnesjabæ. Fjöldi nemenda við skólann er 276 og styðst skólinn við stefnuna Uppeldi til ábyrgðar ásamt því að vera teymiskennsluskóli. Á yngsta stigi er unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis og mikil áhersla á læsi á öllum stigum. Í skólastarfinu er lögð áhersla á skapandi og athafnamiðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og fjölmenningu með áherslu á tækni. Í skólanum fer fram metnaðarfullt skólastarf þar sem vöxtur, virðing, vilji og vinátta eru höfð að leiðarljósi.

Helstu verksvið:
- Umsjón á yngsta stigi – réttindi og færni sem Byrjendalæsiskennari mikilvæg
- Umsjón á miðstigi – leikni í fjölbreyttum kennsluháttum, námsaðlögun og samþættingu
- Umsjón á elsta stigi - leikni í fjölbreyttum kennsluháttum, námsaðlögun og faggreinum unglingastigs mikilvæg
- 50% staða kennara nemenda með íslensku sem annað mál (ÍSAT)
- Einnig er lögð áhersla á leikni og virðingu í foreldrasamstarfi, hæfni til að leiða teymi og afmörkuð verkefni s.s. valgreinar á mið- og unglingastigi


Menntunar – og hæfniskröfur:
- Leyfisbréf til kennslu (skal fylgja umsókn)
- Kennslureynsla á því stigi sem sótt er um (ítarleg ferilskrá skal fylgja umsókn)
- Vinnusemi, metnaður og áhugi
- Reynsla af skipulagi og teymisvinnu
- Áhersla er lögð á leikni í samstarfi og mannlegum samskiptum
- Stundvísi og samviskusemi
- Góð íslenskukunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands. Með vísan í lög nr. 85/2018 um jafnrétti á vinnustöðum eru allir áhugasamir hvattir til að sækja um. **Umsóknarfrestur er til 15. mars 2020.**

Nánari upplýsingar veitir Hólmfríður Árnadóttir, skólastjóri Sandgerðisskóla í síma 425-3100/820-3140 eða á netfangið, holmfridur@sandgerdisskoli.is

VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1920-2020

Vísindi á vakt



SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI STRAUMFRÆÐI OG FLÓÐAVÁR

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir sérfræðingi á sviði straumfræði og flóðavár í fullt starf á *Úrvinnslu- og rannsóknarsviði*. Á sviðinu starfa um 50 manns við ýmis spennandi þróunar- og rannsóknarverkefni er tengjast veður- og loftslagsrannsóknum, jökla-, vatna- og haffræði, jarðskorpuhreyfingum, eldgosum og ofanflóðum.

Starfið fellur undir fagsvið vatns og jökla þar sem 15 manna samhentur hópur vinnur sameiginlega að margvíslegum verkefnum er varða m.a. vatnafræði- og straumfræðilega líkangerð, auk þess sem unnið er að þróun flóðagreininga og flóðaspáa, rannsóknum á grunnvatni og kortlagningu vatnsauðlindarinnar. Unnið er að samþættingu ofangreindra líkana við veður-, jökla- og haflíkön eftir því sem við á.

Veðurstofa Íslands er leiðandi stofnun í vinnu við áhættumat í tengslum við náttúruvá og er vinna við áhættumat tengdum flóðum, ofanflóðum og eldgosum sífellt stærri hluti af verkefnum sviðsins.

HELSTU VERKEFNI

Sérfræðivinna við straumfræði- og vatnafræðilega líkangerð, bæði hvað varðar aðferðafræði, úrvinnslu og tengingu líkana við aðrar afurðir. Vinna við áhættumat flóða og jökulhlaupa. Ritun skýrslna og greina og þátttaka í kynningum verkefna innanlands og erlendis. Mótun og þátttaka í rannsóknaverkefnum á sviði vatnafræði, straumfræði og áhættumats. Verkefnisstjórn tilgreindra verkefna eftir atvikum.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf og framhaldsmenntun á sviði raunvísinda og/eða verkfræði
- Farsæl reynsla í straum- og/eða vatnafræðirannsóknum er nauðsynleg
- Þekking á áhættumatsferlum tengdum náttúruvá er kostur
- Góð kunnátta í landupplýsingakerfum (LUK) er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Færni og geta til að miðla niðurstöðum innan teymis og út á við
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góð tölvukunnátta, þ.á m. forritunarkunnátta, nauðsynleg
- Góð færni í íslensku og ensku nauðsynleg
- Farsæl reynsla í verkefnastjórnun er kostur

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Nánari upplýsingar um starfið veita **Jórunn Harðardóttir**, framkvæmdastjóri (**jorunn@vedur.is**), Matthew J. Roberts, hópstjóri vatns og jökla (matthew@vedur.is) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**), í síma **522 6000**.

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags. **Umsóknarfrestur er til og með 16. mars nk.** Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á **www.starfatorg.is**

Hlutverk Veðurstofu Íslands er að stuðla að bættu öryggi almennings, eigna og innviða gagnvart öflum náttúrunnar, jafnframt því að styðja sjálfbæra nýtingu náttúrunnar og samfélagslega hagkvæmni. Því hlutverki sinnir starfsfólk Veðurstofunnar með vöktun lofts, láðs og lagar, byggðri á öflun, varðveislu og greiningu gagna, rannsóknum, þróun og miðlun upplýsinga.

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Á Veðurstofunni starfa um 140 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 70 manns við athugana-og eftirlitsstörf víðsvegar um landið.

Gildi Veðurstofunnar eru **þekking**, **áreiðanleiki**, **framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vedur.is

Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1920-2020

Vísindi á vakt

SÉRFRÆÐINGUR Í GAGNAGRUNNSSTJÓRNUN

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðingí gagnagrunnsstjórnun og -forritun til að sinna miðlægum gagnagrunnum stofnunarinnar. Viðkomandi mun starfa á Upplýsingatæknisviði.

„Framsækni og áreiðanleiki“ eru tvö af gildum Veðurstofu Íslands og endurspeglast þau í víðtæku starfsumhverfi upplýsingatæknisviðs. Sviðið sér um rekstur upplýsingatæknikerfa, s.s. gagnagrunna, ásamt því að sinna notendaþjónustu, hugbúnaðarþróun og kerfisþróun (DevOps) og rekstur gagnagrunna. Eins leggur Upplýsingatæknisvið til sérfræðiþekkingu og ráðgjöf á vettvangi upplýsingatækni sem styður við hlutverk Veðurstofu Íslands sem sinnir eftirliti og rannsóknum á náttúru Íslands.

MEGINHLUTVERK

- Gagnagrunnshögun, forritun og þróun gagnagrunna
- Umsjón, rekstur og uppsetning gagnagrunna
- Rekstur og þjónusta á gagnagrunnsþjónum
- Aðkoma að tæknilegum úrlausnum s.s. bestun afkasta gagnagrunna
- Aðgangstýringar og öryggismál gagnagrunna
- Samskipti við þjónustuaðila
- Ábyrgð á gagnagrunnsafritun
- Notendaþjónusta við gagnagrunna

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði. Framhaldsmenntun kostur
- Góð þekking á SQL fyrirspurnamálinu
- Þekking á PostgreSQL, Microsoft SQL Server og DB2 eða Oracle gagnagrunnskerfunum
- Þekkinga og reynsla af rekstri netþjóna.
- Þekking á Linux, Windows og VMware
- Þekking og reynsla á gæðaferlum
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu

Gildi Veðurstofunnar eru þekking áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni taka mið af þessum gildum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Bachmann Hreinsson, framkvæmdastjóri Upplýsingatæknisviðs (gbh@vedur.is) og Borgar Ævar Axelsson, mannauðsstjóri (borgar@vedur.is), í síma 522 6000.

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið að kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 16. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á www.starfatorg.is

Hlutverk Veðurstofu Íslands er að stuðla að bættu öryggi almennings, eigna og innviða gagnvart öflum náttúrunnar, jafnframt því að styðja sjálfbæra nýtingu náttúrunnar og samfélagslega hagkvæmni. Því hlutverki sinnir starfsfólk Veðurstofunnar með vöktun lofts, láðs og lagar, byggðri á öflun, varðveislu og greiningu gagna, rannsóknum, þróun og miðlun upplýsinga.

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Á Veðurstofunni starfa um 140 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 70 manns við athugana-og eftirlitsstörf víðsvegar um landið.

Gildi Veðurstofunnar eru **þekking**, **áreiðanleiki**, **framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vedur.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is




Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



ÚTBOÐ

Ríkiskaup
Allar útboðsauglýsingar eru birtar á utbodsvefur.is

Utbodsvefur.is er sameiginlegur auglýsingavettvangur opinberra útboða. Á vefsvæðinu eru birtar auglýsingar og eða tilkynningar um fyrirhuguð innkaup opinberra aðila sem falla undir lög og reglugerðir um opinber innkaup.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is
RÍKISKAUP

Fjölbreytt sumarstörf hjá Skattinum

Skatturinn leitar að öflugu og jákvæðu fólki til sumarstarfa á starfsstöðvum sínum á höfuðborgarsvæðinu, Keflavík, Akureyri og á Austurlandi á tímabilinu frá 1. júní – 31. ágúst 2020. Um getur verið að ræða störf tollvarða sem og almenn skrifstofustörf á hinum fjölbreyttu sviðum Skattsins.

Hæfnikröfur

- Stúdentspróf.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Fáguð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður.
- Ögguð og skipulögð vinnubrögð.

Starfshlutfall er 100%. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2020 og er óskað eftir því að umsækjendur tilgreini í umsókn sinni hvort sótt sé um starf tollvarðar eða um skrifstofustarf auk þess að tilgreina á hvaða starfsstöð óskað er eftir að starfa á. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.

Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðunni *www.starfatorg.is*

Nánari upplýsingar um störfin veitir Kristín Gunnarsdóttir í síma 442-1000 eða með tölvupósti á kristin.gunn@rsk.is

Skatturinn



Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

Auglýsing um sveinspróf

Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin sem hér segir ef næg þátttaka næst:

Í matvælagreinum í **maí.** Umsóknarfrestur er til **1. apríl.**

Í byggingagreinum í **maí/júní.** Umsóknarfrestur er til **1. apríl.**

Í prentgreinum í **sept/okt.** Umsóknarfrestur aulýstur síðar.

Í bíliðngreinum í **maí/júní.** Umsóknarfrestur er til **10. apríl.**

Í hönnunar- og handverksgreinum í **maí/júní.** Umsóknarfrestur er til **10. apríl.**

Í snyrtifræði í **sept/okt.** Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í vélvirkjun í **sept**. Umsóknarfrestur er til **1.júlí.**

Í hársnyrtiiðn í **sept/okt.** Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í ljósmyndun í **sept/okt.** Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í málmiðngreinum í **maí/júní.** Umsóknarfrestur er til **10.apríl.**

Dagsetningar prófa verða birtar á heimasíðu okkar um leið og þær liggja fyrir.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2020.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð - www.idan.is og á skrifstofunni.

IÐAN fræðslusetur

Vatnagörðum 20, 104 Rvk.| sími: 590 6400 | netfang: idan@idan.is

ÖLFUS

Útboð

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í verkið:

Gatnagerð fyrir 2. áfanga Norðurhraun

Verklok eru 31.8.2020
Verkið felur í sér gatnagerð, lagnir og veitur fyrir nýjar götur í Norðurhrauni.

Helstu magntölur eru:

Uppúrtekt	5450 m³
Fyllingar	10350 m³
Losun á klöpp í skurðum	730 m
Fráveitulagnir	1200 m
Vatnslagnir	785 m
Hitaveitulagnir	1290 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 3. mars 2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Daða Aðalsteinsson hjá Tækniþjónustu SÁ ehf. með því að senda tölvupósti á netfangið dadi@t-sa.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, **fyrir kl. 11:00 þriðjudaginn 17. mars** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Byggingarfulltrúi Ölfus

ÚTBOÐ

Fossvogsbrún 2a - Sambýli

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í byggingu sambýlis við Fossvogsbrún 2a í Kópavogi.
Í verkinu felst að byggja og fullgera sjö íbúða hús ásamt starfsmannaaðstöðu á lóðinni Fossvogsbrún 2a. Húsið er staðsteypt á einni hæð, einangrað og klætt að utan. Skila skal lóð og húsi fullfrágengnu að utan og innan.

Helstu stærðir:

Hús á einni hæð	533 m²
Sökkulmót	674 m²
Veggjamót	1540 m²
Plötumót	489 m²

Verkinu skal skila fullbúnu **15. desember 2021.**
Útboðsgögn eru afhent rafrænt og skulu þeir sem óska eftir útboðsgögnum senda tölvupóst á netfangið utbod@kopavogur.is frá og með mánudeginum 2. mars nk. Í tölvupósti skal koma fram nafn tengiliðs vegna útboðsins, símanúmer, netfang og nafn fyrirtækis.

Tilboði skal skila til Þjónustuvers Kópavogs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi, miðvikudaginn 18. mars 2020 fyrir kl. 11.00 og verða þau þá opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda sem þar mæta.

Kópavogsbær

kopavogur.is

ÚTBOÐ

RARIK óskar eftir tilboðum í:

RARIK 20005
Hitaveita RARIK í Hornafirði - Smíði og uppsetning á aðaltöflum í dælustöðvar

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vef RARIK www.rarik.is/utbod-i-gangi frá og með mánudeginum 2. mars 2020.

Skila þarf tilboðum rafrænt til RARIK, fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 17. mars 2020.

RARIK

Sími 528 9000 • www.rarik.is

ÚTBOÐ - GATNAGERÐ
ÁSVALLABRAUT

Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við nýja Ásvallabraut í Hafnarfirði, ásamt gerð undirganga, veitulagna fyrir Vatnsveitu Hafnarfjarðar og HS veitur, gerð göngu- og hjólastíga, mana, landmótunar og gróðursvæða.

Helstu verkþættir og magntölur eru:

• Undirgöng	1 stk.
• Uppúrtekt (laus gröftur)	62.000 m³
• Klöpp í götum og stígum	36.000 m³
• Veituskurðir	5.000 m
• Fráveitulagnir	1.150 m
• Stofnlögn vatnsveitu Ø225	840 m
• Fyllingar undir burðarlög	24.000 m³
• Neðra burðarlag	20.000 m³
• Malbikun (götur – 2 lög)	19.000 m²
• Malbikun (stígar – 1 lag)	1.800 m²
• Fláafleygar og manir	56.000 m³
• Grassáning	90.500 m²
• Þökulagning	6.600 m²

Útboðsgögn verða seld í þjónustumiðstöð Hafnarfjarðarbæjar, Norðurhellu 2, frá og með þriðjudegi 3. mars 2020. Verð kr. 5.000,-
Tilboð verða opnuð á sama stað, þriðjudaginn 24. mars 2020, kl. 11:00.

Verklok eru 1. október 2021, með áfangaskilum 1. október 2020.

Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 hafnarfjordur.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið:
„Austurvegur - Rauðholt 2020. U-2002011"

Verkið felur í sér lagningu DN400 stállagnar fyrir hitaveitu eftir Austurvegi milli Langholts og Rauðholts ásamt endurnýjun niðurfalla, regnvatnslagnar og skólplagnar, gerð hjólastígs og endurnýjunar á gangstétt.
Einnig er um að ræða endurgerð á hluta af götunni Rauðholti á Selfossi, þ.e. jarðvegsskipti götu, malbikun hennar, gerð gangstétta og hjólastíga, endurnýjun stofnlagna fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu, ásamt lagningu íþróttarröra.
Athuga skal sérstaklega að grafa þarf á fastan botn fyrir fráveitu, hitaveitu og vatnsveitu þvert í gegnum Austurveg (þjóðvegur nr. 1. Suðurlandsvegur).

Helstu magntölur eru:

Gröftur	**7900m³**
Fylling	**7700m³**
Malbik	**3290m³**
Fráveita	**954m**
Vatnsveita	**113m**
DN400 hitaveitulögn	**409m**

Undirlagsmalbiki á áfanga 1., þverun lagna yfir Austurveg skal lokið **29. maí 2020.**
Verkinu skal að fullu lokið **1. október 2020.**

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með **miðvikudeginum 4. mars 2020.** Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu á Suðurlandi með tölvupósti í netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.
Tilboðum skal skila til Eflu verkfræðistofu, Austurvegi 1-5, 800 Selfoss fyrir **kl. 11.00 fimmtudaginn 19. mars 2020** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



bergrosdomusnova.is **Verð: 45.900.000**

Mánagata 14 - Reykjavík
Stærð 97,5 fm - 3ja-4ra herb. - Útleigueining
Allar upplýsingar veitir Bergrós lgf. í síma 893 9381



eignir@domusnova.is **Verð: 69.900.000**

Kiðjaberg 121 - Selfoss
Stærð 219,9 fm - 1,5 hektara eignalandi - 400 fm verönd
Allar upplýsingar veitir Sverrir lgf. í síma 527 1717



oc@domusnova.is **Verð: 99.400.000**

Geirsgata 2 - Reykjavík
Stærð 125,3 fm - 4 hæð - 2.svefnherb. - 2 baðherb.
Allar upplýsingar veitir Oscar Clausen lgf. í síma 861 8466



agnar@domusnova.is **Verð: 75.000.000**

Njálsgata 112 - Reykjavík
Stærð 140,7 fm - 2 íbúðir - Sér stigahús
Allar upplýsingar veitir Agnar lgf. í síma 820 1002



oc@domusnova.is **Verð: 46.900.000**

Dalbrekka 10 - Kópavogur
Stærð 84 fm - Bílageymsla - verönd & svalir
Allar upplýsingar veitir Oscar Clausen lgf. í síma 861 8466



agnar@domusnova.is **Verð: 57.900.000**

Dalbrekka 14 - Kópavogur
Stærð 109 fm - 3 svefnherb - 2 stæði í bílageymslu
Allar upplýsingar veitir Agnar lgf. í síma 820 0010

Opið hús þriðjudaginn 3. mars kl. 17:30-18:00



arni@domusnova.is **Verð: 39.900.000**


Flúðasel 61 - Reykjavík
Stærð 97,3 fm - 3 svefnherb. - Bílageymsla
Allar upplýsingar veitir Árni Helga lgf. í síma 663 4290

Opið hús miðvikudaginn 4. mars kl. 18:00-18:30



vidir@domusnova.is **Verð: 64.900.000**

Vesturtún 8 - Garðabær
Stærð 136,4 fm - Bílskúr - 3-4 svefnherb.
Allar upplýsingar veitir Viðir Arnar lgf. í síma 854 2226



DOMUSNOVA
Fasteignasala

DOMUSNOVA - HLÍÐASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & STILLHOLTI 16-18 AKRANESI
SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

- Starfsfólk okkar starfar eftir gæðahandbók að tryggja gæði í vinnubrögðum • Hjá okkur starfar fjöldi lögfræðinga sem er mikilvæg stoð fyrir okkar viðskiptavini
- Við seljum mikinn fjölda fasteigna á ári hverju og byggjum þannig á mikilli reynslu • Við veitum frábæra þjónustu allt söluferlið


BÖRKUR HRAFNSSON


MARGRÉT ÁGÚSTSDÓTTIR


DAVÍÐ ÓLAFSSON


HÉÐINN BIRNIR ÁSBJÖRNSSON


RAGNHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR


STEFÁN JÓHANN ÓLAFSSON


GUÐRÚN ANTONSDÓTTIR


BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON


GUNNLAUGUR ÞRÁINSSON


INGIMAR INGIMARSSON


ÞÓRA BIRGISDÓTTIR


ÚLFAR ÞÓR DAVÍÐSSON


BRANDUR GUNNARSSON


SIGURÐUR FANNAR

BORG
FASTEIGNASALA

519 5500
SÍÐUMÚLA 23 • 108 REYKJAVÍK • FASTBORG.IS

OPIÐ HÚS | MÁNUDAG KL. 17.30-18.00



HEIÐARGERÐI 42 — 108 REYKJAVÍK

EINBÝLISHÚS	6 HERBERGI	161.3m²
VERÐ: 71.9M	EINBÝLISHÚS MEÐ BÍLSKÚR Í BOTNLANGAGÖTU	
	ÞÓRA BIRGISDÓTTIR	777 2882

OPIÐ HÚS | SUNNUDAG KL. 13.00-13.30



MERKURGATA 13 — 220 HAFNARFJÖRÐUR

EINBÝLISHÚS	5 HERBERGI	125.5m²
VERÐ: 59.9M	FALLEGT EINBÝLISHÚS MEÐ GARÐI OG TIMBURVERÖND	
	BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON	660 4777

OPIÐ HÚS | MÁNUDAG KL. 17.00-17.30



HÁALIND 17 — 2Ö0 KÓPAVOGUR

PARHÚS	5 HERBERGI	168.5 m²
VERÐ: 86.5M	FALLEGT SÉRBÝLI Á VINSÆLUM STAÐ	
	BRANDUR GUNNARSSON	897 1401

BÓKIÐ SKOÐUN



ERLURIMI 10 — 800 SELFOSS

PARHÚS	4 HERBERGI	142.1 m²
VERÐ: 42.5M	VEL SKIPULAGT PARHÚS Í GRÓNU HVERFI.	
	SIGURÐUR FANNAR	897 5930

OPIÐ HÚS | SUNNUDAG KL. 15.00-15.30



GRANDAVEGUR 42A — 107 REYKJAVÍK

FJÖLBÝLISHÚS	3 HERBERGI	146,2 m²
VERÐ: 82.5M	GLÆSILEG ÍBÚÐ, YFIRBYGGÐAR SVALIR, SJÁVARÚTSÝNI	
	ÚLFAR 788 9030 OG BÖRKUR	832 8844

SÝNUM SAMDÆGURS



LAUTARVEGUR 38-44 — 108 REYKJAVÍK

HÆÐ	3-4 HERBERGI	FRÁ 115 m²
VERÐ: FRÁ 77.5M	STÓRGLÆSILEGAR ÍBÚÐIR TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR	
	ÞÓRA BIRGISDÓTTIR	777 2882

OPIÐ HÚS | MÁNUDAG KL. 17.30-18.00



KRÓKAVAÐ 17 — 110 REYKJAVÍK

HÆÐ	4 HERBERGI	127.5 m²
VERÐ: 63.5M	BJÖRT OG FALLEG NEÐRI SÉRHÆÐ MEÐ SÉRINNGANGI	
	HÉÐINN ÁSBJÖRNSSON	848 4806

OPIÐ HÚS | SUNNUDAG KL. 15.00-15.30



STRANDVEGUR 11 — 210 GARÐABÆR

FJÖLBÝLISHÚS	4 HERBERGI	122 m²
VERÐ: 77.5M	GLÆSILEG ÍBÚÐ MEÐ VERÖND OG SJÁVARÚTSÝNI	
	ÚLFAR DAVÍÐSSON	788 9030

BÓKIÐ SKOÐUN



GARÐATORG 17 — 210 GARÐABÆR

FJÖLBÝLISHÚS	3 HERBERGI	124.6m²
VERÐ: 59.5M	ÍBÚÐ MEÐ BÍLSKÚR Á BESTA STAÐ. NÝ GÓLFEFNI.	
	SIGURÐUR FANNAR 897 5930 OG ÚLFAR	788 9030


OPIÐ HÚS | SUNNUDAG KL. 16.00-16.30



HEIÐARBÓL 2 — 230 REYKJANESBÆR

FJÖLBÝLISHÚS	2 HERBERGI	62.1m²
VERÐ: 25.9M	MIKIÐ ENDURNÝJUÐ, GÓÐ FYRSTU KAUP.	
	SIGURÐUR FANNAR 897 5930 OG ÚLFAR	788 9030

BÓKIÐ SKOÐUN



SKÚLAGATA 44 — 101 REYKJAVÍK

FJÖLBÝLISHÚS	4 HERBERGI	92.6 m²
VERÐ: 51.5M	NÝSTANDSETT ÍBÚÐ LAUS TIL AFHENDINGAR.	
	SIGURÐUR FANNAR	897 5930

OPIÐ HÚS | ÞRIÐJUDAG KL. 17.30-18.00



SUÐURGATA 21 — 220 HAFNARFJÖRÐUR

FJÖLBÝLISHÚS	4 HERBERGI	109 m²
VERÐ: 49.5M	EINSTAKLEGA FALLEG ÍBÚÐ Í FALLEGU HÚSI	
	ÞÓRA BIRGISDÓTTIR	777 2882



Kristján
hdl., lögg. fasteignasali,



Guðbjörg G.
lögg. fasteignasali,



Garðar B.
Lögg. fasteignasali



Garðar Hólm
Löggiltur fasteignasali



Sólveig
Lögg. fasteignasali



Bára
Skrifstofustjóri



Gylfi
hdl., lögg. fasteignasali



Matthías
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu



FULLUR AF BENSÍNI.
Til sölu vel með farinn Mazda 6 árg 4/2013 ekin 202.000. Sjalfskiptur, ný skoðaður, nýlega yfirfarinn. Verð 1.290.000.- 100% fjármögnun í boði. uppl í síma 895-8873.

Þjónusta

Bókhald

Bókhaldsþjónusta, vsk, laun, Innheimta. Áralöng reynsla. AKB bókhald s. 856-6749

Píplulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Málarar

Tökum að okkur alla málningarvinnu, fagmennska og sanngjarnt verð. Málningarþjónusta Egils ehf. S:868-5171. egillsverris@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggilltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Málningarþjónusta S: 782-6034.

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rúnar múrari
Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna.
s. 780 2838.

FRÆSUN FYRIR GÓLFHITA OG FL.
Fræsun- rör- flotun

Tímavinna eða tilboð.
Upplýsingar á steinbrot@steinbrot.is eða í síma: 777-2242

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög


519 7780
prostone@prostone.is

Skemmtanir

Bingóleiga
bingospil.is

Önnur þjónusta

RATIO
Eigum krana lausa til leigu
511 6600 – ratio@ratio.is





VINNUPALLAR EHF
Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar is



Þjónustuauglýsingar


Sími 550 5055

Gæðamúr ehf.
Gunnar Björn Jónsson
Löggiltur múrarameistari
Sími: 845-4050
E-mail: gaedamur@gmail.com
Alhliða múrverk - Flísalagnir - Flotun - Steining

worknorth.is
WORKNORTH
HÚSARIF • JARÐVEGSVINNA
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN • MÚRBROT
Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

Málarar og Múrarar, með áratuga reynslu í: - Steypuviðgerðum - Múrviðgerðum - Sprungu-viðgerðum - Tröppuviðgerðum - Húsaviðgerðum - Flotun o.fl.
Öll tilboð eru ykkur að kostnaðarlausu.
VIÐHALDSTAK ehf
sími: 7802838
Viðhaldstak ehf Kt: 5608191100 Vsk: 135577

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

VP Múrari ehf
Flísalögn, múrviðgerðir og alhliða málningavinna innan og utanhús.
Parketlögn og fleira.
Leitaðu verðtilboða þér að kostnaðarlausu
Sími 766-3597 – vpmurari@gmail.com

Göngubraut kr. 79.000,-
Hámarks þyngd notanda: 100 kg.
12 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x123 cm.



Uppl. í síma 661-1902
Bíldshöfða 16, Rvk.
ÞREKTÆKI

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

Keypt & Selt

Til sölu

HÚSGÖGN.

Vönduð létt klassísk ensk borðstofuhúsgögn, flottur ítalskur létt klass glerskápur í vandaðri viðarumgjörð og flottur þýskur spegill, spegilborð til sölu og vandaðar íslenskar bókahillur í dökkum við.

Áhugasamir hringi í síma 5621911.



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Start/Byrja: 9/3, 6/4. 4/5, 1/6, 29/6, 27/7, 14/9, 12/10, 9/11, 7/12. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/ Also Special courses for Health staff. 4 weeks/ vikur x 5 days/ daga. 2-4 students/ nem. AM & PM/ fh & eh. Price/Verð: 49.500.- Labour unions pay back 75-90 % of course price/Stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 8981175 / 5571155



Húsnæði

Húsnæði í boði

Herbergi í Þingholtunum með eða án húsgögnum, er laus, reglusemi áskilin. Uppl. s: 8616841

Stúdíóíbúð til leigu, svæði 105 Rvk. 160 þús kr á mánuði. Innifalið rafmagn, hiti, internet, stöð 2 og Skemmtilpakkinn og erlendar stöðvar.Húsgögn, þvottavél og þurrkari. Uppl. S:690-9459

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

MARKAÐURINN

Viðskiptafréttir sem skipta máli

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

FESTIVAL

Spilar fyrir dansi

FÖSTUDAG & LAUGARDAG

FRÁ KL. 00.00 - 03.00


CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR
Best geymda leyndarmál Kópavogs

SÍMI 554 2166 • HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

ht.is

OPIÐ ALLA HELGINA Á **SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI**

HELGARTILBOÐ!



SHARP

ANDROID SJÓNVÖRP

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR

Android 9.0 með **Google Assistant** raddstýringu

Meira en **5000** möguleg snjallforrit

harman kardon · Bluetooth · HDR 10+

40"	Fullt verð 69.995 kr. **Helgartilboð** 55.996 KR.	50"	Fullt verð 79.995 kr. **Helgartilboð** 63.996 KR.
55"	Fullt verð 89.995 kr. **Helgartilboð** 71.996 KR.	65"	Fullt verð 129.995 kr. **Helgartilboð** 103.996 KR.



20% AFSLÁTTUR

SAMSUNG

HEIMILISTÆKI

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SAMSUNG HEIMILISTÆKJUM

PHILIPS

ÖLL PHILIPS HEIMABÍÓ VERÐ FRÁ 16.097 KR.

30% AFSLÁTTUR



MOTTUMARS

PHILIPS



1.000 KRÓNUR AF RAKVÉLUM, SKEGGSNYRTUM OG HÁRKLIPPUM SELDUM Í **MARS**

RENNA TIL **KRABBAMEINSFÉLAGSINS**



25% AFSLÁTTUR

Fissler

POTTAR OG PÖNNUR

25% AFSLÁTTUR

Gildir 28. febrúar - 2. mars

Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

Skapandi eða apandi?

Samfélagið stendur frammi fyrir síaukinni kröfu um nýjar nálganir og frumkvæðishugsun. Hvað felst í skapandi hugsun í skólum og á vinnustöðum og hvernig getum við sjálf virkjað sköpunargáfuna?





Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Það er lögð mikil áhersla á sköpun í námskrá, sem og ýmsum öðrum stefnumótunarplöggum en ég held að það sé brýnt að auka vægi þessa þátta í skólastarfi, bæði í grunn- og framhaldsskólum," segir Ingvar Sigurgeirsson, prófessor í kennslufræði, spurður hvort það sé nægileg rækt lögð við sköpun sem er sögð einn grunnþátta í menntun í aðalnámskrá.

„Það þarf að efla list- og verkgreinar í skólum en það er að verða mikil vakning um mikilvægi sköpunar í skólastarfi. Þótt við viljum gera betur, þá stöndum við býsna vel í alþjóðlegum samanburði. Íslensku tónlistarskólarnir eru öflugir og við eigum marga frábæra tónlistarmenn vegna þess góða náms sem fer þar fram. En um leið veiktist tónlistarkennsla í grunnskólum. Mér finnst vandséð að það sé nokkuð mikilvægara en að leggja rækt við sköpun og nýsköpun í skólastarfi, því þau störf sem unga fólkið á eftir að sinna hafa ekki enn verið fundin upp. Sköpun á að vera grundvallaratriði og aðal í hverri kennslustund," segir Ingvar og tekur fram að það sé vakning í menntakerfinu.

Sköpun úr krísu í Borgarnesi

„Það er hugað að þessu í mörgum skólum. Ég get nefnt Menntaskólann á Tröllaskaga sem dæmi og nú er verið að stofna þrjá nýja skóla í Grafarvogi – einn þeirra, Víkurskóli, sem verður unglingaskóli – á einmitt að verða nýsköpunarskóli. Ég held ég geti líka fullyrt að það er ákveðin vakning í skólakerfinu. Ég heimsæki marga skóla og hef séð mörg sérlega áhugaverð verkefni þar sem sköpun hefur verið í brennidepli," segir Ingvar sem starfar bæði sem kennari í háskólanum og skólaráðgjafi. Hann fer vítt og breitt um landið og tekur út skólastarf. Eitt verkefnanna sem hann komst í kynni við varð til í húsnæðiskrísu grunnskóla í Borgarnesi.

„Ég kem varla í skóla núorðið nema að sjá eitthvað sem kveikir neista. Gott dæmi um skapandi nám er í Menntaskólanum í Borgarnesi. Unglingadeild grunnskólans vantaði skólastofur því það var verið að byggja við skólann. Þeir fengu inni í kjallara Menntaskólans í Borgarnesi. Þau voru sett í í fjögurra til fimm manna hópa og hver hópur fékk það verkefni að búa til nýtt land, ákveða staðsetningu þess á jörðinni, ákveða landslag, tungumál, gjaldmiðla og hugsa um alla þætti þessa nýja samfélags. Verkefnið stóð yfir í fimm vikur og var mjög áhrifamikið."

> Samfélagið stendur frammi fyrir síaukinni kröfu um nýjar nálganir og frumkvæðishugsun. Hvað felst í skapandi hugsun í skólum og á vinnustöðum og hvernig getum við sjálf virkjað sköpunargáfuna?





> ÞAU STÖRF SEM UNGA FÓLKIÐ Á EFTIR AÐ SINNA HAFA EKKI ENN VERIÐ FUNDIN UPP.
>
> Ingvar Sigurgeirsson

> SKÖPUNARFERLIÐ VIRKJAR HUGANN OG GLEÐISTÖÐVAR HEILANS.
>
> Áslaug Baldursdóttir

Þarf viðhorfsbreytingu

„Við þurfum að skapa réttar aðstæður og umhverfi til skapandi hugsunar í í skólum og á vinnustöðum. Kennarar og stjórnendur þurfa að vera opnir fyrir nýjum hugmyndum, nálgunum og spurningum nemenda sinna og starfsmanna um fyrirfram mótuð ferli," segir Áslaug Baldursdóttir, kennari, hönnuður og ritstjóri, sem hélt erindi um sköpun á Menntadegi atvinnulífsins nýverið og hvatti stjórnendur til að búa til andrúmsloft þar sem er hvatt til skapandi hugsunar, þekkingarleitar og þekkingarsköpunar. „Starfsmenn þurfa að finna að spurningar þeirra og hugmyndir séu velkomnar," segir Áslaug og sagði vanda bæði kennara og stjórnenda ekki felast í vilja heldur skorti á áhugaverðum nálgunum og umhverfi sem leiðir til skapandi hugsunar.

„Við þurfum viðhorfsbreytingu til skapandi greina. Við þurfum að auka við endurmenntun kennara, stjórnenda og starfsfólks í skapandi hugsun og nýsköpun," bendir Áslaug á. „Við lifum á tímum 4. iðnbyltingarinnar og síaukin krafa um nýjar nálganir er alltumlykjandi."

Erindi Áslaugar á Menntadegi atvinnulífsins kallaðist Skapandi eða apandi? og vísar í það forskot sem skapandi hugsun gefur fólki. „Að vera skapandi í víðtækum skilningi þýðir að maður hugsar út fyrir fyrirfram skilgreinda ramma og leitar leiða til að móta nýja sýn, nýja hugsun, nýja nálgun og nýjar lausnir.

Vafalaust hafa margar góðar hugmyndir ekki orðið að veruleika vegna þess að umhverfið gerir okkur auðveldara um vik að vera fylgjendur, apa eftir, í stað þess að vera leiðandi og skapandi einstaklingar. Að vera apandi er þá kannski það að leita aldrei nýrra leiða, nýrra lausna og eða hugsa hlutina út frá nýju sjónarhorni. Ekki misskilja mig, það þurfa ekki allir að breyta heiminum. Við þurfum að lifa í jafnvægi, en það er synd ef við missum af tækifærunum til að móta hlutina og hafa áhrif á umhverfið í kringum okkur," segir Áslaug.

Allir geta verið skapandi

En ætli margir hafi skakkt viðhorf til skapandi hugsunar? Að þeim sé hún ekki ætluð heldur aðeins þeim sem fást við listir?

„Viðhorf okkar til eigin sköpunar skiptir máli. Við höfum öll sköpunarþörf í einhverri mynd. Það að vera skapandi einstaklingur þarf ekki að þýða að við gerum lítið annað en að vinna að einni ákveðinni listsköpun allan daginn alla daga. Við segjum sjálfum okkur að við getum ekki með nokkru móti verið skapandi ef við erum að gera fleiri hluti eins og að sinna vinnu, íþróttum eða öðru. Við teljum okkur trú um það að til þess að vera frambærileg í einhvers konar sköpun þurfum við að lifa eins og gömlu listamennirnir í einveru með penslana okkar og strigann og hugsa um lítið annað en listaverkið og afurðina.

Við þurfum að muna að það eru ekki aðeins listamenn sem geta skapað heldur geta allir verið skapandi, við allar mögulegar aðstæður. Sköpunargáfan getur notið sín í hvers kyns sköpun og andinn og hugmyndaflæðið getur komið yfir þig hvenær sem er og hvar sem er. Á leið í vinnu, við hinar ýmsu aðstæður og jafnvel í svefnrofunum. Þá er gott að skrifa hjá sér hugmyndina þannig að við glötum ekki þeim neista sem kviknar. Það er mikilvægt að vera sveigjanlegur, afslappaður og opinn fyrir því sem flæðir til okkar eða brýst um í huganum þegar við sköpum. Það er líka mikilvægt að þora að brjóta upp daglegt mynstur og þannig upplifa nýja hluti sem hafa áhrif á skapandi hugsun," segir Áslaug.

Sköpun er flæði

Hvernig eigum við að stuðla að að skapandi hugsun?

„Við þurfum að leyfa sköpunargáfunni að brjótast fram án allra þvingana. Sköpun er flæði og oft er best er að leyfa sköpunarferlinu að eiga sér stað þegar það eru engar fyrirfram mótaðar hugmyndir um hver útkoman eigi að vera. Ferlið sjálft er sköpun, ekki einungis afurðin. Stundum kveikir tónverk, ritverk eða málverk, og svo mætti lengi telja, upp hughrif hjá viðtakandanum sem síðan setur af stað hugsanaferli sem ef vel er að gáð getur leitt af sér hugmynd sem vert er að gefa gaum. Við þurfum að gefa eigin hugmyndum betri gaum og skrá þær niður. Þótt við síðan gerum ekkert með hugmyndirnar þá erum við með þessu að virkja skapandi hugsun sem síðan getur leitt til annars konar sköpunarferlis. Sköpunarferlið virkjar hugann og gleðistöðvar heilans. Að geta lagt til samfélagsins í formi eigin hugvits og sköpunarkrafts er ómetanleg og gefandi tilfinning sem allir ættu að fá tækifæri til að upplifa," segir Áslaug.

MARGT & MIKIÐ
Visitor
GARMIN

Carabao Cup
EFL

ÚRSLIT
SUNNUDAG
KL. 16:15

LaLiga
EL CLÁSICO
SUNNUDAG 19:50

JUVENTUS
SERIE A
SUNNUDAG
19:35

FRESCO

SPORT
Tryggðu þér áskrift **stod2.is** | **1817**

KAUPTU STAKAN LEIK: vodafone Síminn

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

29. FEBRÚAR 2020 LAUGARDAGUR

Merkisatburðir

1644 Sæfarinn Abel Tasman leggur í aðra ferð sína yfir Kyrrahafið.



1884 Tímaritið Fjallkonan hefur göngu sína.

1940 Hattie McDaniel er fyrsti svarti leikarinn til að vinna Óskarsverðlaun.

1952 Eyjan Helgoland kemst aftur undir stjórn Þjóðverja.

1960 Þúsundir manna farast í jarðskjálfta í Marokkó.

1968 Mikil flóð verða í Ölfusá með jakaburði, sem veldur miklum skemmdum á Selfossi.

1976 Hlaupársbarnið **Ja Rule** fæðist.

2004 Jean Bertrand Aristide segir af sér sem forseti Haítí í kjölfar uppreisnar.



2012 Byggingu samskiptamastursins **Tokyo Skytree** lýkur.



Hildur Magnúsdóttir er leikkona og hlaupársbarn sem lætur afmælisdaginn ekki lengur á sig fá. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hvimleitt hlaupársgrín

Fjórða hvert ár fæðast hlaupársbörn – börn sem eiga afmæli á hlaupársdegi 29. febrúar. Hildur Magnúsdóttir leikkona hafði ekki gaman af afmælisdeginum í æsku.

Þau sem fæðast á hlaupársdag koma í heiminn með félagslegan skotspón á bakinu. Samkvæmt gregoríanska tímatalinu sem við á Vesturlöndum styðjumst við eiga þessi svokölluðu hlaupársbörn einungis afmæli á fjögurra ára fresti. Það þarf ekki mikinn grínista til að reiða til þessa ódýra höggs að segja að tólf ára barn sé einungis þriggja ára þar sem það hafi aðeins átt þrjá afmælisdaga.

Fréttablaðið hafði uppi á fulltrúa frá þessum ofsótta minnihlutahóp og komst að því hvernig í ósköpunum hlaupársbörn takast á við daglegt líf.

Finnst sem hún eldist ekki

„Mér finnst ég alltaf jafn ung, það er bara þannig," segir Hildur Magnúsdóttir glöð í bragði. Hún er bæði leikkona í leikhópnum RaTaTam og hlaupársbarn. „Hversu gömul sem ég verð er eins og ég eldist ekki enda er ég bara frábær!"

> **Þreyttasti brandarinn er sá þegar fólk segist ekki þurfa að gefa manni afmælisgjöf.**

Afmælisdeginum fylgir þó gjarnan hvimleitt grín. „Þreyttasti brandarinn er sá þegar fólk segist ekki þurfa að gefa manni afmælisgjöf því maður eigi tæknilega ekki afmæli. Mér fannst það eiginlega leiðinlegast þegar ég var lítil," segir Hildur sem hafði ekki mikið gaman af afmælisdeginum sínum á yngri árum.

Aðspurð segir Hildur að þegar ekki var hlaupár hafi 28. febrúar alltaf verið valinn til að halda upp á afmælið frekar en 1. mars. „Af því að það er síðasti dagurinn í febrúar. Eftir að ég varð eldri varð það svo yfirleitt bara þegar það hentaði mér best," segir hún.

Raggi Bjarna stendur upp úr

Ein afmælisminning stendur þó upp úr hjá Hildi. „Þegar ég varð tuttugu og fjögurra ára gömul, eða sex hlaupára, hafði ég verið með Ragga Bjarna á sýningu á Hótel Sögu," segir Hildur. „Við sungum svo saman og hann söng fyrir mig afmælissönginn," segir Hildur sem minnist Ragga hlýlega.

Hildur segist því miður ekki vita til mikillar samstöðu meðal hlaupársafmælisbarna. „Ég þekki eiginlega ekki marga sem eiga afmæli á þessum degi. Það væri kannski ráð að stofna Facebook-grúppu!" segir Hildur og hlær.

Fréttablaðið óskar Hildi og öðrum hlaupársbörnum innilega til hamingju með afmælisdaginn.

arnartomas@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ágúst Stefánsson

vélstjóri,
Norðurbakka 11C, Hafnarfirði,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut mánudaginn 24. febrúar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 3. mars klukkan 15. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á hjartadeildinni fyrir einstaka umönnun.

Anna M. Þórðardóttir
Þórður Ágústsson — **Friðný Heimisdóttir**
Helga Ágústsdóttir — **Birgir Loftsson**
Ívar Þór Ágústsson — **Bylgja Hrönn Björnsdóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Trausti Jóhannsson

Stórholti 8,
Akureyri,

lést á heimili sínu þann 24. febrúar síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju á Akureyri, föstudaginn 6. mars kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök SAk.

Anna Svava Traustadóttir — **Karl Hjartarson**
Mikael Jóhann Traustason — **Guðrún Vala Ólafsdóttir**
Þyrí Margrét Traustadóttir
Sólrún Inga Traustadóttir — **Angelos Parigoris**
Sóley Jóhannsdóttir — **Guðmundur Víkingsson**
barnabörn og langafabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Sverrir Örn Olsen

(Bósi)

lést á heimili sínu á Spáni, sunnudaginn 12. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 3. mars kl. 13.

Sverrir H. Sverrisson
Unnur Svava Sverrisdóttir — **Jóhannes S. Harðarson**
barnabörn, systkini og fjölskyldur.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Réttað yfir göldróttu fólki



Nornaréttarhöldin í bænum Salem í Bandaríkjunum hófust í febrúar 1692 og stóðu fram í maí 1693. Áður en hryllingnum lauk höfðu 30 manns verið sakfelldir fyrir galdra og af þeim voru nítján hengdir. Voru það fjórtán konur og fimm karlar.

ÞETTA GERÐIST 29. FEBRÚAR 1992

Hátíð til heiðurs hundrað þúsund Reykvíkingum

Á blíðviðrisdeginum 29. febrúar 1992 hélt Reykjavíkurborg upp á að 100 þúsund íbúar væru búsettir í höfuðborginni. Þeim áfanga hafði verið náð fyrr í mánuðinum, en ekki var hægt að ákvarða hver hundraðþúsundasti Reykvíkingurinn væri.

Hátíðardagskráin hófst á hlaupárshlaupi í Elliðaárdal og var sýning með ljósmyndum bæjarins opnuð í Gallerí Borg. Þar var hægt að skoða innréttingar Skúla Magnússonar fógeta og tillögur Reykjavíkurborgar um framkvæmdir við Austurstræti.

Í kjölfarið var haldin skemmtiganga um miðbæinn og Markús Örn Antonsson þáverandi borgarstjóri ávarpaði hátíðargesti á Lækjartorgi. Þá var Reykvíkingum, sem urðu 100 ára eða eldri á árinu, boðið í kaffiboð í Höfða og komu sex manns á þessum aldri í boðið. Dagskránni lauk að kvöldi til með flugeldasýningu.

Í dag eru Reykvíkingar orðnir fleiri en 131 þúsund, miðað við tölur frá Þjóðskrá.



Okkar ástkæri eiginmaður,
fjölskyldufaðir og bróðir,

Bjarni Jón Matthíasson

Sandlæk í Gnúpverjahreppi
(áður Kirkjubæjarklaustri)

andaðist að Landspítalanum Hringbraut miðvikudaginn 26. febrúar.
Útförin fer fram í Skálholtskirkju laugardaginn 14. mars, klukkan 12.00.

Elín Erlingsdóttir
Ester Elín Bjarnadóttir **Björgvin Rúnarsson**
Guðrún Heiða Bjarnadóttir **Andri Jónasson**
Helgi Haukur Hauksson **Helga Margrét Friðriksdóttir**
barnabörnin og systur hins látna.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, kærleika og hlýjar kveðjur við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ruthar Pálsdóttur

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Eirar fyrir góða umönnun og hlýju í garð Ruthar.

Brynja Vermundsdóttir **Logi Úlfarsson**
Kristín Fenger Vermundsdóttir **Helgi Benediktsson**
Páll Ómar Vermundsson
Sigurbjörg Ingunn Vermundsdóttir **Öystein Moe**
barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar,

Ólafur Þórarinsson

fyrrum bónda
í Flugumýrarhvammi,

lést 24. febrúar.
Hann verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju fimmtudaginn 5. mars klukkan 14.
Blóm og kransar afþakkaðir.

Rögnvaldur, Þórarinn, Halldór, Sólveig Ebba, Sigurður Örn, Ásta Begga og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Eggert Snorri Magnússon

húsasmíðameistari,
Strikinu 12, Garðabæ,

lést á Vífilsstöðum 22. febrúar sl.
Útförin fer fram frá Garðakirkju 4. mars kl. 13.00.
Blóm og kransar afþökkuð.

Hrefna Lárusdóttir
Valur L. Valdimarsson
Páll Ármann Eggertsson **Kristín Hauksdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Friðbjörg Kristjana Ragnarsdóttir

Skipalóni 20,

lést á Landspítalanum föstudaginn 21. febrúar. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 6. mars klukkan 15.

Jóhann Þór Jóhannsson **Rúna Baldvinsdóttir**
Ragnar Steinþór Jóhannsson
Friðjón Viðar Jóhannsson
Edda Sigurbjörg Jóhannsdóttir **Rúnar Páll Brynjúlfsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, og langamma,

Guðrún Anna Ingimundardóttir

áður til heimilis að Háukinn 9,
Hafnarfirði,

sem lést 21. febrúar á Sólvangi verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 5. mars kl. 13.00.
Fjölskyldan færir starfsfólki Sólvangs innilegar þakkir fyrir góða umönnun.

Elín Jóhannsdóttir
Bára Friðriksdóttir **Guðmundur Steinþór Ásmundsson**
Jón Leví Friðriksson
barnabörn og barnabarnabörn.



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Þórey Önundardóttir

frá Neskaupstað,
Klapparstíg 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 26. febrúar sl.
Útförin verður auglýst síðar.

Baldur Bjarnason
Ásdís Rósa Baldursdóttir **Kristján Gíslason**
Guðrún Baldursdóttir **Gísli Sverrir Árnason**
Björg Baldursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku pabbi, fósturpabbi, afi, langafi og tengdapabbi,

Garðar Ingvarsson

hagfræðingur,
Suðurlandsbraut 70A,
108 Reykjavík,

lést þriðjudaginn 25. febrúar á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 10. mars kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast Garðars bendum við á SOS Barnaþorp.

Karen, Sigríður Anna, Ingvar og Ingibjörg Elísabet Garðarsbörn
tengdabörn, fósturbörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Egill Kristjánsson

Suðureyri,

lést á Sjúkrahúsi Ísafjarðar 24. febrúar.
Jarðsungið verður frá Suðureyrarkirkju 7. mars kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðrún Guðjónsdóttir



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gísli Eyjólfsson

húsasmíðameistari,
Kristnibraut 2,

lést á Landspítalanum, þriðjudaginn 25. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Sigríður Ragnheiður Guðnadóttir
Elísabet Gísladóttir **Arnór Valdimarsson**
Sigríður Gísladóttir **Gísli Ólafsson**
Eyjólfur Gíslason **Þórey Guðlaugsdóttir**
barnabörn og makar og barnabarnabörn.



Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Elísabetar Guðnýjar Hermannsdóttur

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúni fyrir umönnun síðustu ára.

Sigríður Indriðadóttir **Margeir Pétursson**
Einar Páll Indriðason **Halla Halldórsdóttir**
og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,


Fríður Jónsdóttir

Kríulandi 8, Garði,

lést á Torrevieja á Spáni, sunnudaginn 23. febrúar.
Útförin verður auglýst síðar.

Auðunn Karlsson
Sigurjón Haraldsson **Guðný Anna Annasdóttir**
Bjarni Auðunsson **Sigurrós Jónasdóttir**
og aðrir aðstandendur.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

SPILASTOKKUR

S	K	Y	N	J	A	Đ	A	R		S		Á		O		H		M	
K		N		A				E		Ö	L	D	U	R	H	Ú	S	U	M
U	N	D	I	R	B	Ú	N	I	N	G		R		R		S		N	
L		I		Đ		R		K		U		Á	L	A	G	S	I	N	S
D	Í	S	A	R	R	U	N	N	U	M		T		H		J		L	
A		F		E		X		I		E	I	T	U	R	B	Ó	K	A	R
S	J	Ó	S	I	G	I	N	N		N		A		Í		Đ		G	
Ú		L		S		N		G	A	N	G	R	Á	Đ	S	I	N	S	
P	A	K	K	A	N	N		U			Í		R		E		E		M
U		I			Æ		B	R	E	T	T	A	M	E	N	N	I	N	A
	Ó	Đ	H	A	R	Đ	A		L		A		Ó		D		J		T
	T		E		U		R		L	Á	R	É	T	T	I		Ó		F
S	T	Ý	R	I	M	A	N	N	I		N		U		N	Ó	N	I	R
	A		Đ		H		A		G	J	Ö	R	M	Y	N	D			E
E	F	N	A	H	V	A	T	A	R		G			P		Á	T	Ö	K
	U		M		E		Í		Á	H	L	A	U	P	U	M		R	
E	L	L	I	H	R	U	M	R	A	R		F		T		A		E	
	L		K		F		A		R	I	S	A	V	I	N	N	I	N	G
F	U	L	L	V	I	N	N	A		N		N		N		N		D	
	R		A		Đ		N		S	U	M	A	R	G	J	A	F	I	R

LAUSNARORÐ: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist tímabær afréttari.
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 6. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „29. febrúar“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Slátur-tíð** eftir **Gunnar Theodór Eggertsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Reynir Axelsson, Mosfellsbæ**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Að lækna mein eða valda hraustum meini? (10)
11 Deilum fengnum í símtali (11)
12 Munu peningar bæta ástand eða eðli þessara klúbba? (10)
13 Segðu mér frá ástandi þínu og viðhorfi til þess (7)
14 Þessi gómsæti ávöxtur er I: Breskur? Eða II: Í uppnámi? (8)
15 Elska þennan risa fyrir tök hans á þessum fíflum (5)
16 Fyrst kemur bytta og svo heil röð og fyllir vagninn (7)
17 Held þessum hittingi bara fyrir mig (10)
19 Einföld vísbending og þekkileg lausn (5)
20 Glæpur Arnar og annarra sundkappa (7)
21 Kakó, púðursykur, salt – og nú ropvatn og hamfarir? (8)
24 Þau segja ég vegi salt á barmi ringulreiðar (5)
27 Brjáluð í kaðla og ansi strekkt (8)
31 Lýsir því hvernig hann penslar frá gólfi til lofts (8)
33 Reykflog er það sem beðið er um (6)
34 Fljót gætir síðu en sárið svíður samt (8)
35 Afar hamingjusöm af bræði? (8)
36 Eru þessir kálfar einhvers konar kjánar? (6)
37 Leita ystu rýma, því þar eru tilboðin best (6)
38 Hótar öllu illu ef ég fer nær kjarna þess sem hótar öllu illu (10)
39 Þeim er gert að þykjast vera allar (6)
43 Með máta gulllitaðs kjána (7)
46 Tel molana passa vel í gin (10)
48 Jöklajárnin eða gaddgaddarnir? Gildir einu fyrir hrossin (12)
49 Taldi lausn útigangsmannanna síst verri en fínu frúanna (10)
50 Krefst lokunar strákadeildar vegna hávaða (10)

LÓÐRÉTT

1 Segja aðalbjöllu garðsins sækja í fjólublátt blóm (11)
2 Hafa reið hirt um fantaleg? (9)
3 Herinn ætlar felubúningnum að leyna hæfileikunum (9)
4 Dóu á fönkuðu djammi í ringulreið og loftleysi (7)
5 Séu þér skorður settar af sjókofforti er illt í efni (10)
6 Líkamsþvottur mun stöðvast milli sólríkra sjávarbakka (10)
7 Jökull á ekkert hey, enda breyskur bóndi (10)
8 Fimmtu- vék fyrir föstu- og föstu- fyrir laugar- og þannig áfram, hver af öðrum (9)
9 Kjöftum um koll þann er klerkur klifar á í sínum tölum (9)
10 Hverju skyldi lítil lauma inn með sínum eilífu aðfinnslum? (9)
18 Á eftir þessu kemur draugnefnd varaformanns (11)
22 Nei, hann eykur ekki ljós heldur útvarpsbylgjur (12)
23 Sá dót í geymslunni er gagnast gæti í sókn þinni eftir frumefni (12)
25 Bæta blæ á undirliggjandi farða (7)
26 Vill afhjúpa yfirmennina og það sem þeir sitja á (7)
28 Þú veist best hvað orðið getur (5)
29 Bryddi ég eitthvað úr þörungaríkinu þá væri það þetta (7)
30 Hreimur boðar hljóðbyltu (7)
32 Þessir kardínálar eru skrautlegir fuglar (10)
37 Dreg þetta upp úr klukkuposa (6)
40 Þór fór með fleipur, segir Lauga (6)
41 Það er einhvern veginn vandvirknin, sem tinnan krefst (6)
42 Best er að straumrennsli fari í viðeigandi farveg (6)
44 Ræðan er um ærðan múg og vel alda þjóð (5)
45 Varst þú sátt þarna fyrir neðan? (5)
47 Þegar þú í draumum mínum þirtist allt er ljúft og gott (4)

LÉTT

							1	3
	4	1		3		5		
2				8	5			4
1	5		4			3	9	
	6	8		7	9			2
4	2							
5	8		2	9	7			
	9	3			4	7		5
			6					

MIÐLUNGS

9								
2	8			1		7		
	6		9				3	1
3	2					4		
5				7			2	
7	1							
		3	1				5	8
				9	7			4
	4		3		8		6	7

ÞUNG

				8	3			
	6	7		9			2	8
		5				9		
			8				4	
				3				
2	3	4	9					1
4			1				9	
6		1					5	
	2		4		5			6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

6	7	1	4	8	2	5	9	3
3	4	2	6	5	9	8	1	7
5	8	9	7	1	3	2	4	6
7	6	4	8	9	5	3	2	1
2	5	8	1	3	7	4	6	9
9	1	3	2	6	4	7	5	8
1	9	5	3	4	8	6	7	2
8	2	6	5	7	1	9	3	4
4	3	7	9	2	6	1	8	5

6	5	3	8	1	9	4	2	7
7	8	1	4	2	6	5	9	3
9	2	4	7	3	5	8	6	1
8	3	6	5	4	2	1	7	9
2	4	5	9	7	1	6	3	8
1	7	9	3	6	8	2	4	5
3	1	2	6	8	7	9	5	4
4	9	8	2	5	3	7	1	6
5	6	7	1	9	4	3	8	2

7	5	1	6	8	2	4	9	3
8	6	2	4	9	3	5	7	1
9	3	4	7	1	5	6	8	2
1	2	6	8	4	7	3	5	9
3	7	8	9	5	1	2	4	6
4	9	5	2	3	6	8	1	7
5	8	3	1	6	9	7	2	4
2	4	9	3	7	8	1	6	5
6	1	7	5	2	4	9	3	8

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Jóhann Óli Eiðsson (Hrókum alls fagnaðar) átti leik gegn Erlingi Frey Jenssyni (Skákfélagi Selfoss og nágrennis).

23. Dh7+! Hxh7 24. Hxh7+ Kf8 25. Hh8+ Kg7 26. Hxb8! Dxf6? (26 ... Dc5 dugar ekki vegna 27. Hg8+ Kh6 28. Hh8+ Kg7 29. Hh7+ Kf8 30. Rxd7+. Eftir 26 ... Bc8! eða 26 ... Be8 getur svartur varist með 27 ... Da7 og hvítur á ekkert betra en jafntefli með þráskák.) **27. exf6+ Kxf6 28. Kd2 1-0.**
www.skak.is: Allar skákfréttirnar.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

ÞÝÐINGARMIKILL SAMNINGUR

Íslandsmót í paratvímenningi var háð um síðustu helgi með þátttöku 23 para. Sigurvegarar voru Hjördís Sigurjónsdóttir og Kristján Blöndal. Þau voru í forystu allt mótið, alveg frá fyrstu umferð. Frá má telja næst síðustu umferð þegar Siglfirðingarnir Björk Jónsdóttir og Jón Sigurbjörnsson náðu tæpri forystu. Hjördís og Kristján áttu fína lokasetu sem tryggði þeim efsta sætið en Björk og Jón þurftu að sætta sig við annað sætið. Mótið vannst á frekar lágu skori. Hjördís og Kristján voru með 57,1% skor og Björk og Jón með 56,0% skor. Svala K. Pálsdóttir og Aðalsteinn Jörgensen enduðu í þriðja sæti með 55% skor. Hjördís og Kristján fengu hreinan topp í þessu spili mótsins, strax í fyrstu umferð. Norður var gjafari og enginn á hættu:

Norður
♠ ÁDG542
♥ D1062
♦ 85
♣ D

Vestur
♠ K73
♥ 984
♦ K642
♣ Á102

Austur
♠ 96
♥ K753
♦ G1092
♣ K97

Suður
♠ 108
♥ ÁG
♦ AD7
♣ G86543

Hjördís og Kristján sátu í norður-suður. Hjördís hóf sagnir með því að opna á 1 spaða á norðurhöndina. Kristján sagði 1 grand á suðurhöndina sem var krafa og Hjördís 2 ♥. Kristján valdi að segja 3 grönd sem lokasamning sem var passað út. Nánast öll pörin í salnum völdu að spila spaðasamning í NS og flestir geim. Útspil vesturs var tígull og Kristján tók 10 slagi með hjarta og spaðasvíningunni. Þeir sem spiluðu spaðasamning fengu 10 slagi (420) en í tvímenningi fengust 430 stig fyrir að vinna þrjú grönd með yfirslag. Það dugði í hreinan topp og efsta sætið hélst nánast allt mótið.

NÓA

NÝTT

Gleðilegt

hlaupár

NÓA

Trítlar

Vegan

Villt og tryllt veganhlaup

Í tilefni af hlaupárinu!


Nýju vegan hlaup Trítlarnir frá Nóa Síríus eru ekki aðeins trítilgóðir, heldur eru þeir einnig vegan og henta því í nammiskál allrar fjölskyldunnar.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

VELKOMIN Á

Í HÁSKÓLA ÍSLANDS LAUGARDAGINN







Fjölbreytt dagskrá verður á háskólasvæðinu þar sem í boði verða námskynningar, viðburðir og uppákomur sem sýna vísindin í litríku og lifandi ljósi.

Kynntu þér námsframboð og samstarf opinberu háskólanna

Háskólinn á Akureyri
Háskóli Íslands
Háskólinn á Hólum
Landbúnaðarháskóli Íslands

HÁSKÓLA DAGURINN

29. febrúar

Kynning á öllu háskólanámi á Íslandi

f /haskoladagurinn
haskoladagurinn.is
#hdagurinn

Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands verða á Háskólatorgi Háskóla Íslands

Háskóli Íslands kynnir nám sitt á Háskólatorgi, í Aðalbyggingu, Öskju og Háskólabíói.

Háskólinn í Reykjavík kynnir nám sitt í Háskólanum í Reykjavík

Háskólinn á Bifröst kynnir nám sitt á Háskólatorgi Háskóla Íslands og í Háskólanum í Reykjavík

Listaháskóli Íslands kynnir nám sitt í húsnæði skólans að Laugarnesvegi 91

Fríar rútuferðir á milli HÍ, HR og LHÍ

OPIÐ HÚS

29. FEBRÚAR KL. 12–16

KYNNTU ÞÉR FJÖLBREYTT
NÁMSFRAMBOÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI
Í BÆÐI GRUNN- OG FRAMHALDSNÁMI



ASKJA
Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ

Dagskrá:

12.00 Grillaðar pylsur
12–14 Jarðskjálftahermir
12–16 Rafknúinn kappakstursbíll Team Spark
12–16 Framkallaðu þinn eigin jarðskjálfta
12–16 Fljúgðu um heiminn á höndunum
14.00 Hönnunarkeppni byggingarverkfræðinema

AÐALBYGGING
Hugvísindasvið

Dagskrá:

12.30 Spunatónverk á skólahljóðfæri
13.00 Háskólakórinn
14.00 Tai Chi kínverskt bardagaaðriði og kennsla
14.00 Örnámskeið í þýsku (A-220)
12–16 Ljóðagjörningur
12–16 Japönsk skrift
12–16 Fornleifar til sýnis

VÍSINDASMIÐJAN Í HÁSKÓLABÍÓI
Opin frá kl. 13–15

Tæki, tól, tilraunir, þrautir og óvæntar uppgötvanir fyrir alla aldurshópa.

VÍSINDAHVÍSL Í ODDA

12.00 Lýðræði á Íslandi
12.20 Konur og hamfarahlýnun
12.20 Forsetakosningar í Bandaríkjunum
12.40 Hvernig getum við stutt foreldra í þeirra mikilvæga hlutverki?
12.40 Við þurfum öll að borða, en hver eru umhverfisáhrifin?
13.00 Hvað er að gerast á Reykjanesi og hvernig stemmir það við jarðfræði Íslands?
13.00 Þjóðfræði þorrans
13.20 Matur og hreyfing, lífsins elexír?
13.20 Bókmenntir og fræði: Fyrir hvern og til hvers?
13.40 Ugla sat á kvisti: Hvaða nám á ég að velja?
14.00 Hryðjuverkaógn á Íslandi: Áhrif á borgara, lagasetningar og lögmæti
14.00 Nýjar námsleiðir í hagnýtri atferlisgreiningu
14.20 Hvaða falsfréttir eru hættulegastar?
14.20 Félagsfræði og árangur
14.40 Velkomin í háskóla! Verkfæri fyrir skrif og textavinnu á háskólastigi
14.40 Ugla sat á kvisti: Hvaða nám á ég að velja?
15.00 Kolefnisfótspor ferða og áhrif umhverfisvitundar á losun
15.00 Verðmætamat á náttúrugæðum
15.20 Matur er magnaður: efnafræðin í eldhúsinu
15.20 Framtíðarmöguleikar í nýju kennaranámi
15.40 „Við eigum ekkert hús“: Reynsla barna af því að búa við fátækt

HÁSKÓLATORG
Félagsvísindasvið HÍ
Menntavísindasvið HÍ
Heilbrigðisvísindasvið HÍ

Háskólinn á Akureyri
Landbúnaðarháskóli Íslands
Háskólinn á Hólum
Háskólabrú Keilis
Háskólinn á Bifröst
Listaháskóli Íslands

Dagskrá:

14.00 Sjáið hvernig stúdentar búa
Gönguferð í Mýrargarð
9.30–16 Háma opin
12–16 Bóksala stúdenta opin
12–16 Þjónustuborð Háskólatorgs opið
11–01 Stúdentakjallarinn opinn

KYNNING Á ÖLLU NÁMI FRÁ KL. 12–16

Konráð og félagar 393 á ferð og flugi

„Þetta er nú meira veggskriflið,“ sagði Kata, þar sem þau komu að hlaðinni steingirðingu. „Hér vantar nánast annan hvern stein,“ bætti hún við með fyrirlitningu. „En hann er nú bara orðinn gamall,“ sagði Konráð. „Það gerir hann ekki endilega að vondum vegg, bara laslegum,“ bætti hann við. „Það vantar til dæmis ansi marga steina í þetta gat hérna fyrir framan okkur,“ sagði Kata og hélt áfram að úthúða veggnum. Konráð varð að viðurkenna að það vantaði jú ansi marga steina í þetta gat. „En við verðum að troða okkur í gegnum það ef við ætlum að komast eitthvað áfram,“ sagði Kata. „Spurning hvort það vanti það marga steina að við komumst í gegnum gatið,“ bætti hún við glottandi. Enda augljóst að auðvelt væri að komast í gegnum svona stórt gat án þess að þurfa að troða sér.

Getur þú hjálpað þeim að telja hvað vantar marga steina í gatið?



Lausn á gátunni

Það vantar átta steina

Öskudagsfjör

Ungmenni höfuðborgarsvæðisins nutu bjartviðris á öskudaginn og skemmtu sér vel í skrautlegum búningum.



Elísabet, Eydís, Carmen, Brynja Dís og Bjarnheiður.



Bryndís og Jóhanna.



Lea og Liv.



Hrafnhildur, Gabija og Emma



Bræðurnir Orri, Arnar og Ari.



Axel, Gabríel, Róbert og Elmar.



Berglind, Elma og Freyja Björk.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við byggjum á sterkri sögu

Þriggja hæða íbúðarhús við Selvogsgrunn 7, teiknað af Hannesi Davíðssyni, var byggt árið 1957, en steypan í það kom frá BM Vallá. Fjölskyldur hafa komið og farið, en fallegt húsið stendur alltaf fyrir sínu.
Til gamans má geta þess að bíllinn í forgrunni á myndinni er Fiat Multipla 600, árgerð 1959, en sumir gárungar kölluðu þessa bíltegund „baðkar á hvolfi".

Í yfir 70 ár höfum við tekið þátt í uppbyggingu íslensks samfélags.



GÆÐAKERFI VOTTAÐ ÍST ISO 9001

bmvalla.is

BM·VALLÁ

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 1 ↙	-6 °C | 1 ↑	-1 °C | 2 →
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 14 ↖	4 °C | 9 ←	-6 °C | 8 ↘

Hvessir aftur í dag, stormur á Suðausturlandi og syðst á landinu seinnipartinn. Mun hægari vindur vestanlands. Él eða snjókoma um tíma í flestum landshlutum, hiti kringum frostmark.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	2 °C | 10 ↖	2 °C | 7 ↖	2 °C | 4 ↖	-3 °C | 1 ↙	0 °C | 5 ↘
Ísafjörður	-2 °C | 9 ↖	-3 °C | 5 ↖	-1 °C | 4 ↖	-2 °C | 4 ↙	-2 °C | 4 ↓
Akureyri	-1 °C | 5 ↑	-3 °C | 2 ←	-2 °C | 3 ↖	-3 °C | 2 ↘	-5 °C | 1 ↘
Egilsstaðir	1 °C | 11 ←	-1 °C | 4 ←	-1 °C | 2 ←	-3 °C | 3 ↑	-3 °C | 1 ↑
Kirkjubæjarklaustur	1 °C | 18 ←	1 °C | 7 ←	2 °C | 8 ←	-2 °C | 2 ↘	-1 °C | 2 ↘
Hveravellir	-4 °C | 20 ←	-5 °C | 3 ↙	-3 °C | 5 ↑	-6 °C | 6 ↘	-6 °C | 5 ↘






Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






3990.-



1490.-



1990.-





OPIÐ KL. 10 – 21 ÖLL KVÖLD

BÓKA MARKAÐURINN

Laugardalsvelli

27. FEBRÚAR – 15. MARS


ÓTRÚLEGT ÚRVAL · ÞÚSUNDIR TITLA



990.-



1799.-




490.-




990.-



990.-



990.-



2990.-



1990.-

Eins og sálarspegill

Kristinn Sigmundsson og Anna Guðný Guðmundsdóttir flytja Vetrarferð Schuberts í Salnum í dag. Kristinn mun syngja í óperum í Los Angeles og Búkarest.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



„Með aukinni lífsreynslu og þroska er ég alltaf að sjá eitthvað nýtt, bæði í kveðskapnum og tónlistinni.

Kristinn Sigmundsson flytur Vetrarferðina eftir Franz Schubert við undirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur í Salnum í dag, laugardag, 29. febrúar, klukkan 15.00. Vetrarferðin er með því síðasta sem Schubert samdi og er talin vera eitt mesta stórvirki ljóðasöngsins.

Kristinn segist ekki hafa tölu á því hversu oft hann hafi sungið Vetrarferðina. „Fyrsti konsertinn þar sem ég söng hana alla var árið 1987," segir hann. Spurður hvað sé svo heillandi við verkið segir hann: „Vetrarferðin stendur mér mjög nærri, hún er eins og sálarspegill. Það er ekkert sem ég hef fengist við sem hefur leitað jafn mikið á mig eða er jafn nálægt mér.

Í fyrsta skipti sem ég söng Vetrarferðina, löngu áður en ég gerði mér grein fyrir að ég væri allt of ungur til að geta það, þá hugsaði ég með mér: Jæja, þá er ég búinn að þessu. Nú sný ég mér að öðru verkefni. Svo leitaði Vetrarferðin á og hefur gert með reglulegu millibili."

Sér alltaf eitthvað nýtt

Spurður hvort skilningur hans á á textanum og tónlistinni og um leið túlkun hans sjálfs hafi breyst mikið í áranna rás segir Kristinn: „Með aukinni lífsreynslu og þroska er ég alltaf að sjá eitthvað nýtt, bæði í kveðskapnum og tónlistinni. Túlkunin er hverju sinni svo nátengd sálarlífinu og því hvernig manni líður að hún er aldrei eins. Jafnvel þótt ég syngi Vetrarferðina dag eftir dag þá gæti ég ekki tryggt að túlkunin yrði sú sama á morgun. Þetta gerir verkið mjög spennandi."

Kristinn flutti Vetrarferðina síðast árið 2011 í Eldborgarsal Hörpu með Víkingi Heiðari Ólafssyni og flutningur þeirra var magnaður. Vetrarferðina flutti hann fyrst með Jónasi Ingimundarsyni í Austurbæjarbíói. „Við Jónas fluttum hana margoft, bæði hér heima og í útlöndum, meðal annars á Spáni og Þýskalandi. Nú flyt ég hana með Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur, það er ekki í kot vísað þar. Ég hlakka til, held að þetta verði gaman," segir Kristinn.

Mozart í Los Angeles

Kristinn kennir í Listaháskólanum og segist ekki syngja mikið opinberlega hér heima. Hann syngur samt í Sálumessu Verdis með Söngsveitinni Fílharmóníu um miðjan mars og 26. apríl syngur hann svo Vetrarferðina í Hofi á Akureyri.

Í apríllok heldur hann til Los Angeles þar sem hann syngur í Brúðkaupi Fígarós. „Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt. Núna er ég að læra óperu frá árinu 1919 eftir Alexander Zemlinsky, sem heitir Dvergurinn, Der Zwerg. Ég syng hana á Enescu-listahátíðinni í Búkarest."

Spurður hvort hann stefni að því að syngja fram í andlátið segir Kristinn: „Já, því ekki það? Ég held ekki kjafti fyrr en það verður þaggað niður í mér."




Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt, segir Kristinn sem senn fer til Los Angeles. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Frumútgáfur úr einkabókasafni á netuppboði

Á netuppboði Gallerís Foldar og Bókarinnar er boðinn upp um helmingur merks einkabókasafns Norðmannsins dr. Ivars Orgland. Hann kom upphaflega til Íslands sem sendikennari og varði áratugum í að efla menningartengsl Íslands og Noregs. Hann þýddi íslensk verk, einkum á nýnorsku, skáldsögur jafnt sem ljóð frá öllum öldum Íslandsbyggðar og vann mikið og merkilegt starf við kynningu á íslenskri menningu. Þá hélt hann fjölda fyrirlestra um Ísland í Noregi. Ivar gaf einnig út ljóð sem hann orti sjálfur, ýmis safnrit, orðabækur og kennslubækur.

Ivar Orgland lést fyrir þó nokkrum árum en Ari Gísli Bragason, eigandi Bókarinnar ehf., keypti nýlega einkabókasafn hans af fjölskyldu hans í Ósló, það er að segja þann hluta sem tengist Íslandi. Nú er um helmingur bókasafnsins, eða um 50 bækur, boðinn upp en hinn helmingurinn verður boðinn upp síðar á árinu í samstarfi við Gallerí Fold. Langflestar bækurnar eru áritaðar af höfundum þeirra og nánast allar frumútgáfur.



Þorsteinn frá Hamri, skáld, en bækur eftir hann eru meðal þeirra sem eru á netuppboði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Af einstökum höfundum má nefna verk eftir Stein Steinarr en á uppboðinu eru allar hans bækur, bundnar í tvær bækur í rauðu skinnbandi. Bók Dags Sigurðarsonar Hlutabréf í sólarlaginu er á uppboðinu. Þar er einnig að finna bækur Þorsteins frá Hamri Tannfé handa nýjum heimi, 1. útgáfa, og Í svörtum kufli, 1. útgáfa, auk annarra bóka eftir Þorstein. Sömuleiðis eru þarna fyrstu bækur Jóhanns Hjálmarssonar.

Einnig er þarna að finna ljóðabækur Hugrúnar, allar áritaðar. Einnig áritaðar bækur eftir Snorra Hjartarson. Þá eru tvær bækur eftir Davíð Stefánsson á uppboðinu, báðar áritaðar, en Davíð áritaði ekki margar af bókunum sínum. Þarna er einnig fyrsta bók Nínu Bjarkar Árnadóttur, árituð. Fyrsta bók Ingibjargar Haraldsdóttur er sömuleiðis á uppboðinu og fleiri frumútgáfur eftir konur.

Bækurnar 50 verða til sýnis meðan uppboðið stendur í Gallerí Fold en netuppboðinu lýkur þann 8. mars.

Slóðin er www.uppbod.is.

GRILL 66

KOMBÓ TILBOÐ

1.090 KRÓNUR



90 G HAMBORGARI – EKKI ER HÆGT AÐ STÆKKA TILBOÐIÐ

TILBOÐIÐ GILDIR 27. FEBRÚAR TIL 8. MARS

EL RENO

FRANSKAR + COKE 0,5 L + LION

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTI

MOSFELLSBÆ
AKRANESI
BORGARNESI

SKAGASTRÖND
VARMAHLÍÐ
SIGLUFIRÐI

ÓLAFSFIRÐI
DALVÍK
HÚSAVÍK

REYÐARFIRÐI
NESKAUPSTAÐ
HELLU
SELFOSSI

GRILL66.IS

VIÐ ERUM Á OLÍS

olís

Pipar\TBWA \ SÍA

Hræðilegur glæpur framin á Þingvöllum

Jónína Leósdóttir sendir frá sér fimmtu bók sína um eftirlaunaþegann Eddu. Þar er meðal annars kíkt inn í heim stjórnmálanna. Síðasta bókin í seríunni, allavega í bili. Er að þreifa sig áfram með aðrar persónur.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is





Helst vildi ég skrifa fram á grafarbakkann, segir rithöfundurinn Jónína Leósdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Andlitslausa konan er fimmta bók Jónínu Leósdóttur um eftirlaunaþegann Eddu sem býr í vesturbæ Reykjavíkur og glímir við flókin sakamál.

Um efni bókarinnar segir Jónína: „Í þetta sinn ákvað ég að kippa Eddu aðeins út fyrir hennar venjulega radíus í vesturbæ Reykjavíkur og hefja leikinn á Þingvöllum. Hún fær boð um að vera viðstödd brúðkaup í litlu kirkjunni þar á gamlársdag en reyndar munaði litlu að hún afþakkaði því boðið barst í tölvupósti og með dónalega stuttum fyrirvara, fannst henni. En þar sem ömmustelpan, Dagný Edda, fær það verkefni að taka myndir í brúðkaupinu getur Edda ekki verið þekkt fyrir annað en að mæta. Það spillir heldur ekki fyrir að Finnur, nágranni hennar, samþykkir að fara með henni.

Á Þingvöllum er hræðilegur glæpur framinn fyrir allra augum og Edda gerist auðvitað sjálfskipaður stjórnandi á vettvangi þar til lögregla og sjúkralið mæta á staðinn. Hún sleppir þó ekki tökum á málinu heldur blandar sér áfram í rannsóknina á þessu voðaverki, eins og hennar er von og vísa.

Þegar ömmustelpan flækist inn í alvarlega atburðarás í tengslum við áramótapartí á Seltjarnarnesi brettir Edda einnig upp ermar, enda eru skilin á milli hjálpsemi og afskiptasemi ekki alltaf skýr hjá henni. Svo munar hana ekkert um að vaka yfir sjúklingi á Landspítalanum og hafa ofan af fyrir pakistönskum gesti úr brúðkaupinu sem talar takmarkaða ensku. Hún er, sem sagt, sjálfri sér lík, blessunin.“

Kíkt inn í heim stjórnmálanna

Þarna er meðal annars fjallað um veislu sem forsætisráðherra ætlar að halda á Þingvöllum. Er pólitískur þráður í bókinni þar sem þú ert að nýta innsýn þína í stjórnmálin?

„Upphaflega ætlaði ég bara að nota Þingvallabæinn sem eitt af sögusviðum bókarinnar en alls ekki blanda stjórnmálamanni í söguþráðinn. Í kjölfar glæpsins tekur Edda húsið eiginlega yfir af sinni alkunnu röggsemi en til þess að hún kæmist þangað inn þurfti eitthvert fólk með lyklavöld að vera á staðnum. Allt í einu var ég svo búin að slá upp áramótagleðskap sem dregur pólitískan dilk á eftir sér.

Þessi þáttur fléttunnar þróaðist nánast óvart og af praktískum ástæðum en ég hafði lúmskt gaman af að láta Eddu kíkja aðeins inn í heim stjórnmálanna og þetta hús sem fáir hafa tækifæri til að skoða. Og fyrst hún var komin inn á gafl í Þingvallabænum varð ég að láta hana hitta ráðherrahjónin.“

Þetta er fimmta bókin um Eddu, koma ekki örugglega fleiri bækur um hana?

„Ég stefndi alltaf á að hafa bækurnar fimm og þetta er sú síðasta í bili. Viðtökurnar hafa að vísu verið framar öllum vonum svo það er hugsanlegt að við Edda tökum aftur upp þráðinn síðar. En í augnablikinu erum við í hvíld hvor frá annarri.“

Eru fleiri bækur frá þér um eitthvað allt annað í farvatninu?

„Já, núna er ég að þreifa mig áfram með aðrar persónur. Mér líður hins vegar vel á þeirri hillu, sem ég hef verið á með Eddu, þannig að ég held mig trúlega á svipuðum slóðum. Ég fæ sjálf mikið út úr því að skrifa bækur um nútímafólk, sem glímir við alls kyns viðfangsefni samtímans, og alltaf smýgur einhver húmor inn í sögurnar, án þess að ég ákveði það beinlínis.“

> ÉG FÆ SJÁLF MIKIÐ ÚT ÚR ÞVÍ AÐ SKRIFA BÆKUR UM NÚTÍMAFÓLK, SEM GLÍMIR VIÐ ALLS KYNS VIÐFANGSEFNI SAMTÍMANS, OG ALLTAF SMÝGUR EINHVER HÚMOR INN Í SÖGURNAR, ÁN ÞESS AÐ ÉG ÁKVEÐI ÞAÐ BEINLÍNIS.

Vill skrifa fram á grafarbakkann

Ég vil ekki hljóma of dramatísk en ætla samt að spyrja hvort þú gætir hugsað þér lífið án þess að skrifa?

„Nei, ég fæ hroll við tilhugsunina. Helst vildi ég skrifa fram á grafarbakkann, hvort sem hann er nú skammt eða langt undan. Ég geri mér þó grein fyrir því að bæði líkamleg og andleg heilsa getur sett strik í þann reikning. Mamma mín fékk til dæmis heilabilun og ég get varla ímyndað mér nokkuð erfiðara en að enda lífið þannig.

Ég er mjög meðvituð um að allt veltur á heilsunni og að ég á dásamlegum sjúkraþjálfara mikið að þakka. Það er nefnilega ekkert gott fyrir líkamann að sitja við skriftir sjö daga vikunnar og sjúkraþjálfunin er mér lífsnauðsyn. Flesta daga geng ég líka þrjá kílómetra á bretti, þótt ég beri það kannski ekki með mér, og ég hef verið grænmetisæta í yfir þrjátíu ár. Vonandi næ ég því að skrifa margar bækur til viðbótar við þær átján sem þegar eru komnar á prent.“



KRÓNAN

Mmm ... allt í brönsinn!

Þú finnur allt á einum stað í öllum okkar verslunum!

Bröns fyrir fjóra = 3.997 kr.*

999 kr. á mann

*Pönnukökumix, egg, bakaðar baunir, beikon, pylsur, appelsínusafi, appelsínur, múslí, grísk jógúrt og jarðarber.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Pínulítið af þessu, agnarögn af hinu

TÓNLIST

★★★☆☆

Verk eftir Lili Boulanger, Gustav Mahler, Benjamin Britten og Claude Debussy.

Eldborg í Hörpu
föstudaginn 21. febrúar

Einsöngvari: Michelle DeYoung.
Stjórnandi: Hannu Lintu.



Michelle DeYoung var með allt á hreinu, segir gagnrýnandi Fréttablaðsins, sem segir tónleikana þó ekki hafa farið á flug fyrr en undir lokin.

Einu sinni gekk kaþólski dýrlingurinn Antónius af Padóvu inn í kirkju þar sem hann hugðist predika. Því miður var hún tóm. Hann dó samt ekki ráðalaus, heldur hélt niður að sjó og hóf þar að predika yfir fiskunum. Þeir þyrftu líka á guðsorði að halda. Hann hélt þrumandi ræðu sem var svo full af andakt að fiskarnir lögðu við hlustirnar. Þeir syntu í heilu torfunum upp að flæðarmálinu og urðu alveg hugfangnir. Þegar Antónius hafði lokið máli sínu, sneru fiskarnir við, syntu burt og héldu áfram að vera þeir sjálfir. Þorskurinn var enn þá þorskur og krabbinn krabbi. Ekkert hafði breyst.

Þessa kómísku sögu er að finna í safni þýskra þjóðkvæða sem kom út árið 1805 undir nafninu Undrahorn piltsins, eða Des Knaben Wunderhorn. Ljóðið sem hér er til umræðu fjallar á skemmtilegan hátt um breyskleika mannsins og frumhvatirnar sem ráða öllu. Stundum þarf meira en eina predikun til að hafa einhver varanleg áhrif. Gustav Mahler samdi tónlist við ljóðið, sem og mörg önnur úr kvæðasafninu, og voru sum þeirra á efnisskránni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á föstudagskvöldið.

Tæknilega gott, en hvað svo?

Michelle DeYoung mezzósópran söng einsöng, en Hannu Lintu stjórnaði. Söngkonan var með allt á hreinu, rödd hennar var þétt og örugg, sat prýðilega, hver tónn var fagurlega mótaður. Sömu sögu er að segja um hljómsveitarstjórann, sem var pottþéttur í undirspilinu, stjórnaði hljómsveitinni af festu, enda spilaði hún fallega.

Engu að síður var útkoman ekkert sérstök. Manni var einhvern veginn alveg sama um kveðskapinn og sönginn og náttúrustemningarnar og nostalgíuna sem stundum sveif yfir vötnum. Það var einhver deyfð yfir túlkuninni. Ólíkt andagift Antóníusar sem snart litla fiska þá var ekkert hér sem skipti einhverju máli. Söngurinn fór inn um eitt og út um hitt. Innblásturinn vantaði. Ef ég hefði verið fiskur hefði ég bara verið áfram í undirdjúpunum.

Ekki í neinu samhengi

Svipaða sögu var að segja um D'un matin de printemps eftir Lili Boulanger, sem var heillandi á sinn hátt, en var eiginlega búið áður en það byrjaði. Fjórar sjávarmyndir úr óperunni Peter Grimes eftir Benjamin Britten voru ekki heldur neitt sérstakar þegar maður hefur heyrt og séð alla óperuna. Hún gerist í sjávarþorpi og fjallar um meinleg örlög. Í henni er kröftug undiralda, hrífandi andstæður og spennandi atburðarás. Bútarnir sem nú voru fluttir voru ekki í neinu samhengi. Þeir voru eins og myndasafn sem hefur týnst og aðeins fjórar myndir eru eftir af einhverju sem enginn man lengur hvað er.

Tónleikarnir voru samt ekki alslæmir. Toppurinn var lokaverkið, La Mer, eða Hafið, eftir Debussy. Það var svo sannarlega magnaður kveðskapur sem kallaði allt mögulegt fram í hugskotið. Áberandi hörpuspil sveipaði tónlistina goðsagnakenndum ljóma og tónmálið var síbreytilegt og gætt óviðjafnanlegum sjarma. Hljómsveitin spilaði yfirleitt af glæsileika. Einstaka strengjahljómur var reyndar ekki alveg tær, en almennt var leikurinn þróttmikill og ákafur, en líka blíður þegar við átti. Útkoman var mögnuð og áhrifarík; þarna var innblásturinn svo sannarlega til staðar – loksins.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Brotakennd dagskráin komst ekki á flug fyrr en undir lokin.

Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

29. FEBRÚAR 2020

Hvað? Háskóladagurinn
Hvenær? 12.00
Hvar? Listaháskóli Íslands. Laugarnesvegi 91
Viðburðir og kynningar á starfi nemenda og skólans.

Hvað? Vatnslitatilraunir á fjöl-skyldustund
Hvar? Gerðarsafn í Kópavogi
Hvenær? 13.00-15.00
Vatnslitir, salt og ljósmyndapappír eru efniviður í smiðju sem Marta María Jónsdóttir og Brynhildur Kristinsdóttir leiða.

Hvað? Vindóróasmiðja til heiðurs góu
Hvenær? 13.00-15.00
Hvar? Árbæjarsafn

Hvað? Myndlist
Hvenær? 13.00
Hvar? Hallsteinssalur í Safnahúsi Borgarfjarðar
Á sýningunni verða landslagsmyndir úr safneign Listasafns ASÍ eftir Ásgrím Jónsson, Jón Þorleifsson og Jón Stefánsson auk verks í eigu Nýlistasafnsins eftir hollenska listamanninn og Íslandsvininn Douwe Jan Bakker.

Hvað? Vatnslitasmiðja fyrir börn
Hvenær? 14.00-16.00
Hvar? Listasafn Íslands

Hvað? Tónleikar
Hvenær? 15.00-16.30
Hvar? Kaldalón, Hörpu.
Russian Souvenir eftir Alexander Pushkin. Flytjendur: Alexandra Chernyshova, sópran, Sergei Telenkov, bassabarítón, Kjartan Valdemarsson,píanóleikari og Katie Buckley, hörpuleikari. Kynnir Gerður Bolladóttir.


Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

1. MARS 2020

Hvað? Listamannaspjall
Hvenær? 12. 30
Hvar? Forkirkja Hallgrímskirkju
Guðrúna Arndís Tryggvadóttir ræðir um sýningu sína Lífsverk.

Hvað? Fataskiptimarkaður
Hvenær? 13.00-15.00
Hvar? Borgarbókasafnið Árbæ



Úr Borgarfirði eftir Ásgrím Jónsson er meðal mynda á sýningu í Safnahúsi Borgarfjarðar sem nú stendur yfir.

Hvað? Leiðsögn
Hvenær? 13.00
Hvar? Hönnunarsafn Íslands
Þóra Sigurbjörnsdóttir og Grétar Þorsteinsson sjá um leiðsögn um sýninguna Sveinn Kjarval.

Hvað? Söguhringur kvenna
Hvenær? 13.30-15.00
Hvar? Borgarbókasafnið, Menningarhús Gerðubergi
Claudia Ashonie Wilson Molloy héraðsdómslögmaður verður með erindi fyrir konur af erlendum uppruna um réttindi þeirra á Íslandi.

Hvað? Leiðsögn safnstjóra um sýningar safnsins
Hvenær? 14.00-15.30
Hvar? Listasafn Íslands

Hvað? Tónleikar
Hvenær? 14.00
Hvar? Hljóðberg, Hannesarholti.
Sungið með Ingvari Valgeirssyni.

Hvað? Tónleikar
Hvenær? 14.00
Hvar? Hamrar í Hofi
Slagverksdúettinn 100% Ásláttur leikur tónverk sem samin eru sérstaklega fyrir ásláttarhljóðfæri. Frumflutt verður tónverk eftir Inga Garðar Erlendsson.

Hvað? Afmælisveisla Grósku
Hvenær? 15.00-17.00
Hvar? Gróskusalurinn Garðatorgi, Garðabæ

Hvað? Jógasmiðja
Hvenær? 15.00-16.00
Hvar? Borgarbókasafnið - Menningarhús Gerðubergi
Ewa Anna Dwornik kennir öndunaræfingar og jógastöður.

Hvað? Cauda Collective
Hvenær? 16.00
Hvar? Harpa
Tónlistarhópurinn Cauda Collective leikur verk sem tengjast ástinni.

Hvað? Myndlistarsýning
Hvenær? 17.00
Hvar? Salir Mjólkurbúðarinnar og Deiglunnar
Hekla Björt Helgadóttir opnar sýningu sína Kóralfjöll.

Aventura opnar þér heiminn



Allt að **40.000 kr.** lægra verð á mann!


Ferðaskrifstofan Aventura opnar þér ný tækifæri til að velja fríið þitt eins og þú vilt hafa það, við leitum hjá yfir 600 flugfélögum og 2 milljónum hótelherbergja að lægsta verðinu og besta ferðamátanum.

Hjá okkur getur þú bókað hjá öllum flugfélögum sem fljúga frá Íslandi.

200 sæti á **opnunartilboði**

– Kíktu á **aventura.is**

Sólarferðir



Benidorm frá **69.900**

Gran Hotel Bali ★★★★
11.-18. maí
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



Calpe frá **45.900**

AR Roca Esmeralda ★★★
11.-18. maí
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á aldrinum 2-11 ára.



Salou frá **46.900**


Cye Holiday Centre ★★★
26. maí - 2. júní
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á aldrinum 2-11 ára.



Costa del Sol frá **89.900**


Roc Flamingo ★★★★
18.-25. júní
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á aldrinum 2-11 ára.

Borgarferðir




Prag frá **47.900**

Ibis Praha Wenceslas Square ★★★
24.-27. apríl
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.




Gdansk frá **38.900**

Mercure Gdansk Stare Miasto ★★★★
25.-28. apríl
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



Varsjá frá **34.900**

Ibis Warsawa Stare Miasto ★★★
29. apríl - 2. maí
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



Edinborg frá **52.800**

Leonardo Royal Edinburgh Haymarket ★★★
7.-10. maí
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

Páskaferðir




Benidorm frá **78.900**

Buenavista ★★★
6.-16. apríl
Verð á mann m.v. 2 fullorða og 2 börn á aldrinum 2-11 ára.



Kraká frá **54.900**

Mercure Krakow Stare Miasto ★★★★
10.-13. apríl
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



Búdapest frá **54.900**

Leonardo Hotel Budapest ★★★★
11.-16. apríl
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



Glasgow frá **57.900**

Ibis Glasgow City Centre ★★★
11.-15. apríl
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

*Athugið að um er að ræða lifandi verð sem getur tekið breytingum.

Öruggar greiðslur með Visa og Mastercard

Aventuraholidays ehf. | Sundagarðar 2 | 104 Reykjavík | S. 556 2000 | sala@aventura.is

ÞÚ ERT AÐ HORFA Á
HRINGBRAUT



VIÐ ERUM
5 ÁRA!

Við þökkum áhorfið undanfarin 5 ár og hlökkum til að færa landsmönnum áfram íslenskt sjónvarp á degi hverjum þeim að kostnaðarlausu.

62%
landsmanna 50 ára horfa reglulega á Hringbraut í hverri viku*



43%
landsmanna 30 ára og eldri horfa reglulega á Hringbraut í hverri viku*



FRÉTTAUMRÆÐA,
MENNING, HEILSA,
LÍFSREYNSLA OG
NÁTTÚRA

Útsendingar ná til 99,4% heimila landsins

Við miðlum af reynslu!

HRINGBRAUT

DAGSKRÁ

Laugardagur

HRINGBRAUT

20.00 Heilsugæslan (e) Í þættinum fær Helga María til sín sérfræðinga í heilsumálum ásamt því að fá ráð um hreysti og heilsu frá þekktum einstaklingum.
20.30 Fiskbúar (e) Sjónvarpsþátturinn Fiskbúar fangar stemninguna í fiskbúðum landsins í tilefni af því að fisksalar tileinka febrúar sjávarréttum.
21.00 Lífið er lag (e) Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
21.30 Bókahornið (e) Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Molang
07.20 Refurinn Pablo
07.25 Með afa í vasanum
07.37 Sara og Önd
07.44 Söguhúsið
07.52 Nellý og Nóra
07.59 Hrúturinn Hreinn
08.06 Bubbi byggir
08.17 Alvinn og íkornarnir
08.28 Bangsímon og vinir
08.50 Millý spyr
08.57 Sammi brunavörður
09.07 Hvolpasveitin
09.30 Stundin okkar
09.55 Árstíðirnar - Vor
10.50 Gettu betur Fyrri undanúrslit.
11.55 Vikan með Gísla Marteini
12.40 Söngvakeppnin í 30 ár
13.45 Pöndukrútt
14.35 Kiljan
15.15 Matvæli morgundagsins
16.05 Rabbabari
16.15 Stephen Hawking. Skipulag alheimsins
17.00 Söngfuglar The Messenger
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Disneystundin
18.01 Gullbrá og Björn
18.24 Nýi skólinn keisarans
18.45 Landakort Fokker
18.53 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Söngvakeppnin 2020 Bein útsending frá úrslitum Söngvakeppninnar í Laugardalshöll. Í kvöld ræðst hvaða lag fer fyrir Íslands hönd í Eurovision í Hollandi. Kynnar eru Fannar Sveinsson, Benedikt Valsson og Björg Magnúsdóttir.
22.05 Ævintýri Adèle Blanc-Sec Frönsk kvikmynd í leikstjórn Lucs Besson um ævintýri blaðakonunnar Adèle Blanc-Sec. Snemma á tuttugustu öld reynir hún að endurlífga múmíu egypsks læknis í von um að hann geti bjargað systur hennar sem er í dái. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
23.50 Passengers Farþegar
01.20 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 European Tour Bein útsending frá Oman Open á Evrópumótaröðinni.
12.30 The Honda Classic Útsending frá The Honda Classic á PGA mótaröðinni.
16.30 Gainbridge LPGA at Boca Rio
17.35 Inside the PGA Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni.
18.00 The Honda Classic Bein útsending frá The Honda Classic á PGA mótaröðinni.
23.00 European Tour 2020

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 Everybody Loves Raymond
13.25 The King of Queens
13.45 How I Met Your Mother
14.10 The Good Place
14.30 Bournemouth - Chelsea Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 For the People
18.30 Top Chef
19.15 Kokkaflakk
19.45 Family Guy
20.10 Just Friends
21.45 Beasts of the Southern Wild
23.25 Shame
01.10 Rocky V Hnefaleikakappinn Rocky Balboa neyðist til að leggja boxhanskana á hilluna eftir að hafa orðið fyrir varanlegum heilaskaða í hringnum eftir mótherja sinn, Rússann Ivan Drago. Rocky snýr heim eftir viðureignina og kemst þá að því að peningunum sem hann hafði unnið sér inn sem hnefaleikameistari hefur verið stolið og bókarinn hans er búinn að tapa þeim öllum í hlutabréfabraski.
02.50 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Til allra átta/Allt er þetta víst kallað eitthvað
08.00 Morgunfréttir
08.05 Fljóð í móð
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Minningargreinar (3 af 5)
11.00 Fréttir
11.02 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
13.00 Gestaboð
14.00 Marcel Duchamp Verðandi gefið og fleira.
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Orð um bækur
17.00 Tónlist frá A til Ö
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar Hank Mobley, The African Jazz Pioneers og kvintett Red Rodney.
20.45 Fólk og fræði Útrás Hróksins og sundverkefni Kalaks.
21.15 Bók vikunnar Ævisaga Jakobínu
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmar (17 af 50)
22.15 Heimskviður
23.05 Vikulokin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

08.30 Manglehorn
10.05 The Curious Case of Benjamin Button
12.45 Crazy Rich Asians
14.45 Manglehorn
16.20 The Curious Case of Benjamin Button
19.00 Crazy Rich Asians
21.00 Breakthrough
22.55 Miss Bala
00.35 You Were Never Really Here
02.05 Breakthrough

STÖÐ 2

08.00 Strumparnir
08.25 Dagur Diðrik
08.50 Stóri og Litli
09.00 Heiða
09.25 Tappi mús
09.30 Mía og ég
09.55 Blíða og Blær
10.20 Zigby
10.30 Skoppa og Skrítla
10.40 Mæja býfluga
10.50 Latibær
11.10 Lína langsokkur
11.35 Friends
12.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 Friends
14.10 McMillions
15.05 Battle of the Fittest Couples
15.45 Um land allt
16.25 Trans börn
17.05 Föstudagskvöld með Gumma Ben og Sóla
17.58 Sjáðu
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Sportpakkinn
19.02 Lottó
19.05 Top 20 Funniest
19.50 First Man
22.15 The Heat
00.10 The Green Mile
03.15 Kingsman. The Secret Service

STÖÐ 3

14.20 Friends
16.00 Friends
16.25 Schitt's Creek
16.50 Satt eða logið
17.30 Framkoma
18.00 The Great British Bake Off
19.00 War on Plastic with Hugh and Anita
20.00 Masterchef USA
20.45 Hálendisvaktin
21.15 Grand Designs
22.05 Angie Tribeca
22.30 Succession
23.30 Krypton
00.15 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

06.55 Braga - Rangers
08.35 Lyon - Juventus
10.15 Real Madrid - Manch. City
11.55 Meistaradeildarmörkin
12.25 Hull City - Leeds Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
14.30 Equsana deildin í hestaíþróttum
14.55 Fulham - Preston North End Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
17.00 Breiðablik - ÍA Útsending frá leik í Lengjubikarnum.
18.40 Evrópudeildarmörkin
19.35 Napoli - Torino Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
21.40 Valencia - Real Betis
23.20 Lazio - Bologna

STÖÐ 2 SPORT 2

13.50 Valur - ÍBV Bein útsending frá leik í Lengjubikarnum.
16.50 Valur - Fram Bein útsending frá leik í Olís deild kvenna.

STÖÐ 2 SPORT 3

14.50 Valencia - Real Betis Bein útsending.

STÖÐ 2 SPORT 4

13.50 Lazio - Bologna Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

HELGARTILBOÐ!

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI



199.996
ÁÐUR ~~249.995~~

175.996
ÁÐUR ~~219.995~~

20%
AFSLÁTTUR AF
NITRO 7

acer
NITRO 7 FARTÖLVA
Intel Core i5-9300H örgjörvi, 15,6" FHD IPS skjár og 8GB vinnsluminni.
GeForce® GTX 1660Ti 6GB skjákort
ACE-NHQ5HED009

acer
NITRO 7 FARTÖLVA
Intel Core i5-9300H örgjörvi, 15,6" FHD IPS skjár og 8GB vinnsluminni.
GeForce® GTX 1650 4GB skjákort
ACE-NHQ5FED026

30%
AFSLÁTTUR



EPSON
ECOTANK ET-M1120 PRENTARI
Þráðlaus prentun og enginn upphitunartími.
EPS-ETM1120

24.496
ÁÐUR ~~34.995~~

EPSON
ECOTANK ET-M1100 PRENTARI
Áreiðanlegur og endingargóður prentari með lágum rekstrarkostnaði.
EPS-ETM1100

20.996
ÁÐUR ~~29.995~~



30%
AFSLÁTTUR AF
TARGUS

Targus
Hágæða fartölvutöskur og aukahlutir fyrir fartölvur og annan tölvubúnað.

30%
AFSLÁTTUR AF
BELKIN



belkin
Hleðslutæki, ferðarafhlöður og aðrir vandaðir aukahlutir fyrir snjalltækin.

tl.is


TÖLVU LISTINN

Gildir 28. febrúar – 2. mars

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · HÚSAVÍK · AKRANES

DAGSKRÁ

Sunnudagur



HRINGBRAUT

20.00 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
21.00 Áskoranir iðnaðarins (e) Áskoranir iðnaðarins er sjónvarpsþáttur um veruleikann sem blasir nú við íslenskum framleiðslufyrirtækjum.
21.30 Stóru málin (e) Hress og skemmtilegur þjóðmálaþáttur þar sem stóru málin eru tekin fyrir.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Begga og Fress
07.29 Lalli
07.36 Tulipop
07.40 Molang
07.43 Klingjur
07.54 Minnsti maður í heimi
07.55 Hæ Sámur
08.02 Hrúturinn Hreinn
08.09 Bréfabær
08.20 Letibjörn og læmingjarnir
08.27 Stuðboltarnir
08.38 Konráð og Baldur
08.50 Disneystundin
08.51 Dóta læknir
09.14 Sígildar teiknimyndir
09.21 Músahús Mikka
09.45 Krakkafréttir vikunnar
10.05 Heimssýn barna
11.00 Silfrið
12.10 Lestarklefinn
13.05 Menningin - samatekt
13.35 Söngvakeppnin 2020. Úrslit
15.45 Merkisdagar - Ferming
16.15 Gengið um göturnar. Siglufjörður
16.45 Lamandi ótti
17.00 Söngfuglar
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.25 Lífsins lystisemdir Strömsö.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.40 Íþróttir á sunnudegi
20.00 Landinn
20.30 Hljómskálinn/Músíkölsk pör
21.05 Ísalög Tunn is Sænsk-íslensk spennuþáttaröð um sænskan ráðherra sem leggur til að olíuborun verði bönnuð á norðurheimskautssvæðinu. Þegar Norðurskautsráðið hittist á Grænlandi til að undirrita sáttmála þess efnis er ráðist á sænskt skip í nágrenninu og áhöfninni rænt. Árásin reynist vera fyrsti hluti vel skipulagðrar aðgerðar sem ætlað er að koma í veg fyrir undirritun sáttmálans. Aðalhlutverk: Lena Endre, Bianca Kronlöf, Alexander Karim, Johannes Kuhnke og Angunnguaq Larsen. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
21.55 Franskir bíódagar - Sólin innra með mér
23.30 Elling Elling
00.55 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 European Tour Bein útsending frá Oman Open á Evrópumótaröðinni.
12.30 The Honda Classic
17.10 2019 Presidents Cup Official Film
18.00 The Honda Classic Bein útsending frá The Honda Classic á PGA mótaröðinni.
23.00 European Tour Oman Open.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 Everybody Loves Raymond
13.25 The King of Queens
13.45 How I Met Your Mother
14.10 The Bachelor
16.10 Malcolm in the Middle
16.30 Everybody Loves Raymond
16.55 The King of Queens
17.15 How I Met Your Mother
17.40 The Kids Are Alright
18.05 Með Loga
19.05 Pabbi skoðar heiminn
19.40 A.P. BIO
20.10 This Is Us
21.00 Law and Order. Special Victims Unit
21.50 Wisting
22.35 Love Island
23.20 The Walking Dead
00.15 The Handmaid's Tale
01.05 The Capture Bresk spennuþáttaröð um fyrrum hermann sem er handtekinn fyrir glæp sem hann segist ekki hafa framið.
01.50 Blue Bloods
02.35 Queen of the South
03.20 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Trió
08.00 Morgunfréttir
08.05 Á tónsviðinu
09.00 Fréttir
09.03 Samtal/Stefán Gíslason
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Bók vikunnar/Ó - um þegnrétt tegundanna í íslenskri náttúru
11.00 Guðsþjónusta í Bústaðakirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
13.00 Sögur af landi
14.00 Víðsjá
15.00 Glans
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Úr tónlistarlífinu. Tvíleikur
17.25 Orð af orði
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Minningargreinar (3 af 5)
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óskastundin
19.40 Orð um bækur
20.35 Gestaboð
21.30 Fólk og fræði Íslensk nýsköpun.
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Á reki með KK
23.10 Frjálsar hendur
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.20 Every Day
11.55 Wolves
13.40 Trumbo
15.40 Every Day
17.15 Wolves
19.00 Trumbo
21.00 King Arthur. Legend of the Sword
23.05 American Heist
00.40 Black Swan Natalie Portman fékk Óskarsverðlaun fyrir leik sinn þessari áhrifamiklu mynd Darrens Aronofsky. Þar fer hún með hlutverk hinnar hæfileikaríku en brothættu ballerínu Ninu.
02.25 King Arthur. Legend of the Sword

STÖÐ 2

08.00 Strumparnir
08.25 Blíða og Blær
08.45 Dóra og vinir
09.10 Mæja býfluga
09.20 Latibær
09.30 Ævintýri Tinna
09.55 Latibær
10.20 Með Skoppu og Skrítlu
10.35 Zigby
10.45 Lukku láki
11.10 Lína langsokkur
11.35 Friends
12.00 Nágrannar
13.20 Nágrannar
13.45 The Dog House
14.35 American Woman
15.00 Steinda Con - Heimsins furðulegustu hátíðir
15.50 Heimsókn
16.15 60 Minutes
17.05 Víglínan
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.48 Sportpakkinn
19.05 Nostalgía
19.25 McMillions
20.15 Deadwater Fell
21.00 The Sinner
21.45 Homeland
22.35 The Outsider
23.25 Big Little Lies
02.00 Big Little Lies
02.55 Thirteen
03.50 Thirteen

STÖÐ 3

15.00 Seinfeld
16.40 Seinfeld
17.25 Hið blómlega bú 3
17.55 Modern Family
18.20 Besta svarið
19.05 Besti vinur mannsins
19.35 One Born Every Minute
20.25 You're the Worst
20.55 Keeping Faith
21.50 Boardwalk Empire
22.50 iZombie
23.35 All American
00.20 American Horror Story
01.00 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

06.30 Valur - ÍBV Útsending frá leik í Lengjubikarnum.
08.10 Valur - Fram Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
09.40 Napoli - Torino
11.20 AC Milan - Genoa Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
13.50 Sassuolo - Brescia Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
16.15 Aston Villa - Manchester City Bein útsending frá úrslitaleik enska deildarbikarsins.
18.30 Evrópudeildarmörkin
19.20 La Liga Report
19.50 Real Madrid - Barcelona Bein útsending frá leik el Clasico í spænsku úrvalsdeildinni.
22.00 Cagliari - Roma
23.40 Juventus - Inter

STÖÐ 2 SPORT 2

07.30 Espanyol - Wolves
09.10 Manchester United - Club Brugge
10.50 Sevilla - Osasuna Bein útsending.
12.50 Athletic Bilbao - Villareal Bein útsending.
14.50 Espanyol - Atletico Madrid Bein útsending.
18.20 ÍR - Þór Þ. Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
20.10 Keflavík - Haukar Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
22.20 Arsenal - Olympiacos

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

PIER







20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*



Hægindastóll ~~68.990.-~~ 55.192.-



Gylltur spegill Ø120cm
~~29.990.-~~ 23.992.-

Gylltur spegill Ø70cm
~~16.990.-~~ 13.592.-



Lampi gylltur og grænn
~~19.990.-~~ 15.992.-



SÉR TILBOÐ

Hliðarborð með marmaraplötu 24.990.-



Glerbox ~~8.990.-~~ 7.792.-



Loftljós Ø85cm
~~34.990.-~~ 27.992.-



Blómapottar frá 3.990.-



Páfagaukar ~~7.990.-~~
6.392.-



Flauelspúðar ~~5.990.-~~
4.792.-



Blaðagrind ~~5.990.-~~
4.792.-



SÉR TILBOÐ

Hliðarborð með marmaraplötu
19.990.- 24.990.-



Legubekkur 79x172x71cm ~~124.990.-~~ . 99.992.-

PIER


KORPUTORG
VIRKIR DAGAR 11- 18:30
LAU OG SUN 12-18

S: 5227870

SELFOSS
VIRKIR DAGAR 11- 18:30
LAU 10-18 SUN 12-18

S: 5227890

*GILDIR EKKI MEÐ SÉRTILBOÐUM



Hann hikar ekki við að taka áhættu í klæðavali og það er nokkuð ljóst að stíllinn hans er ekki allra.



Það hefur mikið vatn runnið til sjávar frá því að Harry Styles sigraði í raunveruleikaþættinum X-Factor með hljómsveitinni One Direction.

Stíllinn hans Styles

Harry Styles er með frumlegan og öðruvísi fatastíl. Hann klæðist mest fötum í anda sjötta og sjöunda áratugarins.

Söngvarinn Harry Styles hefur vakið athygli undanfarið fyrir öðruvísi og frumlegan fatastíl. Það er nokkuð víst að fatasmekkur hjartaknúsarans er ekki allra, en hann fær þó stig í kladdann fyrir að vera ósmeykur við að prófa nýja hluti. Harry klæðist helst fötum í anda sjötta og sjöunda áratugarins. Útvíðar buxur sem eru háar í mittið og litrík og mynstruð jakkaföt eru líka vinsæl hjá þessum litríka söngvara.

Steingerdur@frettabladid.is



Harry mættir á Metballið í gegnsærri blússu við háar buxur frá Gucci. Harry hefur auga fyrir smáatriðinum og eyrnalokkurinn er flottur og öðruvísi.



Blá jakkaföt eru greinilega í uppáhaldi hjá hjartaknúsaranum.



Harry klæðist gjarnan skrautlegum jakkafötum á tónleikum.

ego dekor

Ego Dekor - Bæjarlind 12 - www.egodekor.is - S: 544 4420
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00. Lau: 10.00 - 16.00

SÓFATILBOÐ



BRISTON LEÐURTUNGUSÓFI
Alklæddur top grain leðri
Stærð: 290X161cm
TILBOÐSVERÐ: 297.415,-



CALYPSO LEÐURHORNSÓFI
Alklæddur top grain leðri
Stærð: 270X210cm – Höfuðpúði fylgir
TILBOÐSVERÐ: 335.750,-



AUSTIN 3JA SÆTA SÓFI
Milliblátt flauel
Breidd: 217cm
TILBOÐSVERÐ: 139.930,-



CLEO 3JA SÆTA SÓFI
Dimmblátt flauel
Breidd: 221cm
TILBOÐSVERÐ: 127.920,-

BORÐSTOFUBORÐ OG STÓLAR
Á FRÁBÆRU VERÐI



ALEXA STÆKKANLEGT BORÐ
Svört eik
Stærð: 190(230)X90cm
Verð: 148.000,-



STÆKKANLEGT BORÐ – svört eik
2 stærðir:
160(248)X100cm - Verð: 209.000,-
200(288)x110cm - Verð: 229.000,-



JADE LEÐURSTÓLL
Verð: 35.000,-



MAX STÓLL
TILBOÐSVERÐ: 12.530,-



ARLO STÓLL
TILBOÐSVERÐ: 15.215,-



BENITO STÓLL
Verð: 24.500,-

Ego Dekor - Bæjarlind 12 - www.egodekor.is - S: 544 4420
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00. Lau: 10.00 - 16.00



Ísold og Helga
Meet me halfway
Lag: Birgir Steinn Stefánsson og Ragnar Már Jónsson

900-9901



Daði og Gagnamagnið
Think about things
Lag: Daði Freyr

900-9902



Nína
Echo
Lag: Þórhallur Halldórsson og Sanna Martinez

900-9903



Iva
Oculis Videre
Lag: Iva Marín Adrichem og Richard Cameron

900-9904



Dimma
Almyrkvi
Lag: Dimma

900-9905



Daði með Gagnamagnið og Iva komu sterk út úr seinni undanúrslitunum og skjátlist álitsgjöfum Fréttablaðsins, börnum sem fullorðnum, ekki, stendur valið fyrst og fremst á milli Daðavagnsins og Oculis Videre. MYND/KALLI LÚ

Ískrandi spenna löðrandi í Vogaídýfu

Stóra stundin rennur upp í kvöld þegar í ljós kemur hverjum hlotnast sú hverfula gæfa að flytja framlag Íslands í Eurovision. Sérfræðingar Fréttablaðsins spá einvígi Ivu og Gagnamagnsins.

Eurovison-stemningin verður hækkuð upp í 11 í úrslitunum í kvöld en auk laganna fimm sem keppa mun Hatari, sigurvegari síðasta árs, troða upp, auk norsku sveitarinnar Keiino, sem hlaut flest símaatkvæði áhorfenda í Eurovision í fyrra, heiðra samkomuna með söng sínum.

Kosningafyrirkomulagið er óbreytt frá síðasta ári. Alþjóðleg dómnefnd vegur helming á móti símakosningu almennings í fyrri hluta, en þegar tvö stigahæstu lögin mætast í einvígi gilda eingöngu símaatkvæði almennings. Atkvæðin sem lögin fengu í fyrri kosningunni fylgja lögunum áfram í einvígið, þannig að þeir sem flytja stigahæsta lag kvöldsins munu standa uppi sem sigurvegarar.

Græn viðvörun

„Þá er komið að þessu. Stóra stundin. Það missir enginn af þessu. Uppselt er í Höllina, vinahópar hittast, Vogaídýfur í lítratali á sófaborðum landsmanna, börnin dansa og Skylmingaþrællinn horfir á keppnina með Jarlinum í annarri heimsálfu. Það er gaman og það á að vera gaman. Eurovision er skemmtiefni," segir Styrmir Örn Hansson plötusnúður og varpar fram alvarlegri spurningu:

„Eigum við að prufa að senda í aðalkeppnina skemmtilegt lag svona einu sinni? Daði Freyr og Gagnamögnin eru ekki bara góðar manneskjur heldur einnig frambærilegir skemmtikraftar sem yrðu landi og þjóð til sóma. Daði er með einlægan sjarma sem grípur þig bókstaflega á fyrstu sekúndu í nærmynd.

Svo taka neogagnamagnakrúttinn við með samhæfðan dans, létlaus í takt. Öll græn, sem er mjög móðins í dag. Það er græn viðvörun á laugardagskvöldið, því við höfum fengið nóg af dimmum viðvörunum. Höfum gaman."

Ískrandi spenna

Þá er komið að stóru stundinni sem við Júróvisjónnördar bíðum eftir ískrandi af spenningi ár hvert," segir sagnfræðingurinn Markús Þórhallsson, staðfastur en þó opinn fyrir öllu. „Það hefur ekkert breyst að ég er eldheitur aðdáandi Ivu og Oculis Videre. Ég er sannfærður um að þetta undursamlega og dulmagnaða lag með þessari ungu, framúrskarandi söngkonu geti orðið glæstur fulltrúi okkar í Rotterdam. Mig langar sem sé til þess að Iva hafi sigur!

Iva og hennar fólk munu fylla Íslendinga stolti. Um það er engum blöðum að fletta. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að það eigi við um öll lög og keppendur þessa árs og mér finnst söngvakeppnin satt að segja óvenju fín þetta árið. Þess vegna er ekkert öruggt í kvöld," segir Markús ákafur.

„Gæði laganna nú og afbragðsflytjendur koma í veg fyrir vonbrigði af minni hálfu á borð við spælinguna árið 1987 þegar hljómsveitin Módel með Lífið er lag, Línudans Ellenar Kristjáns tveimur árum síðar, Júróvísa Botnleðju 2003 eða Daði með Is this love fyrir þremur árum, urðu að láta í minni pokann fyrir öðrum keppendum.

Fleiri lög sem hafa lent í öðru sæti keppninnar hafa lifað með þjóðinni sem klassísk popplög, meðan sigurvegararnir hafa fallið í skuggann. Sagan kennir okkur því að til lengri tíma litið getur gott silfur einfaldlega verið gulli betra."

Daðavagninn brunar

„Ég er svoleiðis húrrandi á Daðavagninum. Ekki bara af því að lagið er frábært og atriðið skemmtilegt," segir Freyja Steingrímsdóttir stjórnmálaráðgjafi. „Heldur vegna þess að ég held það yrði mjög gaman að senda Daða og Gagnamagnið út, fylgjast með þeim halda áfram að heilla fólk upp úr skónum. Hver held ég að vinni? Daði. Klárt mál. Annað væri skandall."

Annað tækifæri

Margrét Erla Maack skemmtikraftur er ekki síður áköf um borð í Daðavagninum: „Daði Freyr gefur okkur þjóðinni hér annað tækifæri til að senda hann út og við skulum ekki klúðra því. Lagið og atriðið eru ekki bara á Evrópu-, heldur heimsmælikvarða og hefur nú þegar vakið athygli út fyrir landsteinana," segir Margrét.

„Ég tengi einstaklega vel við enska textann sem saminn er til dóttur hans – Baby – I can't wait to know what do you think about things, því ég er alveg á sama stað. Og mjög ánægð með að ávarpsliðurinn Baby eigi í alvöru við um ungbarn. Daði Freyr er frumafl og ótrúlega hæfileikaríkur og öruggur á sviði og það væru mistök að senda hann ekki út. Ég er allavega búin að leggja fyrir peninga til að kjósa hann oft, oft, oft," segir Margrét Erla.

toti@frettabladid.is
steingerdur@frettabladid.is

3. mars – fræðsluerindi

Að missa barn á meðgöngu og í/eftir fæðingu

Hefst kl. 20:00

Bjarney Hrafnberg Hilmarsdóttir ljósmóðir
og Díana Ósk Óskarsdóttir sjúkrahúsprestur
flytja erindið.

Þær segja einnig frá hópastarfi
sem Landspítalinn býður uppá.

Allir velkomnir

SORGAR MIÐSTÖÐ



Lífsgæðasetur St. Jó. Suðurgötu 41, Hafnarfirði.
Athugið að gengið er inn Hringbrautarmegin.
Sími: 551-4141. Netfang: sorgarmidstod@sorgarmidstod.is

Hvað segja krakkarnir?



Hatrið lifir
„Lagið í fyrra, ég held ennþá með því. Það er ennþá best," segir Soffía Ramona Devaney, fimm ára, og sér enga ástæðu til að hrófla við úrslitum síðasta árs. „Og svo vildi ég óska að lagið Draumar geta ræst myndi keppa því þá myndum við vinna alveg strax. Þá myndu allir kunna að syngja það."



Gagnamagnað hár
„Ég held með Daða Frey. Það er flott þegar þau blása í hljóðfærin. Hann er líka með flottasta hárið," segir Benjamín Eldjárn Snorrason, 6 ára.



Grínlaus gæsahúð
„Mér finnst þau í Gagnamagninu svo geggjað flottar týpur og lagið skemmtilegt og held með þeim," segir Ragnheiður Björt, ellefu ára. „Iva ætti samt að vinna. Ég var í salnum og þegar hún byrjaði að syngja þá fékk ég bara gæsahúð. Ég er ekki að djóka. Ég held að hún geti náð miklu lengra í Eurovision."


KFC
ÍSLENSKT Í 40 ÁR
KFC
Col. Harland Sanders

Lífið í vikunni
23.02.20-
29.02.20



HEIMSMET Á ÍSLANDI

Egill Kaktuz Þorkelsson Wild og Michael Reid stefna á að setja tvö heimsmet á Íslandi. Egill er sirkuslistamaður en þjáist af vöðvarýrnunarsjúkdómi sem varð til þess að hann lifir nú lífinu til fulls.

EINLÆGNIN ER NÓG



Alda Karen setti allt á annan endann með möntrunni „þú ert nóg“. Hún verst persónulegum árásum með einlægninni og snéri aftur spennt, ásamt fjórum valkyrjum, með nýjan fyrirlestur sem fram fór í gær.



NÝTT LAG MEÐ DIRB

Á fimmtudaginn kom út lagið Blow Out, en það er fyrsta sólólag tónlistarmannsins Ingva Rafns Björgvinssonar. Hann kemur fram undir nafninu dirb. Lagið gerði hann með tónlistarkonunni MSEA.

SYNGJA GÖMUL ÞJÓÐLÖG

Þjóðlög eru nemum Menntaskóla í tónlist hugleikin þessa dagana. Á morgun fara fram tónleikar þar sem nemendurnir flytja þjóðlög ásamt kennurum sínum, Ragnheiði Gröndal og Ásgeiri Ásgeirs.







Enginn meðlima sveitarinnar hefur áður komið til landsins og segir Mark þá alla hlakka mikið til. MYND/GETTY

Texasrokkarar elta norðurljósadrauminn

Hljómsveitin Explosions in the sky stefnir á langþráða tónleikaferð til Íslands í sumar. **Mark Smith** gítarleikari segir frá gömlum draumi og veikum vonum sveitarinnar um norðurljósasýningu.

Síðrokksveitin Explosions in the sky heldur þrenna tónleika á Íslandi á jafn mörgum dögum í sumar. Enginn í sveitinni hefur áður komið til landsins og Mark Smith gítarleikari segir mikinn spenning fyrir Íslandsförinni. „Við höfum oft sagt umboðsmanni okkar Ben Dickey að okkur langi mikið að spila á Íslandi. Ég held að hann hafi haft það bak við eyrað og reynt sitt besta til að koma því í kring. Það gekk svo loksins upp,“ segir Mark.

Gamall draumur rætist

„Ef við hefðum verið spurðir hvar í heiminum okkur myndi langa mest til að spila hefðum við hiklaust svarað á Íslandi. Þar á eftir myndum við segja í Afríku, ef einhverjir tónleikahaldarar þar eru að lesa þetta,“ segir hann og heldur svo áfram: „Okkur bauðst að spila hérna einu sinni áður en það gekk ekki upp. Hljómsveitin er orðin 20 ára og allt lítur út fyrir að tónleikarnir á Íslandi verði þeir síðustu í afmælistúrnum. Það er ótrúlega gleðilegt að þeir verði á þessum stað sem okkur hefur alltaf langað að heimsækja.“ Hljómsveitarmeðlimirnir og föruneyti þeirra eru þegar orðin mjög spennt fyrir ferðinni, þótt ekki sé enn ákveðið hvað þau ætli að gera og sjá.

> ÉG HELD AÐ ÞAÐ SÉ EITTHVAÐ TIL Í ÞVÍ AÐ UMHVERFIÐ HAFI MIKIL ÁHRIF Á LISTINA, ÁN ÞESS AÐ MAÐUR ÁTTI SIG SJÁLFUR Á ÞVÍ.

„Við erum opnir fyrir uppástungum en langar á jökul og í Bláa lónið. Okkur langar mikið að sjá norðurljósin, en mér skilst að það sé ólíklegt að þau sjáist á þessum árstíma. Fjölskylda og vinir verða með í för þannig að við erum mjög spenntir fyrir Íslandförinni.“ Hann segist hafa heyrt frá vinum og vandamönnum sem hingað hafa komið, að landslagið hérna sé einstakt.

„Margir hafa lýst því þannig að maður gæti allt eins verið staddur á annarri plánetu og nánast allir segja þetta vera sína uppáhaldsferð.

Harpa virðist líka vera alveg frábær tónleikastaður, þannig að við hlökkum vægast sagt mikið til,“ segir Mark.

Áhrifin alls staðar

Þegar Mark er spurður hvort upptöku og umhverfi tónlistarfólks hafi mikil áhrif á listsköpun þess, segist hann ekki útiloka það en hann telji sjóndeildarhringinn yfirleitt munu víðari. Honum finnist til dæmis tónlist þeirra félaga fyrst og fremst lituð af persónuleika þeirra og tónlistinni sem þeir hlustuðu sjálfir á í æsku.

„Það er samt ekki hægt að neita því að umhverfið hefur áhrif á tónlistarsköpunina. Þrír af okkur eru frá Vestur-Texas og ég man skýrt eftir því að eitt af okkar fyrstu lögum snerist um landslagið, umhverfið og sólsetrið þar. Síðar fluttum við til Austin og vorum svo heppnir að vera í návígi við bönd á borð við American Analog Set og ...And You Will Know Us By the Trail of the Dead.

Við hljómum svo sem ekkert eins og þau bönd, en tónlist þeirra og vinátta við meðlimina veitti okkur innblástur. Það hefur margt breyst síðan þá og nú lifir fólk að miklu leyti á internetinu. Fólk fær því oft innblástur frá einhverju sem er ekki endilega í nánasta umhverfi þess. En ég held að það sé eitthvað til í því að umhverfið hafi mikil áhrif á listina, án þess að maður átti sig sjálfur á því. Menningin í kringum þig, fólkið sem þú hittir, mannmergð borganna og landslagið,“ segir Mark.

Miða á tónleika sveitarinnar er hægt að nálgast á tix.is.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/ SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*



90% ÍSLENDINGA
ERU TILBÚNIR Í FREKARI AÐGERÐIR TIL VERNDAR NÁTTÚRU

Umhverfiskönnun Gallup 2020

Við hjá Gallup þökkum landsmönnum fyrir góða þátttöku í Umhverfiskönnun 2020. Heildarniðurstöður könnunarinnar og öll erindi frá Umhverfisráðstefnu Gallup eru öllum aðgengilegar á www.gallup.is. Takk fyrir okkur!

Á Umhverfisráðstefnu Gallup sem haldin var 19. febrúar síðastliðinn var fjallað um niðurstöður Umhverfiskönnunarinnar, en í henni voru könnuð viðhorf og hegðun Íslendinga í tengslum við umhverfismál og loftslagsbreytingar.

Gallup færir samstarfsaðilum sínum bestu þakkir.

Icelandair Hotels

KRÓNAN

Reykjavíkurborg

Arion banki – fyrir framtíðina

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

UMHVERFIS STOFNUN

Landsvirkjun

GALLUP

BYKO

Komdu og gramsaðu!

MARKAÐS-DAGAR

Við bætum við nýjum vörum daglega á stórlækkuðu verði.

Gerðu frábær kaup!

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Tilboðsverð

Járnhillur

180x100x30cm, 5 hillur.

5.000

38910114

Almennt verð: 6.295

20%



NAPOLEON

Tilboðsverð

Ferðagasgrill

TravelQ 285X með vagni. 4.1 kW

41.000

506600012

Almennt verð: 59.995

32%



Einhell®

50%

Tilboðsverð

Sláttuvél

GC-PM 46/3, 2000W bensínvél.

35.000

748300653

Almennt verð: 69.995





GROHE

Pure Freude an Wasser

36%

Tilboðsverð

Blöndunartæki

Lineare einnar handar handlaugartæki, GROHE StarLight® króm áferð.

18.000

15323106

Almennt verð: 27.995

19%

Tilboðsverð

Áltrappa

2 þrep.

3.500

50170182

Almennt verð: 4.315



Tilboðsverð

PYREX®

Grillpanna

Viðloðunarfrí grillpanna, 28cm. Ryðfrítt stál.

4.000

41114847

Almennt verð: 6.595

39%



BOSCH

Invented for life

Tilboðsverð

Rafhlöðuborvél

Easy 1200 2 x 1,5Ah

15.000

74864070

Almennt verð: 18.895

21%



BOSCH

Invented for life

Tilboðsverð

Multisög

PMF 220 CF

15.000

74862194

Almennt verð: 21.995

32%



BOSCH

Invented for life

Tilboðsverð

Háþrýstidæla

Aquatak 150 bör.

60.000

74810250

Almennt verð: 78.745

24%



Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land



HEILDSTÆÐ
HÖNNUN

Komdu og hittu Gísla í BYKO Breidd laugardag og sunnudag milli 13 og 16 þar sem hann kynnir þjónustuna fyrir viðskiptavinum

Ný þjónusta

Ertu á leið í framkvæmdir?

Framkvæmdaráðgjöf fyrir einstaklinga

Í samstarfi við **Gísla Álfgeirsson** hjá Heildstæðri Hönnun getum við verið þér innan handa frá upphafi framkvæmda og auðveldað þér þannig lífið.

Gísli veitir alhliða ráðgjöf til einstaklinga varðandi allt sem þarf að hafa í huga í framkvæmdum, t.d. hvort ný eldhúsinnrétting kalli á frekari breytingar, hvaða iðnaðarmenn þurfi að koma að verkinu, hversu langan tíma framkvæmdin gæti tekið eða hver mögulegur kostnaður gæti orðið?

Heildstæð Hönnun er framsækið hönnunar- og ráðgjafafyrirtæki sem hefur úr að ráða arkitekta og hönnuði til hverslags bygginga.

Engin verk of stór eða lítil

Allar nánari upplýsingar og skráning á:
www.byko.is/framkvaemdaradgjof

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Ánægðustu viðskiptavinirnir þriðja árið í röð!*

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017, 2018 og 2019 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.



Takk aftur!

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg. ehf **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Fræði fyrir forvitna



Hvað ætlar þú að lesa næst?

BÓKAMARKAÐURINN

LAUGARDALSVELLI · OPIÐ KL. 10-21 ÖLL KVÖLD

BAKÞANKAR



Óttars Guðmundssonar

Hamfarablæti

Mannkynið hefur um aldir búið sig undir eigin endalok. Gamla testamentið segir fyrir um Nóaflóðið. Norrænir menn bjuggust við ragnarökum. Þekktasti spákarl Íslendinga, Jón Krukkur, spáði fyrir ótrúlegum hörmungum í Krukksspá sinni endur fyrir löngu.

Heimsendaspámenn hafa þó aldrei verið fyrirferðarmeiri en nú. Þeir hafa lagt undir sig alla fjöl- og netmiðla og endurtaka í sífellu að heimur sé á helvegi. Ógnir mannkyns hafa aldrei verið fleiri, nýr inflúensufaraldur, hamfarahlýnun og bráðnun jökla, væntanlegt eldgos við Grindavík og endurtekin mannskaðaveður á þorra.

Framtíðarmynd komandi kynslóða er næsta dapurleg. Landlægur inflúensufaraldur veldur því að annar hver maður er hóstandi og hinn í öndunarvél. Landið sekkur í sæ vegna hlýnunar jarðar. Viðvarandi jarðeldar og/eða óveður ríkja á Reykjanesskaga. Möguleikarnir eru endalausir og fréttaflutningur er eins og framtíðarskáldsaga. Brottflutningur íbúa Grindavíkur er skipulagður með tilheyrandi viðtölum við alvöruþrungna embættismenn. Nýju flensunni er lýst eins og íþróttakappleik þar sem fjöldi sýktra og dáinna er tíundaður daglega eins og hálfleikstölur í fótbolta.

Þetta hamfarablæti er orðið þreytandi. Menn sjá dauða og djöful í öllum hornum. Neikvæðnin er orðin að trúarbrögðum. Þeir sem ekki vilja taka þátt í þessu svartagallsrausi eru úthrópaðir sem afneitunarsinnar. Þótt 100 þúsund manns hafi sýkst af nýju flensunni þýðir það að tæplega átta milljarðar jarðarbúa eru ósýktir.

Er ekki mál að linni og menn hætti að láta ímyndunaraflið hlaupa með sig í gönur? Krukkur spáði því að Dómkirkjan mundi sökkva ef ákveðinn fjöldi presta stæði skrýddur fyrir altari ásamt biskup. Það gerðist ekki mörgum til undrunar. Heimurinn stendur enn þótt Jón Krukkur og sálufélagar hans hafi fyrir löngu afskrifað hann.





© Inter IKEA Systems B.V. 2020



Nýtt **VÄLDOFT** ilmkerti í glasi **295,-**



Nýtt **VANLIGEN** vasi/kanna **2.490,-**



Nýtt **LASSBYN** speglar **1.990,-/2 í pk.**



Nýtt **DAGLIGEN** kubbakerti **245,-/stk.**



Nýtt **VIGDIS** púðaver **1.190,-**

Skrautleg tilbreyting

Það er oft gott að breyta örlítið til á heimilinu. Hlutirnir þurfa ekki að vera stórir í sniðum, stundum er nóg að skipta út púðum, bæta við nýjum vasa eða hengja eina nýja mynd á vegginn og eins og hendi væri veifað er heimilið orðið eins og nýtt – svona næstum því. Úrvalið af fallegum skrautmunum er afskaplega fjölbreytt hjá okkur. Kíktu við, það er þess virði.



Nýtt **LERBODA** rammi **695,-**



Nýtt **VANLIGEN** blómavasi **1.290,-**






SPRÄNGÖRT púði **1.690,-**

SANELA púðaver **645,-**

TYVELSE motta B133×L195cm **9.990,-**



Nýtt **PJÄTTERYD** mynd **2.690,-/2 í pk.**

Nýtt **HANDSKALAD** skraut **1.590,-**



Nýtt **INVÄNDIG** gerviblóm í kúpli **795,-**

INGABRITTA teppi **3.990,-**





Nýtt **KLOKHET** kerti **495,-/8 í pk.**



KAFFEBÖNA blómapottur 9cm **595,-**

KRYDDPEPPAR plöntustandur **2.990,-**

Febrúartilboði lýkur um helgina!
Nýir réttir marsmánaðar koma í sölu 2. mars.

Lambaskanki og meðlæti **1.095,-**



Hakkabuff og meðlæti **995,-**



Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - **IKEA.is**

IKEA